

Krakkarnir í Djúpu lauginni:

*Furðulega lík*

• sumar • matur • tíska

Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶



Guðlaugur Þór Þórðarson:

*Veiðir og matreiðir hreindýr*

• matur • tilboð

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

**Ferskleiki og gæði** íslenskrar matvöru gerir hana að úrvals kosti fyrir heimilin í landinu.






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. apríl 2005 – 100. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FÖSTUDAGUR**



**RÁN Í SKARTGRIPAVERSLUN** Fíkniefnaneytandi réðst á Láru Magnúsdóttur gullsmið og rændi skartgripaverslun hennar við Skólavörðustíg. Lára marðist illa á baki og stokkbólgnaði eftir árásina. **Sjá síðu 2**

**NÝTT INNFLYTJENDARÁÐ** Stefnt er að því að stofna innflytjendaráð til að sinna brýnum málefnum innflytjenda og bera ábyrgð á móttöku flóttamanna. **Sjá síðu 4**

**VILL SKÝRAR REGLUR** Verkalýðshreyfingin krefst þess af stjórnvöldum að erlendar starfsmannaleigur verði viðurkenndar hér á landi og settar verði skýrar reglur um þær. **Sjá síðu 6**

**SELT FYRIR ÁTTA MILLJARÐA** Fjárfestingarbankinn Straumur seldi í gær um 38 prósenta eignarhlut sinn í Tryggingamiðstöðinni fyrir átta milljarða króna. Sund ehf. keypti stærsta hlutann. **Sjá síðu 16**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SUÐLÆGAR ÁTTIR UM HELGINA OG VINDASAMT** Rigning víða sunnan og vestanlands. Hiti 0-8 stig. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ROBINSON MEÐ ERINDI** Í tengslum við 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur fer fram ráðstefna undir heitinu Samræður menningarheima. Á meðal fyrirlesara í dag er Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands. Hún flytur erindi klukkan 13 í Háskólabíói.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |







# Fjörutíu án ríkisfangs

**Rúmlega 40 einstaklingar sem eru með lögheimili hér á landi eru hvergi með ríkisfang. Einkum er um að ræða svokallaða kvótaflóttamenn og fólk frá Eystrasaltsríkjunum. Þá eru átta manns á svonefndri utangarðsskrá, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.**

**FÉLAGSMÁL** Rúmlega 40 einstaklingar eru skráðir með lögheimili hér á landi en eru án ríkisfangs, með öðrum orðum landlausir. Á svonefndri utangarðsskrá eru átta manns. Þessar upplýsingar fengust á Hagstofu Íslands.

Guðni Baldursson hjá Þjóðskrá Hagstofunnar sagði að munurinn á þessu tvennu væri sá að á utangarðsskránni væri fólk sem væri hér til bráðabirgða, en hefði ekki dvalarleyfi. Í sumum tilvikum væru menn að bíða eftir því að komast inn á þjóðskrá. Þetta fólk væri án ríkisfangs í öðrum löndum. Hinir fyrrnefndu hefðu landvistarleyfi og öll önnur leyfi í lagi.

Ekkert hefur gerst í málefnum Aslans Gilaevs, mannsins sem kom skilríkjalaus hingað fyrir um það bil fimm árum og Fréttablaðið ræddi við fyrir skömmu. Dvalarleyfi hans, sem er til bráðabirgða, rennur út 1. ágúst. Alþjóðadeild lögreglunnar hefur grafist fyrir um uppruna mannsins en hefur enn ekkert fundið sem getur gefið vísbendingu um hvaðan hann er. Hans mál hefur því nokkra sérstöðu hvað varðar ríkisfang.

Jóhann Jóhannsson hjá Útlendingastofnun sagði að skipta mætti hinum ríkisfangslausu í þrjá flokka. Hluti þeirra væri svokallaðir kvótaflóttamenn sem þurfa að dvelja hér í fimm ár áður en þeir fá ríkisfang hér, ef þeir óska eftir því að annað borð.

„Síðan er eitthvað af fólki sem hefur verið heimilað að koma hingað, til að mynda í fjölskyldusameiningu,“ sagði Jóhann. „Það hefur áður verið flóttafólk sem hefur fengið búsetuleyfi hér þótt það sé ríkisfangslaust. Þá er hópur ríkisfangslausra frá Eystrasaltsríkjunum sem hafa fengið að koma hingað. Það fólk hefur ekki fengið ríkisborgararétt í þessum löndum. Dæmi um ástæður þess má nefna Rússa sem lokuðust inni í baltnesku löndunum þegar Sovétríkin liðuðust í sundur, en þeir fengu ekki ríkisfang í nýju ríkjunum.“ Spurður hvað yrði um hina ríkisfangslausu hér á landi sagði Jóhann að flestir yrðu um kyrrt og fengju ríkisborgararétt, aðrir færu aftur úr landi.

-jss



**ASLAN GILAEVS**
Einn af rúmlega fjörutíu manns sem eru ríkisfangslausir hér á landi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KALT Á TÁNUM** Vorið er á næsta leiti. Það mátti berlega sjá við Elliðaárnar í gær þar sem þeir Gunnar Reynir, Arnar Örn, Guðjón Helgi og Þorsteinn Jón óðu berfættir og lítið klæddir á ánni. Þeim var töluvert kalt en var þó alveg sama þótt þeir yrðu veikir því að þá myndu þeir ekki þurfa að fara í skólann daginn eftir. Sögðu þeir húsverðina í skólanum sínum allt of stranga því þeir leyfi strákunum ekki að fara í hana- og riddaraslag.

Afmæli fyrrverandi forseta:

# Vigdís 75 ára

**TÍMAMÓT** Vigdís Finnbogadóttir er 75 ára í dag. Í viðtali við Fréttablaðið segist hún vona að sem forseti hafi hún aldrei verið á stalli, því henni þyki svo vænt um fólk.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR**

„Ég óskaði þess að fólk fyndi það vinsamlega í mér, en ekki hið gagnstæða,“ segir Vigdís. „Ég var bara ein af okkur, ósköp venjuleg manneskja sem af tilviljun var valin í þetta starf. Vinur þeirra sem vildu vera vinir mínir. Reiðubúin að halda undir horn og lyfta með átökum, því ég er í eðli mínu dráttarklár, tilbúin að draga eða ýta á eftir málefnum og verkum.“ **Sjá síður 28 og 29**

Uppreisnarsamtök taka höndum saman:

# Ófriðarbálið í Írak magnast á ný

**BAGDAD, AP** Átján manns biðu bana og 36 særðust þegar tvær bílsprengjur sprungu nálægt skrifstofum innanríkisráðuneytisins í Bagdad í gærmorgun. Al-Kaída í Írak kveðst bera ábyrgð á tilræðunum.

Eftir fremur friðsælt skeið í Írak að undanförnu hefur síðasta vika verið óvenju ofbeldisfull. Á þriðjudaginn fórust fimm í tilræði í Mosul og í fyrradag týndu sautján lífi í sprengingum í Bagdad og Kirkuk. Fylgismenn al-Kaída í Írak virðast vera að færa sig upp á skaftið því auk árásarinnar í gær segjast þeir ábyrgir fyrir tilræðunum á miðvikudag. Í yfirlýsingu á netinu segir Abu Musab al-Zarqawi, talsmaður þeirra, að sprengjunum sé beint gegn lögreglumönnum í landinu.



MYND/AP

**ÖFLUGAR SPRENGJUR**
Bandarískir hermenn sprengdu bíl í gær sem þeir höfðu fundið fullan af sprengiefni.

Bandarískir hermenn fundu bíl í Bagdad í gær með ósprungnum sprengjum og sprengdu þeir bílinn á öruggum stað.

Í borginni Baqouba skutu uppreisnarmenn lögregluþjón og nærri Kirkuk voru sex lögregluþjónar stráfelldir af byssumönnum. Skæruliðasamtökin Ansar al-Sunnah stóðu á bak við þær árásir en í yfirlýsingu sinni í gær kveðast þau hafa hafið samstarf við liðsmenn al-Kaída í Írak. ■






## SPURNING DAGSINS

*Bergur, má ekki reykja þessar kanínur og bjóða gestum á Þjóðhátíð?*

**Við viljum heldur reykja lundann. Að sjálfsögðu þykir okkur vænt um kanínur en við myndum heldur vilja sjá þær annars staðar.**

Bergur Elías Ágústsson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Villtar kanínur eru orðnar alvarlegt vandamál í Heimaey þar sem þeim fjölgar ört. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa sent umhverfisráðuneytinu bréf og óskað er eftir aðstoð við að halda fjölda þeirra í skefjum. Kanínurnar eru það margar að lundanum stendur hætta af.

Par undir áhrifum fíkniefna:

# Rændu verslun og réðust á gullsmið

**LÖGREGLUMÁL** Par undir áhrifum fíkniefna lét dólgslega í Gullsmíðaverslun og verkstæði Láru við Skólavörðustíg síðdegis í gær.

Maðurinn stal tíu stórum silfurhringjum eftir að hafa hrint gullsmiðnum Láru Magnúsdóttur sem féll og marðist við það illa á baki og stokkbólgnaði á hendi. Lögreglan yfirheyrði par í gærkvöld sem hafði ekki játað.

Lára var að afgreiða konu þegar parið gekk inn og krafðist þess að fá demantsgullhring. Lára skipaði parinu að fara út.

„Þegar ég gekk fram fyrir búðarborðið varð maðurinn illur. Hann hrinti mér allharkalega þannig að ég steyptist aftur fyrir mig,“ segir Lára sem undrast að parið skuli ekki hafa látið ferðamenn sem stóðu fyrir utan verslunina eða konuna inni stoppa sig.

Lára segir manninn hafa tryllst er honum var sagt að loka sýningarskáp sem hann opnaði. „Hann skellti hurðinni þannig að tvær rúður brotnuðu og náði þá að hrifsa til sín tíu hringi,“ segir Lára. Ferðamennirnir fyrir utan náðu niður númerinu á bíl parsins og afhentu það lögreglu.

- gag



LÁRA MAGNÚSDÓTTIR
Hér er Lára fyrr um daginn og fyrir ránið. Hún fagnar þessa dagana þrjátíu ára afmæli verslunarinnar.

Bláskógabyggð:

# Sumarhús líka heimili

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur úrskurðaði í gær að fimm manna fjölskylda mætti skrá lögheimili sitt í sumarhús í Bláskógabyggð.

Fjölskyldan flutti í febrúar 2004 í húsið í óþökk sveitarfélagsins þar sem forsvarsmönnum þess þótti of kostnaðarsamt að veita þeim sem það kysu lögbundna þjónustu.

Einn dómaranna fimm skilaði séráliti. Fjölskyldan hafi óskað eftir að byggja sumarhús en ekki heimili. Málið hafi því ekki snúist um hvort fólk mætti ráða hvar það byggi eiss og meirihlutinn taldi.

- gag

# Kort afrituð og seld á markaði

**Óprúttnir þjófar nota sérstakan búnað til að afrita segulrönd og leyninúmer korta sem notuð eru í hraðbönkum. Þetta þekkist erlendis en hefur ekki fundið fótfestu á hér. Íslenskir ferðamenn hafa þó ekki farið varhluta af slíku svindli.**

**KORTASVINDL** Kortasvindl er víðfeðmt vandamál sem þekkist alls staðar í heiminum, segir Jón H. B. Snorrason hjá Ríkislögreglustjóra. Hann segir ýmsar aðferðir notaðar til að afrita kort.

Til dæmis stundi sumir það að vaka yfir hraðbönkum með myndavélum auk þess sem komið er upp tækjum sem líkist hraðbönkum en séu einvörðungu ætluð til að safna upplýsingum af segulrönd og leyninúmerum, sem síðan eru notuð til að búa til nýtt kort. Slík tækni segir Jón að hafi ekki rutt sér til rúms hjá íslenskum afbrotamönnum. Hins vegar hafi íslenskir ferðamenn orðið fyrir barðinu á slíku á ferðalögum.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá íslenskum hjónum sem urðu fyrir því að debetkort þeirra voru afrituð í hraðbanka á Ítalíu þar sem þau voru í skíðaferðalagi. Þegar það kom í ljós höfðu um 550 þúsund krónur horfið af reikningum þeirra.

Erfitt er fyrir fólk að vara sig á slíkum kortasvikum. Oft á tíðum notar fólk hraðbanka í bestu trú án þess að gera sér grein fyrir að verið sé að afrita kortið. Þórður Jónsson, sviðsstjóri kortaútgáfu Vísa, bendir fólki á að í hvert sinn sem hraðbanki hegði sér á einhvern hátt óeðlilega erlendis, eigi fólk hiklaust að hafa samband við kortafyrirtæki sitt og leita ráða.

Bergþóra Ketilsdóttir, forstöðumaður upplýsingatækni hjá Mastercard, segir ýmislegt gert til að stöðva misnotkun. Til dæmis sé vöktunarkerfi sem vari við ef kort er notað sama dag á Íslandi og erlendis. Þá sé hringt í fólk þegar óeðlilegar færslur komi í ljós.

Þórður segir upprunalönd hinna fölsuðu korta í mörgum tilfellum vera Bretland, Þýskaland og lönd í Suður-Evrópu. Hins vegar séu þau síðar notuð í öðrum löndum. Jón H. B. bendir á að breskur maður hafi verið handtekinn hér á landi og dæmdur fyrir að hafa undir höndum fölsuð kort frá Þýskalandi, Svíþjóð og Ástralíu.

solveig@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KORTASVIK
Erfitt er að átta sig á kortasvikum. Ferðamönnum er bent á að hafa samband við kortafyrirtæki sín ef hraðbankar erlendis hegða sér á einhvern hátt óeðlilega.

## Örgjörvakort á markað

Örgjörvakort munu líta dagsins ljós á þessu ári í stað venjubundinna korta með segulrönd.




Þetta er gert til að stemma stigu við kortasvindli af ýmsum toga en mun erfiðara verður að afrita kubbinn, að sögn Bergþóru Ketilsdóttur forstöðumanns upplýsingatækni hjá Mastercard. Segulröndin verður áfram á kortinu fyrir gamla kerfið en stefnan er að skipta út öllum búnaði í bönkum, posum og hugbúnaði kassakerfa í búðum. ■

Samfylkingin:

# Ágúst Ólafur í framboð

**STJÓRNMÁL** Ágúst Ólafur Ágústsson mun formlega tilkynna í dag að hann muni gefa kost á sér sem varaformaður Samfylkingar á næsta landsfundi.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Fyrr í vikunni hvatti framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar, Ágúst Ólaf til að bjóða sig fram og hafði hann þá ekki gert það upp við sig hvort hann ætlaði í framboð, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hann hafi hringt í vel flesta, ef ekki alla þingmenn Samfylkingar í gær til að afla sér stuðnings í varaformannsembættið.

Útvarpið sagði frá því í gær að ið skorað hefði verið á Jóhönnu Sigurðardóttur að bjóða sig einnig fram.

- ss

Óskað eftir gæsluvarðhaldi:

# Þrír teknir með hass

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn á aldrinum 19 til 25 ára voru handteknir við Blönduós með 300 grömm af hassi í fórum sínum. Þeir gista fangageymslur og hefur lögreglan óskað eftir því að þeir verði settir í gæsluvarðhald.

Daníel Snorrason, lögreglufulltrúi á Akureyri, segir eldri mennina tvo áður hafa komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála, líkamsárása, hótana og fleiri afbrota. Hassmagnið er eitt það mesta sem lögreglan á Akureyri, í samvinnu við lögregluna á Blönduósi, hefur lagt hald á. Talið er að söluverðmætið sé á milli 800 til 900 þúsund krónur.

- gag

Ný samgönguáætlun:

# Skiptir fénu upp á nýtt

**STJÓRNMÁL** Gunnar I. Birgisson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður bæjarráðs í Kópavogi, hyggst fljótlega birta nýja samgönguáætlun sér að skapi.



GUNNAR I. BIRGISSON
Gagnrýndi samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar á Alþingi á dögunum.

„Ég tel að fjármagni til vegamála á Íslandi sé misskipt. Það er of lítið af þeim fjármunum sem fara til höfuðborgarsvæðisins,“ segir hann.

Gunnar segir að hann eigi ekki von á öðru en að samgönguáætlun hans hljóti stuðning, en hann vill ekki greina frá því hvaða breytingar hann geri í nýju áætluninni frá þeirri opinberu: „Það kemur í ljós.“ - gag

Danadrottning:

# Varar við öfgamönnum

**DANMÖRK** Margrét Þórhildur Danadrottning segir í nýútkominni ævisögu sinni að Danir verði að sporna við uppgangi heittrúaðra múslima í landinu. Jafnframt hvetur hún innflytjendur af arabísku bergi brotnu að læra dönsku til að einangrast ekki frá samfélaginu.

Blaðakonan Anne Blistrup skrifar bókina með Margréti en þar er drottningin ómyrk í máli í garð innflytjenda. Hún er sögð hafa vanþóknun á „þessu fólki sem lætur allt sitt líf snúast um trúarbrögð“.

150.000 múslimar búa í Danmörku, þeir eru um þrjú prósent þjóðarinnar. ■

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Dregið um lóðir í Lambaseli:

# Númerin dregin úr kökuboxi

**REYKJAVÍK** Dregið var úr umsóknum um 30 lóðir í Lambaseli hjá Sýslumanninum í Reykjavík í gær. Þrjátíu númer umsækjenda voru dregin úr kökuboxi með 5.665 númerum og einnig voru dregin út 20 númer til vara. Númerin átti að birta á vef Reykjavíkurborgar í gær.

Haft var samband við lukkulega lóðarhafa í gærkvöld og svo verður haft samband við þá síðustu í dag og þeim tilkynnt um úthlutunina eða stað á lista yfir varamenn. Umsækjendur verða beðnir um að sækja bréf um úthlutunina í dag og á næstunni verða þeir svo að skila inn gögnum.

Lóðarhafar þurfa að fá staðfestingu um að þeir séu ekki í vanskilum, skila greiðslumati upp á 25 milljónir frá banka og vottorði úr þjóðskrá um að þeir hafi átt lögheimili í Reykjavík í eitt ár.

Þegar úthlutunin hefur verið samþykkt í borgarráði þá þurfa þeir að greiða fyrir lóðina, 3,5 milljónir fyrir þá minni og 4,6 milljónir fyrir þá stærri innan mánaðar frá dagsetningu úthlutunarbréfs.

Lóðarhafi getur ekki fengið lóðarleigusamning fyrr en lokaúttekt hefur farið fram.

- ghs



DREGIÐ ÚR UMSÓKNUM
Vagnbjörg Magnúsdóttir og Ágúst Jónsson, starfsmenn framkvæmdasviðs, mættu með kökubox og númer umsækjenda.

Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér

www.icelandexpress.is



# NÁIÐ FLUGSAMBAND

**BARCELONA, BÚDAPEST, EDINBORG, NICE, OSLÓ, PARÍS, PRAG, RÓM OG STOKKHÓLMUR**

## 2500 FRAMHALDSFLUGSÆTI Á 2500*KR!

* Aðra leið með sköttum og gjöldum.

**Sterling.dk**

Í tilefni af samstarfi Iceland Express og flugfélagsins Sterling bjóðum við farþegum okkar upp á framhaldsflug frá Kaupmannahöfn til níu spennandi borga í Evrópu fyrir aðeins 2.500 kr., aðra leið með sköttum og gjöldum. Í boði eru ferðir báðar leiðir á völdum dagsetningum.

### Hvað erum við að tala um?

Skelltu þér á icelandexpress.is og skoðaðu hvaða dagsetningar eru í boði milli 15. apríl og 31. maí. Svo hringir þú í síma 5 500 600 og pantar flug með okkur til og frá Köben. Þaðan flýgurðu með Sterling til þinnar draumaborgar fyrir aðeins 2.500 kr. Ef þú þarft að vera yfir nótt í Kaupmannahöfn þá hjálpa þjónustufulltrúar okkar þér að finna góð hótel á góðu verði jafnt í Köben sem og á öðrum áfangastöðum.

### Engin bókunargjöld

Aðeins er hægt að bóka þetta tilboð í síma 5 500 600 um leið og bókuð er ferð til Kaupmannahafnar með Iceland Express. Þjónustuverið verður opið til kl. 19 í kvöld og á morgun.

ENGIN BÓKUNARGJÖLD!
**OPIÐ**
FRÁ KL. 9 - 19
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

**Verð frá: 7.995 kr.***

**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

**Munið frítt í fríið leikinn á icelandexpress.is**

**FÓTBOLTI**
Chelsea í undanúrslitum 27. apríl
**Verð frá 64.900 kr.**

**FORMÚLA**
Nurburgring formúlan 29. maí
**Verð frá 69.900 kr.**

**TÓNLEIKAR**
U2 tónleikar í London 18. júní
**Verð frá 62.900 kr.**

**GOLF**
Úrvalsvellir í Englandi apríl og maí
**Verð frá 47.900 kr.**

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

Fiton/SÍA

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 14.04.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,10 | 63,40 |
| Sterlingspund | GBP | 118,92 | 119,50 |
| Evra | EUR | 80,92 | 81,38 |
| Dönsk króna | DKK | 10,86 | 10,92 |
| Norsk króna | NOK | 9,83 | 9,88 |
| Sænsk króna | SEK | 8,83 | 8,88 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,82 | 95,38 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,81 -0,33%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Japanskur þingmaður um milliríkjadeiluna við Kínverja:

# Ágreiningur verður leystur

**JAPAN** Japan og Kína eiga svo mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta, ekki síst eftir að þau nánu efnahagslegu tengsl komust á sem þróast hafa hratt á síðustu árum, að vart er annað hugsanlegt en að þau leysi þann ágreining sem gætir nú í samskiptum þessara mestu stórþjóða Asíu. Þetta segir japanski þingmaðurinn Shinako Tsuchiya, sem á sæti í utanríkismálanefnd Japansþings og er formaður stefnumótunarnefndar japanska stjórnarflokksins LDP í utanríkismálum.

Tsuchiya var meðal ræðumanna á málþinginu „Samræður menningarheima“, sem haldið er til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur. Á fyrirlestrinum sem Tsuchiya flutti í Háskóla Íslands í gær talaði hún um stöðu kvenna í Japan nútímans. Rakti hún meðal annars það hvernig lýðfræðileg þróun japansks samfélags kallaði á aukna atvinnuþátttöku kvenna. Eftirspurn eftir vinnuafli í Japan eigi eftir að aukast þegar fámennari árgangar verða kjarninn í vinnuaflinu. Þessari eftirspurn verði ekki einvörðungu svarað með innflutningi vinnuafls, heldur kalli hún á að fleiri konur vinni úti. Eins og er sé hlutfall útivinnandi kvenna í Japan tiltölulega lágt í samanburði við önnur þróuð lönd, eb sú hefð að giftar konur vinni heima en karlinn úti sé að víkja fyrir nýjum og sveigjanlegri háttum. **-aa**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VIGDÍS OG TSUCHIYA**
Japanski þingmaðurinn Shinako Tsuchiya ásamt Vigdísi Finnbogadóttur á málþinginu í Háskóla Íslands í gær.

Samkynhneigðir:

# Hjónabönd dæmd ógild

**SALEM, AP** Hæstiréttur Oregon-ríkis í Bandaríkjunum hefur ógilt næstum 3.000 hjónabönd samkynhneigðra.

Síðastliðið ár hafa hommar og lesbíur í Oregon getað látið gefa sig saman í einni sýslu ríkisins þrátt fyrir að lög þess kveði á um að hjónabönd gagnkynhneigðra séu þau einu leyfilegu. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sýslunni væri ekki stætt á að gefa samkynhneigða saman. ■

Samfylkingin:

# Vítum mótmælt

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingar hefur sent forsætisnefnd Alþingis bréf, þar sem því er harðlega mótmælt að orð Lúðvíks Bergvinssonar hafi verið af því tagi að hann hafi átt það skilið að vera víttur af forseta Alþingis á miðvikudag.

Telur þingflokkurinn að ekki verði séð að ákvæði þingskapa þar sem kveðið er á um þingvíti hafi átt við. Í þeirri grein þingskapa segir: „Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu skal forseti kalla til hans; „Þetta er vítavert,“ og nefna þau ummæli sem hann vítir.“

Orð Lúðvíks sem þóttu vítaverð voru; „Forseti, ég hef orðið.“

-ss

## BANDARÍKIN

**FÓRNAÐI SÉR FYRIR EIGANDANN** Hundurinn Bob sýndi það í vikunni að þessir ferfætlingar eru bestu vinir mannsins. Cindy Hernandez, íbúi í Flórída, lenti næstum í gini krókódíls en Bob réðist að kvikindinu þannig að Hernandez tókst að sleppa. Því miður hafnaði Bob sjálfur í skolti ófreskjunnar.

# Stjórnvöld stofna innflytjendaráð

**Stefnt verður að því að stofna innflytjendaráð til að sinna brýnum málefnum innflytjenda og bera ábyrgð á móttöku flóttamanna. Ráðið mun heyra undir félagsmálaráðuneyti, en vera skipað fulltrúum fjögurra ráðuneyta og Sambands sveitarfélaga.**

**STJÓRNMÁL** Stefnt verður að því að stofna innflytjendaráð, tilraunaverkefni til fimm ára, sem mun sinna málefnum innflytjenda og bera ábyrgð á flóttamannamóttöku. Þetta kom fram í máli Árna Magnússonar félagsmálaráðherra í utandagskrárumræðu um kynþáttafordóma og aðgerðir gegn þeim í gær. Gert er ráð fyrir að slíkt ráð geri þjónustusamninga við þá sem best séu til þess fallnir að sinna brýnum verkefnum innflytjenda.

Þetta eru tillögur nefndar sem fjallað hefur um framkvæmd þjónustu við útlendinga sem skipuð var í fyrrasumar. Hún skilaði af sér tillögum og drögum af endanlegri skýrslu til félagsmálaráðherra í gær.

Árni segir að næsta mál á dagskrá sé að gera grein fyrir tillögunni í ríkisstjórn í næstu viku. Í framhaldi verður kostnaður við innflytjendaráðið metið og athugað hvort þurfi einhverjar lagabreytingar. Hann vonar að tillögurnar komi til framkvæmda strax á næsta ári.

Lagt verður til að innflytjendaráð muni heyra undir félagsmálaráðuneytið, en verði skipað fulltrúm félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands sveitarfélaga. Eftir nokkrar umræður á þingi tók Árni einnig jákvætt í þá hugmynd að fulltrúi innflytjenda muni sitja í innflytjendaráði.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir að honum lítist vel á hugmyndina við fyrstu heyrn.

„Þetta er fyrsta heilsteypta hugmyndin um stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Nú bíð ég bara eftir að einhverjar krónur komi til að fylgja þessu eftir.“ Hann segir boltann nú vera hjá menntamálaráðherra til að gera eitthvað róttækt í íslenskukennslu og að byggja upp fordómafræðslu á öllum fræðslustigum. svanborg@frettabladid.is

**VERKEFNI INNFLYTJENDARÁÐS:**

– að tryggja þeim sem hér hafa atvinnu- og dvalarleyfi leiðsögn um íslenskt samfélag.
– að afla og halda utan um tölfræðileg verkefni á sviði innflytjendamála.
– að samræma miðlun nauðsynlegra upplýsinga til útlendinga á Íslandi.
– að gera áætlun um túlkaþjónustu.
– að sinna þjónustu við sveitarfélög.
– að beita sér fyrir rannsóknum og þróunarstarfi á högum og aðlögun innflytjenda.



**ÁRNI MAGNÚSSON**
Félagsmálaráðherra upplýsti á Alþingi í gær að stefnt verði að stofnun innflytjendaráðs sem muni sinna málefnum innflytjenda

Rassía:

# Tíu þúsund bófar teknir

**BANDARÍKIN** Á aðeins einni viku hafa lögreglusveitir um gervöll Bandaríkin klófest 10.340 glæpamenn sem eftirlýstir voru fyrir margvísleg brot. Að sögn CNN eru 162 grunaðir eða dæmdir morðingjar þar á meðal, 553 nauðgarar og 638 menn grunaðir um vopnuð rán.

Sumir glæpamannanna höfðu strokið úr fangelsi en aðrir höfðu verið látnir lausir gegn tryggingu og ekki mætt til réttarhaldanna. Nokkrir þeirra eru taldir afar hættulegir og fannst einn í jarðhýsi undir eldhúsi ættingja sinna. ■

## LÖGREGLUMÁL

**SLYS Á VESTURLANDSVEGI** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni við Höfðabakkabrú í gærmorgun með þeim afleiðingum að hann ók út af veginum og lenti á undirstöðum brúarinnar. Kvartaði ökumaðurinn yfir eymslum.

**RANNSÓKN Á LOKASTIGI** Rannsókn lögreglu á Akranesi í máli bræðranna tveggja sem lenti saman með þeim afleiðingum að annar þeirra stakk hinn með hnífi er á lokastigi. Fara þarf fram geðmat á hnífstungumanninum og ákvörðun um framhald verður tekin að því loknu.

**BRUNI Í KEFLAVÍK** Slökkvilið var kallað að heimahúsi í Keflavík um hádegisbil í gær. Hafði þar kviknað lítill eldur í eldhúsi en slökkvistarf gekk greiðlega og skemmdir urðu litlar sem engar.

**KONA MEÐ OPIÐ BEINBROT** Ung kona hlaut opið beinbrot þegar hún féll af snjósleða á Lyngdalsheiði, á milli Þingvalla og Rauðavatns. Konan, sem er 25 ára, var með hópi á fimm vélsleðum. Hún féll af sleða og brotnaði fóturinn fyrir neðan hné. Hún var mjög kvalin og föl þegar þyrla Landhelgisgæslunnar kom á vettvang. Ekki er vitað meira um líðan konunnar þar sem hún var ekki komin á sjúkrahús þegar blaðið fór í prentun.


Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!




OPIÐ:
laugardag kl.12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is


## Veðrið

**Nú er sumarið handan við hornið!** Áttir verða suðlægar um helgina með vætu víða sunnan heiða en þurrviðri fyrir norðan. Hiti er víðast yfir frostmarki og ætti að verða á bilinu 0-8 gráður. Til viðbótar er útlit fyrir vindasama helgi, með strekkingsvindi og allhvössu veðri um tíma. Lítið spennandi til útivistar syðra, en heldur betra fyrir norðan. Til lengri tíma litið virðist sem hitinn sé óðum að mjakast upp á við enda eins gott, sumardagurinn fyrsti í næstu viku!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Allhvöss eða hvöss sunnanátt vestast á landinu, annars sunnan strekkingur.

### Sunnudagur




Stíf suðaustanátt - hugsanlega allhvöss.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C | skýjað | Edinborg | 10°C | léttskýjað | Osló | 7°C | rigning |
| London | 14°C | léttskýjað | Stokkhólmur | 9°C | skýjað | Prag | 19°C | sk.m.köflum |
| París | 13°C | léttskýjað | Barcelona | 15°C | léttskýjað | Milano | 15°C | léttskýjað |
| Budapest | 20°C | þrumur | Helsinki | 7°C | léttskýjað | Mallorca | 14°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Frábær tilboð




Frosið
**lambasúpukjöt**
frampartur sagaður í poka

**TILBOÐ**
**389** kr/kg.
Verð áður 638,-




Óðals
**ungnautahakk**

**TILBOÐ**
**699** kr/kg
Verð áður 1.198,-




**Jamie Oliver** mælir með kaldpressaðri Avocado olíunni




**Nýtt**
**í Hagkaupum**

**Olivado Extra Virgin Avacado Olían** er einstaklega góð sem salatsósa, sem dýfa fyrir brauð og matreiðsluolía.




**Hunt´s** tilbúnar pastasósur




**TILBOÐ**
**279** kr/pk.
Verð áður 349,-

**Goodfella´s Delicia** pizzur
- ekta ítalskar pizzur




**TILBOÐ**
**349** kr/kg
Merkt verð 699,-

Frosin **kjúklingalæri og leggir**
- frosnir í poka

Gildir til 17. apríl eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Eiga Íslendingar að biðjast afsökunar á framkomu stjórnvalda í garð gyðinga fyrir stríð?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt hjá Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, að víta Lúðvík Bergvinsson þingmann?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ:

# Allir stríða við sama vanda

**VINNUMARKAÐURINN** Öll lönd Norður-Evrópu eiga við svipaðan vanda að stríða á vinnumarkaði og Ísland hvað varðar flæði á ódýru erlendu vinnuafli framhjá lögum og reglum. Sumar þjóðirnar hafa gefist upp við að stemma stigu við þessu, til dæmis Belgar. Þetta segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambandsins.



HALLDÓR GRÖNVOLD

Á Norðurlöndunum og í Þýskalandi er hávær umræða um vinnuafl frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins sem streymir inn á vinnumarkaði og kröfur eru um að stjórnvöld setji skýrar reglur og reyni að stemma stigu við undirboðum, ólöglegu vinnuafli og auknu atvinnuleysi.

Halldór nefnir dæmi um landamærahéruð Þýskalands og Austurríkis og nýju aðildarríkjanna. Þar eykst stöðugt að starfsmönnum á innlendum vinnumarkaði er sagt upp, fyrirtækið jafnvel flutt til annars lands og fengið fólk frá nýju aðildarríkjum ESB sem kemur yfir landamærin til starfa á morgnana og fer til baka á kvöldin.

Atvinnuleysi og flæði á vinnuafli milli landa fylgir þjóðernishyggja og útlendingahatur. - ghs

**FARA DAGLEGA Á MILLI**
Danskt matvælafyrirtæki sagði upp öllu sínu danska starfsfólki og flutti starfsemi sína í landamærahéruð Þýskalands. Fyrirtækið fékk síðan starfsmenn frá Póllandi til Þýskalands. Starfsmennirnir komu með rútum á morgnana og fóru til baka á kvöldin.

**LENGDU VINNUTÍMANN**
Verkamenn í þýskum bílaverksmiðjum samþykktu ekki alls fyrir löngu að lengja vinnutíma sinn um klukkustund á viku til að halda vinnunni og koma í veg fyrir það að verksmiðjurnar væru fluttar austur fyrir.

Samtök atvinnulífsins:

# Neikvæð umræða

**VINNUMARKAÐURINN** Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að umræðan um erlent vinnuafl sé „ótrúlega neikvæð“ miðað við þær ofþensluaðstæður sem Íslendingar búi við. Erlenda vinnuaflið sé algjör forsenda þess að „Íslendingar eigi ekki eftir að upplifa ofþenslukollhnís með tilheyrandi kjarahruni“.

Ari segir að svört atvinnustarfsemi stafi ekki af ókunnugleika um lög og reglur í landinu. Gegn slíkri neðanjarðarstarfsemi sé eðlilegt að grípa til lögregluaðgerða og það sé nokkuð sem öllum ábyrgum aðilum finnist sjálfsagt.








VERKAMAÐUR AÐ STÖRFUM
Verkalýðshreyfingin krefst þess að stjórnvöld setji skýrar reglur um starfsmannaleigur.

# Undirboð skekkja samkeppnina

**Verkalýðshreyfingin krefst þess að erlendar starfsmannaleigur verði viðurkenndar hér og settar verði skýrar reglur um þær. Bæði til þess að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja skekkist ekki og til að ekki sé grafið undan kjarasamningum.**

**VINNUMARKAÐURINN** Átak verkalýðshreyfingarinnar gegn ráðningu íslenskra fyrirtækja á erlendum starfsmönnum án atvinnuleyfis og innflutningur á þeim á grundvelli þjónustusamninga snýst um það að leikreglur á íslenskum vinnumarkaði séu virtar. Þetta segir Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

Skúli segir að starfsumhverfi sé að breytast í íslensku atvinnulífi með tilkomu EES-samningsins og stækkun Evrópusambandsins. Framboð á vinnuafli sé miklu meira en áður og fari ekki minnkandi, frekar þvert á móti enda opnist vinnumarkaðurinn upp á gátt eftir eitt ár.



SKÚLI THORODDSEN.

„Íslenskir atvinnurekendur og verktakar geta flutt inn vinnuafl í gegnum starfsmannaleigur. Portúgalskar starfsmannaleigur heyra undir opinbert eftirlit í Portúgal. Starfsmannaleigur í baltnesku löndunum eru ekki undir neinu opinberu eftirliti, svo að við vitum til. Við höfum ekki hugmynd um á hvaða kjörum þetta fólk sem er að koma frá þeim löndum til Íslands. Þetta felur í sér undirboð á íslenskum vinnumarkaði og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Það er alveg ljóst,“ segir hann.

Verkalýðshreyfingin er ósátt við að atvinnurekendur ráði erlent starfsfólk án atvinnuleyfis og í gegnum þjónustusamninga framhjá kjarasamningum. Milliliður er þá kominn milli fyrirtækisins og starfsmannsins og starfsöryggi starfsmannsins verður ótryggt og ógegnsætt.

„Við höfum verið að krefjast þess af stjórnvöldum að settar séu reglur um þessar starfsmannaleigur þannig að þær verði viðurkenndar hér á landi. Við erum ekki að tala um að banna útlendingum að vinna á Íslandi, alls ekki. Í ljósi breyttra aðstæðna þurfum við að fá skýrar leikreglur til þess að samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna skekkist ekki.“

ghs@frettabladid.is

Skattrannsóknarstjóri:

## Skoða öll brot á skattalögum

**VINNUMARKAÐURINN** Jens Valsson, forstöðumaður hjá Skattrannsóknarstjóra, segir að embættið fari ekki í manngreinarálit í rannsóknum sínum og skoði ekkert frekar svarta atvinnustarfsemi útlendinga eða Íslendinga.

Oft fari saman að vinnuafl sé ólöglegt og hafi hvorki atvinnuleyfi né dvalarleyfi. „Auðvitað koma mál erlendra starfsmanna inn til okkar og við skoðum þá brot á skattalögunum,“ segir hann.

Von er á úrskurði yfirskattanefndar um skattskyldu launagreiðanda vegna starfsmanna frá starfsmannaleigum. - ghs






GT verktakar og Lettarnir:

## Neita alfarið sök

**EGILSSTAÐIR** Þingfesting var í máli tveggja Letta, GT verktaka og forsvarsmanns fyrirtækisins í Héraðsdómi Austurlands í gær. Málinu gegn verktakanum var frestað meðan verjandi aflar gagna eða til 20. apríl. Aðalmeðferð í málinu gegn Lettunum mun eiga sér stað 4. maí.

Óskað var eftir framlengingu á farbanni á hendur Lettunum og var það framlengt þar til dómur gengur eða ekki lengur en til 13. maí. Lettarnir höfðu áður verið úrskurðaðir í farbann til 29. apríl.

Lettarnir tveir eru ákærðir fyrir að aka hópferðabifreiðum fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum og sinna viðhaldi þeirra án þess að hafa atvinnuleyfi. GT verktakar og forsvarsmaður fyrirtækisins eru ákærðir fyrir að hafa ráðið útlendinga án atvinnuleyfis.

Lettarnir tveir og fulltrúi lögmanns þeirra mættu fyrir dóminn en forsvarsmaður GT verktaka og lögmaður þeirra voru í símasambandi við dóminn. Lettarnir og GT verktakar neita sök.

Lettarnir mega ekki vinna hér fyrr en dómur er fallinn. - ghs



HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS
Lettarnir tveir mættu fyrir Héraðsdóm Austurlands í gær en fulltrúar GT verktaka og lögmanns þeirra voru í símasambandi við dóminn. GT verktakar og Lettarnir neita sök.

## Bréf til Íslendinga

*Góðir Íslendingar!*

*Mig langar til að vekja athygli á minningarsjóði sem ég og fleiri höfum stofnað til minningar um dóttur mína, Kristínu Kjartansdóttur, sem ég missti tæplega 2ja ára í hörmulegu slysi. Minningarsjóðurinn heitir Kærleikssjóður Sogns og öll fjárframlög renna til Réttargeðdeildar að Sogni.*

*Ég var svo lánsöm að fá einstaka liðveislu frá Landsbankanum eða réttara sagt frá Björgólfi Guðmundssyni og starfsmönnum hans. Hafa þeir reynst mér sannir vinir við stofnun sjóðsins og ég þakka þeim af heilum hug. Einnig gaf Björgólfur höfðinglega fjárhæð til sjóðsins sem ég þakka innilega. Sjóðurinn á heimili í Landsbankanum og er bankinn verndari hans.*

*Ég þakka einnig þeim sem eru í stjórn sjóðsins, Hreini S. Hákonarsyni, fangapresti, og Magnúsi Skúlasyni, yfirlækni að Sogni, fyrir aðstoð og hjálp.*

*Á heimilinu að Sogni í Ölfusi dveljast margir illa farnir einstaklingar. Okkur sem erum heil heilsu ber að veita þeim hjálp. Við megum ekki bregðast. Ég er ekki í vafa um að margir sem vita um Kærleikssjóð Sogns munu gjarnan vilja styrkja sjóðinn. Öll fjárframlög renna til Réttargeðdeildarinnar að Sogni.*

*Númer á bankareikningi sjóðsins er 101-26-645 í Landsbankanum og kennitala 631104-2070.*

*Með fyrirfram þökk fyrir góðar undirtektir.*

*Rósa Aðalheiður Georgsdóttir.*



Kærleikssjóður Sogns er líknar- og hjálparsjóður sem ætlað er að styrkja Réttargeðdeildina að Sogni. Frumkvæði að stofnun sjóðsins átti öldruð kona, Rósa Aðalheiður Georgsdóttir, sem sjálf varð fyrir þeim harmi að missa dóttur sína fyrir hendi geðsjúks manns árið 1947. Hún særðist líka alvarlega í þeirri árás sem og eldri dóttir hennar.

Leggið ykkar af mörkum til að styrkja starfsemi Réttargeð-deildarinnar að Sogni til hagsbóta fyrir sjúklinga. Nánari upplýsingar um reglur sjóðsins er að finna á landsbanki.is **Bankareikningur sjóðsins hjá Landsbankanum er 0101 - 26 - 645 og kennitala 631104-2070.**

**Kærleikssjóður Sogns**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27733 03/2005



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða þingmann vitti Halldór Blöndal, forseti Alþingis, í fyrradag?*

2 *Hvaða Evrópulönd fá aðild að Evrópusambandinu árið 2007?*

3 *Hvar í Asíu hafa þúsundir flúið heimili sín vegna eldgoss?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Guðlaugur Þór Þórðarson:

# Samsæri við neytendur

**REYKJAVÍK** Guðlaugur Þór Þórðarson borgarfulltrúi gagnrýnir borgaryfirvöld fyrir að gera samning við einkaaðila um að kaupa byggingarlóðir í Norðlingaholti „með góðu eða illu og standa að eignarnámi ef eigendur vilja ekki selja“. Borgaryfirvöld bjóða síðan út á hæsta verði og miða lóðaframboð sitt út frá þessum samningi.

Fyrirsjáanlegt er að hagnaðurinn af útboðinu verði um tveir milljarðar króna. Samkvæmt samningi borgarinnar við einkaaðilann fær einkaaðilinn 40 prósent hagnaðarins, um 800 milljónir, og borgin 60 prósent, eða 1.200 milljónir króna.

„Þetta er það sem ég kalla samsæri við neytendur,“ segir Guðlaugur Þór. „Reykjavíkurborg sem langstærsta sveitarfélagið hefur áhrif á hækkun á verði og samkeppni. Ef Reykjavík er með lítið framboð af lóðum hækkar verðið, fyrst og fremst í Reykjavík en líka á öllu höfuðborgarsvæðinu, og það er það sem Reykjavíkurborg og einkaaðilinn græddu á, litlu framboði á lóðum, neyð borgarbúa. Það er grífarlegur lóðaskortur í borginni.“ - ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÓÐASKORTUR Í BORGINNI**
Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélagið og hefur því áhrif á lóðaverð með því að stuðla að eða draga úr framboði á lóðum.

Kjartan Gunnarsson:

# Landið er verðmætara

**NORÐLINGAHOLT** Eignarnám borgarinnar á landi Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, í Norðlingaholti er komið til Gunnars Eydal borgarlögmanns.

Kjartan Gunnarsson segist hafa gert borginni tilboð sem borgin hafi ekki tekið og hann sé því fallinn frá þeim tilboðum. „Landið er greinilega mun verðmætara en ég hélt upprunalega,“ segir hann.

Ekki náðist í Gunnar Eydal í gær til að fylgjast með hvernig málinu liði en Kjartan segir frumkvæði málsins í höndum borgaryfirvalda. - ghs

Sprengjumaður í stríði:

# Gegn fóstureyðingum

**ATLANTA, AP** Dómstóll í Atlanta í Georgíuríki hefur dæmt Eric Rudolph í ferfalt lífstíðarfangelsi fyrir fjögur sprengjutilræði, þar á meðal sprengingu í almenningsgarði rétt fyrir ólympíuleikana 1996. Tveir biðu bana í tilræðunum og 120 slösuðust.



**ERIC RUDOLPH**

Lögfræðingar Rudolph lögðu fram yfirlýsingu í réttinum þar sem þessi fyrrverandi sprengjusérfræðingur í hernum lýsir ástæðum sínum fyrir tilræðunum. Hann kveðst vera í stríði gegn fóstureyðingum, sem hann kallar helför. Rudolph sprengdi upp tvær heilsugæslustöðvar þar sem fóstureyðingar voru gerðar en einnig bar fyrir samkynhneigða. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MEÐ FRUMBURÐINN Í FANGINU**
Charles Kennedy og Sarah kona hans eignuðust sitt fyrsta barn í vikunni. Sonur þeirra hefur hlotið nafnið Donald James.

# Síðbúin stefnuskrá frjálslyndra

**Breskt herlið verður kallað heim frá Írak í byrjun næsta árs ef frjálslyndir demókratar komast í valdastöðu. Flokkurinn kynnti stefnuskránna í gær.**

**BRETLAND** Frjálslyndir demókratar kynntu í gær stefnuskrá sína fyrir bresku þingkosningarnar. Litlar breytingar virðast á fylgi flokkanna samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum.

Íhaldsmenn og Verkamannaflokkurinn kynntu báðir stefnumál sín í vikunni. Frjálslyndir demókratar ætluðu að kynna sín mál á þriðjudaginn en þar sem Charles Kennedy, leiðtoga flokksins, og konu hans fæddist sonur dróst kynningin fram til gærdagsins.

Ólíkt íhaldsmönnum og Verkamannaflokknum, sem hafa lofað að hækka ekki skatta, segjast frjálslyndir ætla að auka álögur á hátekjufólk. Í staðinn boða þeir hærri ellilífeyri og lægri gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu auk þess sem þeir vilja stórfjölga lögreglumönnum og kennurum.

Frjálslyndir hafa alla tíð verið andvígir hernaðinum í Írak og hvetja í stefnuskrá sinni til að herlið Breta verði kallað heim snemma á næsta ári. Bæði Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn studdu innrásina á sínum tíma þrátt fyrir mikla andstöðu almennings og því ætti afstaða frjálslyndra í þessum efnum að koma þeim til góða þann 5. maí.

Michael Howard, leiðtogi Íhaldsflokksins, réðst harkalega að Tony Blair forsætisráðherra í morgun eftir að Kamel Bourgass var dæmdur í gær til fangelsisvistar fyrir að skipuleggja árás á almenning með eiturefninu rísín. Bourgass kom til Bretlands árið 2001 sem flóttamaður og hafði mál hans velkst í kerfinu í langan tíma. Howard sagði að ef Verkamannaflokkurinn hefði staðið við gefin loforð í málefnum flóttamanna hefði Bourgass aldrei verið hleypt inn í landið.

Þrátt fyrir líflega viku hafa litlar breytingar orðið á fylgi flokkanna samkvæmt skoðanakönnunum. Dagblaðið The Guardian birti í gær könnun þar sem Verkamannaflokkurinn hafði bætt við sig dálitlu fylgi, fengi 39 prósent atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú. Íhaldsmenn tapa aftur á móti örlitlu fylgi, fengju 33 prósent atkvæða, en frjálslyndir demókratar standa hins vegar í stað, fengju 21 prósent atkvæða ef kosið yrði nú.

sveinng@frettabladid.is




Steingrímur J. Sigfússon:

# Vantreystir Landsvirkjun

**ALÞINGI** Í utandagskrárumræðum um framkvæmdir á Kárahnjúkum í gær spurði Steingrímur J. Sigfússon Valgerði Sverrisdóttir iðnaðarráðherra hvort Landsvirkjun væri treystandi til að halda byggingu Kárahnjúkastíflu áfram í ljósi þess sem fram hefði komið um óvandaðan undirbúning framkvæmdarinnar, meðal annars þess að samkvæmt nýrri skýrslu væru gerðar auknar kröfur til stíflunnar um jarðskjálftaþol. Þá sagði Steingrímur að erfiðleikar við framkvæmdina, þar sem undirstaðan væri mun sprungnari en gert hefði verið ráð fyrir, hefðu tafið verkið um mánuði og valdið milljarða viðbótarkostnaði.

Sigurður Arnalds, talsmaður Kárahnjúkavirkjunar, segir viðbótarkostnað vegna þessara auknu krafna vera um 150 milljónir, bæði vegna hönnunar og framkvæmda. Hins vegar hafi um áramót verið gerður sérstakur samningur við Impregilo, þar sem gerðar hafi verið upp allar breytingar á verkinu fram að þeim tíma. Þar sé með talinn aukinn kostnaður vegna gljúfursins, auknar öryggisgirðingar og varnir og tafir sem hafi orðið vegna flóða. Ekki er gefið upp um hvaða fjárhæð er að ræða, en það rúmast innan varasjóðs sem gert var ráð fyrir vegna ófyrirséðs kostnaðar, sem er 10 prósent af áætluðum byggingakostnaði. Virkjunin á að kosta 90 milljarða á verðlagi 2005. - ss



**ER LANDSVIRKJUN TREYSTANDI?**
„Það hefur gætt ískyggilegrar tilhneigingar til skoðanakúgunar og til að tortryggja alla þá, þar með talið jafnvel virtustu, vísindamenn sem ekki makka rétt með stóriðjuréttrúnaðarstefnunni,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon á Alþingi í gær.


Enginn aðgangseyrir
Sýning í Smáralind 15.- 17. apríl.
VORBOÐINN
2005
Skipuleggjum,
framkvæmum
og upplifum
FRÆÐSLUERINDI Á VORBOÐANUM 2005
Steinn Kárason sérfræðingur hjá Garðyrkjumeistaranum flytur fræðsluerindi um garðrækt og skógrækt, laugardag og sunnudag.
Kl. 13:00 GARÐVERKIN – bókarkynning
- 14:00 Vorverkin í garðinum
- 15:00 Trjá og runna klippingar
- 16:00 Sjálfbær landgræðsla og sumarhúsalandið
- 16:30 Garðskálaplöntur, epli, perur, tómatar ofl.
- 17:00 Endurheimt Brimnesskóga
- 17:30 Lífræn ræktun


MYND AP

**ÓLÖGLEGT GÓSS**
Lögreglan í Addis Ababa gerði á dögunum upptæk 500 kíló af fílabeinum auk uppstoppaðra ljóna og hlébarða. Einnig fundust nokkur strútsegg í góssinu. Selja átti varninginn úr landi.

Reykjavíkurborg:

# Samgönguáætlun gagnrýnd

**BORGARMÁL** Höfuðborgarsvæðið og Reykjavíkurborg, sérstaklega, fara verulega varhluta af fyrirhuguðum framkvæmdum ríkisins í samgöngumálum að mati meirihluta borgarráðs. Ný fjögurra ára samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar er gagnrýnd þar sem innan við tíu prósent framkvæmdafjár fari til höfuðborgarbúa þar sem 40 prósent landsmanna búa.

Segir í bókun borgarráðs að Sjálfsstæðisflokkurinn beri höfuðábyrgð á fjársvelti höfuðborgarinnar í samgöngumálum enda hafi samgönguráðuneytið verið í þeirra höndum óslitið frá árinu 1991. Á því tímabili hafi aðeins 22 prósent framlaga til vegamála skilað sér til höfuðborgarbúa. Algerlega óviðunandi sé að hvorki Sundabraut né samgöngubætur við Mýrargötu séu á dagskrá ráðherra næstu fjögur ár. Sundabrautin sé væntanlega hagkvæmasta framkvæmdin sem hægt sé að ráðast í vegna þess fjölda sem um hana mun fara og yfirlýst áform um sérstaka fjármögnun eigi ekki að standa í vegi fyrir að hægt verði að tímasetja framkvæmdina.

- aöe


**FRAMTÍÐARSKIPULAG MÝRARGÖTU**
Þær framkvæmdir eru ekki á samgönguáætlun en eru forsenda þess að fyrirhuguð uppbygging svæðisins geti hafist.

Samruni mjólkurframleiðenda:

# Nýtt félag í lok apríl

**SAMRUNI** Mjólkursamsalan í Reykjavík (MS) og Mjólkurbú flóamanna hafa sameinast undir einn hatt. Ný stjórn sameinaðs félags verður kosin 29. apríl næstkomandi, að sögn Magnúsar Sigurðssonar, stjórnarformanns MS.

Magnús segir formlegt sameiningarferli hafa staðið síðan samruni var samþykktur á aðalfundi félaganna í mars. Magnús telur töluverða hagræðingu og sparnað skapast við þetta. Áætlað er að félagið fái nýtt nafn en vörumerki MS verði notað áfram.

-sgi

Árleg söfnun ABC:

# Byggja heimili fyrir drengi

**SÖFNUN** Í árlegri söfnun ABC barnahjálpar verður að þessu sinni safnað fyrir stórri byggingu á Heimili litlu ljósanna á Indlandi, þar sem verður svefnaðstaða fyrir 800 drengi. Áætlaður byggingarkostnaður er tæplega 10 milljónir króna.

Söfnunin hefst formlega í dag með því að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og Vigdís Finnbogadóttir opna hana með táknrænum hætti, Vigdís í Háskóla íslands og forsetinn að Bessastöðum.

Reikningur fyrir söfnunina Börn hjálpa börnum er í Íslandsbanka nr: 515-14-110000, kt. 690688-1589.

- jss

Fjármálaráðherra:

# Skipaskrá hér óþörf




**KAUPSKIP** Skipafélög í millilandaflutningi þurfa ekki fjárhagslegan stuðning, sagði Geir H. Haarde í utandagskrárumræðum á Alþingi. Íslensk alþjóðleg skipaskrá væri því óþörf.

Geir sagði menn sammála um að styðja þyrfti við bakið á farmönnum svo að þeir væru samkeppnishæfir. Sjónarmið Geirs eru í samræmi við hugmyndir Sjómannafélags Reykjavíkur. Aðrir vilja alþjóðlega skipaskrá hér eins og í nágrannalöndunum.

Geir benti á að þó að íslensk skipafélög í flutningum hafi skráð skip sín í Færeyjum væru sjómennirnir íslenskir.

- gag

**GÁMAR EIMSKIPS**
Eimskip, eitt félaga í millilandaflutningi á sjó, skráir áhafnir hér heima. Ekkert fyrirtækjanna skráir skipin hér.


**SKAGAFJÖRÐUR**
Það er fallegt í Skagafirði og allt fallið í ljúfa löð í sveitarstjórn eftir deilur undanfarinna vikna.

# Sættir náðust á síðustu stundu

**Meirihlutasamstarfi í sveitarstjórn Skagafjarðar var bjargað fyrir horn á elleftu stundu. Oddviti sjálfstæðismanna ætlar að hætta í stjórnmálum.**

**SKAGAFJÖRÐUR** Sættir hafa náðst í deilum milli sjálfstæðismanna í sveitarstjórn Skagafjarðar. Með því var komið í veg fyrir að vantraust yrði samþykkt á Gísla Gunnarsson forseta sveitarstjórnar og oddvita sjálfstæðismanna. Meirihluti sjálfstæðismanna og Vinstri grænna í Skagafirði heldur því velli enn um sinn.


**GÍSLI GUNNARSSON**
Séra Gísli ætlar að hætta í stjórnmálum.

Séra Gísli Gunnarsson boðar hins vegar brotthvarf sitt af sviði stjórnmálanna þegar þessu kjörtímabili lýkur að ári, en hann hefur þá verið oddviti D-listans í átta ár. „Ég reikna alls ekki með því að ég sækist eftir því að leiða lista sjálfstæðismanna né að vera á lista í næstu kosningum,“ segir hann og kveðst ætla að einbeita sér að prestsstörfum en hann er starfandi sóknarprestur í Glaumbæ.

Deilur spruttu nýverið milli Gísla og Bjarna Maronssonar, eins þriggja fulltrúa sjálfstæðismanna í sveitarstjórn, og oddvita flokksins, eftir að Gísli hafði úrskurðað Bjarna vanhæfan til þátttöku í afgreiðslu fundargerðar. Í kjölfarið lýsti Bjarni því yfir að hann styddi Gísla ekki lengur sem forseta og hefði meirihlutinn því fallið að óbreyttu.

Á fundi sjálfstæðismanna í Skagafirði í fyrrakvöld tókst hins vegar að bera klæði á vopnin og þar með var lífi meirihlutans borgið um sinn að minnsta kosti. Deilendur sættast á að hæfi Bjarna Maronssonar í áðurgreindu máli hafi orkað tvímælis en að Gísla hafi jafnframt borið að leggja hæfið í dóm fundarins í stað þess að úrskurða um það sjálfur.

„Það var mín ákvörðun að þiggja þessar sættir í málinu bæði vegna þess að Gísli viðurkenndi að hafa misbeitt valdi sínu en líka að stutt er eftir af kjörtímabilinu og óvíst hvað við tæki í sveitarstjórn ef meirihlutinn félli,“ segir Bjarni Maronsson.

ssal@frettabladid.is






Lík fannst sundurhlutað í Stokkhólmi:

# Maðurinn er af norrænum uppruna

**SVÍÞJÓÐ** Sænsku lögreglunni hefur enn ekki tekist að bera kennsl á lík af karlmanni sem fannst sundurhlutað í tvennu lagi í miðborg Stokkhólms um síðustu mánaðamót.

Fingraför mannsins hafa verið borin saman við fingafarasöfn sænsku, dönsku, norsku og finnsku lögreglunnar án nokkurs árangurs. Engu að síður er sænska lögreglan sannfærð um að maðurinn sé af norrænum uppruna og byggir það á tannviðgerðum sem talsmenn lögreglunnar segja tvímælalaust gerðar af norrænum tannlækni. Talið er víst að upplýsingar um manninn séu því að finna á skrá einhvers tannlæknis í Skandinavíu og verður myndum af tönnum mannsins dreift meðal tannlækna á Norðurlöndum í þeirri von að hægt verði að bera kennsl á manninn.

Enn hefur enginn verið handtekinn vegna þessa óhugnanlega máls en sænska Aftonbladet sagði í gær að leit lögreglunnar beinist að konu og hefur það eftir heimildum innan lögreglunnar.

- ssal


2 fyrir 1
Rýmum til fyrir nýjum vörum!
Aðeins þessa viku!
ÚTSÖLUMARKAÐUR
Faxafeni 12
Faxafen 12 Reykjavík, opið 10-18 virka daga og 10 - 16 laugardaga
66°
NORÐUR


MYND/AP

**BLÓM OG KRANSAR** Jarðarför Rainiers heitins Mónakófursta fer fram í dag en blóm og kransar hafa streymt til dómkirkjunnar í Mónakó alla vikuna.

Afnám fyrninga vegna kynferðisafbrota gegn börnum:

# Tæp tíu þúsund skora á stjórnvöld

**ALÞINGI** Tæplega tíu þúsund manns hafa undirritað áskorun til stjórnvalda um afnám fyrninga sakar þegar kynferðisbrot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri, að sögn Svövu Björnsdóttur verkefnisstjóra hjá Blátt Áfram sem er forvarnarverkefniÝgegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Verkefnið er á vegum Ungmennafélags Íslands.

Svava sagði, að fyrir nokkru hefðu um 2.700 undirskriftir um afnám fyrninga verið afhentar Bjarna Benediktssyni formanni allsherjarnefndar Alþingis. Þær 7.000 undirskriftir til viðbótar sem safnast hefðu einungis í síðustu viku yrðu einnig afhentar allsherjarnefnd. Að auki yrði áskorunin send öllum alþingismönnum.

„Þessi undirskriftarsöfnun mun halda áfram af fullum krafti,“ sagði Svava.

Fundur um afnám fyrningar sem haldinn var í fyrrakvöld var mjög vel sóttur, að sögn Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns, en hann er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins um ofangreinda breytingu á hegningarlögum. Hann sagði mikilvægt að náðst hefði þverpólitísk samstaða ungliðahreyfinganna um málið. -jss


**FYRNINGAFUNDUR** Almennur fundur um afnám fyrninga sakar í kynferðisbrotamálum gegn börnum var vel sóttur og kom fram mikill stuðningur við frumvarp þess efnis.

Hvalfjarðargöng:

# Lokuð á morgun

**HVALFJARÐARGÖNG** Vegna almannavarnaæfinga verða Hvalfjarðargöngin lokuð á morgun frá klukkan átta til þrjú síðdegis. Ökumenn á þjóðvegi eitt munu því þurfa að aka gömlu leiðina um Hvalfjörðinn en sá vegur er í ágætu standi.

Æfingin snýst um að æfa viðbrögð við hópslysi þar sem ætlunin er að sviðsetja árekstur rútu og tveggja fólksbíla neðst í göngunum. Ætla má að allt að 200 manns taki þátt í æfingunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar í veggöngum hérlendis. - áhi

Negroponte:

# Yfirheyrður af þingnefnd

**WASHINGTON, AP** Nefnd öldungardeildarþingmanna hefur hafið yfirheyrslur yfir John Negroponte, sendiherra í Írak, en George W. Bush forseti hefur tilnefnt hann sem yfirmann yfir leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna.


**JOHN NEGROPONTE**

Búist er við að öldungardeildarþingmenn beggja flokkanna muni á endanum styðja Negroponte í embættið en demókratar vilja þó að hann lýsi því yfir að hann verði hlutlaus og óháður í störfum sínum. Yfirmannsstaðan er ný en með henni er brugðist við gagnrýni á leyniþjónustuna í kjölfar rangra upplýsinga um gereyðingarvopn Íraka. ■

Baráttumál í höfn hjá SÍNE:

# Yfirdráttarlán í erlendri mynt

**NÁMSMENN** „Þetta er nokkuð sem við höfum barist fyrir í einhvern tíma, að afnema gengisáhættu,“ segir Heiður Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) um þá nýbreytni Sparisjóðs vélstjóra að bjóða námsmönnum erlendis upp á yfirdráttarlán í erlendri mynt.


**HEIÐUR REYNISDÓTTIR**

„Við sendum bréf til allra banka í byrjun árs og spurðum hvort hægt væri að bjóða upp á yfirdrátt í erlendri mynt. Sparisjóður vélstjóra brást skjótt við og er farinn að bjóða þessa þjónustu. Þetta er mikið framfaraskref og ætti að koma í veg fyrir, eins og þróunin hefur verið, stórfellt gengistap.“

Heiður segir nema erlendis hafa tapað á því að undanförnu að vegna styrkingu krónunnar hafi lán LÍN verið lægra í íslenskum krónum en reiknað hafði verið með að hausti. „Námsmaður getur því ekki hreinsað upp yfirdráttinn. Með þessu skiptir gengi krónunnar engu máli fyrir námsmanninn og við hljótum að eiga eftir að sjá fleiri banka og sparisjóði fara sömu leið.“ – ss


**RÍKISSTJÓRNIN** Nú er í deiglunni að allur tölvupóstur til ráðherra og starfsmanna ráðuneyta verði dulkóðaður eftir að upp komst að viðkvæmar upplýsingar höfðu oft borist í rangar hendur.

# Tölvupóstur verði dulkóðaður

**Til skoðunar er að dulkóða tölvupóst á milli starfsmanna ráðuneytanna til að koma í veg fyrir að viðkvæm mál berist til óviðkomandi.**

**TÖLVUSAMSKIPTI** Forsætisráðuneytið íhugar að dulkóða tölvupóst vegna hættu á að hann lendi í röngum höndum. Fram kom í Fréttablaðinu í gær að dæmi væru um að tölvupóstur sem innihéldi viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, og ætlaður væri utanríkisráðuneytinu, bærist fyrir misskilning sendenda í hendur Láru Stefánsdóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar.

Fyrirtæki í eigu Láru átti lénið utn.is og það var stillt þannig að allur póstur sem sendur var á netföng sem enda á @utn.is barst í pósthólf Láru og gilti þá einu hver fyrri hluti netfangsins var. Netföng starfsfólks utanríkisráðuneytisins enda á @utn.stjr.is og Lára segir dæmi þess að hún hafi fengið send mjög viðkvæm mál, jafnvel erindi er varðað hafa öryggi landsins.

Þrátt fyrir að Lára léti ráðuneytið vita af þessum netfangaruglingi strax árið 2001 var það ekki fyrr en í gær sem ráðuneytið gekk frá samkomulagi við Láru um kaup á léninu; eftir að Fréttablaðið bar fréttina undir Illuga Gunnarsson, aðstoðarmann untanríkisráðherra.

Alls heyra fjórtán ráðuneyti undir stjórnarráð Íslands og í netföngum allra starfsmanna ráðuneytanna, nema umhverfisráðuneytisins og Hagstofunnar, kemur fyrir þriggja stafa skammstöfun sem sýnir í hvaða ráðuneyti viðkomandi starfar. Netföng starfsmanna forsætisráðuneytisins enda þannig á @for.stjr.is og netföng starfsmanna samgönguráðuneytisins enda á @sam.stjr.is.

Sex ráðuneyti hafa keypt íslensku lénin þar sem þriggja stafa skammstöfun og kennileiti ráðuneytanna koma fyrir. Þannig á menntamálaráðuneytið mrn.is og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið á ivr.is. Í fjórum tilfellum eru lénin í eigu óskyldra aðila og tveimur lénanna er óráðstafað.

Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri upplýsingasamfélagsins sem heyrir undir forsætisráðuneytið, segir að út frá öryggissjónarmiði sé lausnin ekki að kaupa ný og ný lén til að koma í veg fyrir misskilning.

„Við munum skoða þetta mál af þessu gefna tilefni en lausnin til lengri tíma litið er fólgin í að hægt verði að dulkóða tölvupóstinn. Það er auðvelt að koma því á innan ríkiskerfisins en kannski lengra í að það verði almennt í þjóðfélaginu. Öll umræða vekur menn til umhugsunar og ýtir á eftir verkefnum og því er vel hugsanlegt að þetta mál verði til að flýta því,“ segir Guðbjörg. kk@frettabladid.is






Verðstríð Krónunnar og Bónuss:

# Kostar hundruð milljóna

**MATVÖRUMARKAÐURINN** Verðstríðið á matvörumarkaði hefur fram að þessu kostað nokkur hundruð milljóna króna í heildina, varlega áætlað. Forsvarsmenn Krónunnar og Bónuss segja að verðstríðið sé enn í fullum gangi og verðið mjög lágt þó að „bullið“ sé úr sögunni.

Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, segir að um 500 til 1.000 verðbreytingar eigi sér stað hjá Krónunni á dag. Krónan hafi ætlað sér að vera valkostur á lágvörumarkaði og það hafi tekist.

Hann vill ekkert segja um það hvað verðstríðið svokallaða hafi kostað Krónuna. „Það er verið að selja ákveðnar vörur undir kostnaðarverði og það er dýrt,“ segir hann.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að erfitt sé að henda reiður á því hvað verðstríðið hafi kostað fyrirtækin en í rauninni sé verið að framleiða tap. Það sé engin skynsemi í því að selja vörur langt undir heildsöluverði. - ghs


CREATIVE
MP3 DAGAR Í EXPERT
♦ 10 litir
♦ 5GB harður diskur
♦ Geymir allt að 2500 lög
♦ Spilar WMA og MP3
♦ Tengist MS Media Player 10
♦ Samhæfður við Outlook dagbók, tengiliðir, verkefnalisti
♦ Útskiptanleg Li-ion rafhlaða
♦ Blá baklýsing sem lýsir skjá- og stjórnborð
♦ FM útvarp með upptöku
♦ Diktafónn
♦ Snertihnappar
♦ Heyrnartól fylgja
♦ Stærðin kemur skemmtilega á óvart
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
0%
FYLGIR
CREATIVE
Zen Micro MP3 spilari
AÐEINS
2.390,-*
Hvaða lit má bjóða þér?
FYLGIR
34 grömm
MP3 og WMA
FM útvarp
Upptaka úr útvarpi
Diktafónn
LCD skjár
USB2.0
Heyrnartól og taska fylgja
Staðgreitt: 12.992,-
CREATIVE
MuVo Slim MP3
AÐEINS
3.248,-**
LÉTTGREIÐSLUR
Í 4 mán
CREATIVE
MuVo V200 MP3
AÐEINS
2.248,-**
LÉTTGREIÐSLUR
Í 4 mán
FYLGIR
34 grömm
MP3 og WMA
FM útvarp
LCD skjár
USB2.0
Diktafónn
Heyrnartól fylgja
Staðgreitt: 8.992,-
CREATIVE
MuVo MP3
AÐEINS
2.495,-**
LÉTTGREIÐSLUR
Í 2 mán
FYLGIR
28 grömm
MP3 og WMA
USB2.0
1 AAA rafhlaða
allt að 12 tíma spilun
Heyrnartól fylgja
Staðgreitt: 4.990,
* Visa- eða Euro raðgreiðslur, meðalgreiðsla í 12 mán
**Léttgreiðslur í allt að 4 mánuði
Birt með fyrirvara um villur.
expert
Skútuvogi 2 | sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00




Almenna bókafélagið

# Bók sem hittir naglann á höfuðið!

Tímabundið kynningarverð
**6.990 kr.**
Fullt verð 9.990 kr.





360 bls. / Yfir 1000 myndir




**3.000 kr.** afsláttur

**Bókin skiptist í átta kafla:**

- Gefandi vinna
- Endurnýjun innanhúss
- Utanhússviðhald
- Innréttingar
- Utanhússmíðar og múrverk
- Tómstundasmíðar
- Viðhald og viðgerðir á húsgögnum
- Notkun verkfæra









Komin í verslanir

Bókin **Verk að vinna** er bráðskemmtileg og aðgengileg handbók um allt það helsta sem hafa þarf í huga við nýsmíðar og viðgerðir, innanhúss jafnt og utan. **Verk að vinna** er full af hugmyndum, lausnum, fróðleik og leiðbeinir jöfnum höndum um áhöld og aðferðir.

Það er því ástæðulaust að halda aftur að sköpunargáfunni, með **Verk að vinna** þér við hlið ertu með frábæran vinnufélaga.

**Sannaðu til; þetta er ekkert mál.**

edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


MYND AP

**TILBÚIN TIL BROTTFARAR**
Rússnesk Soyuz-eldflaug stendur tilbúin á skotpalli sínum í Kasakstan en í dag verður þremur geimförum skotið þaðan áleiðis til alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

Framkvæmdastjóri Hive:

# Byrjar með rafrænan sjónvarpsvísi

**SJÓNVARP** Fjarskiptafyrirtækið Hive ætlar að vera með vikulegan rafrænan dagskrárvísi í tengslum við sjónvarpsútsendingar sínar sem hefjast á netinu í vor. Dagskrárvísirinn verður unninn í samstarfi við tölvufyrirtæki og hafa þegar átt sér stað viðræður við ýmsa, til dæmis EJS og Tölvudreifingu.

„Hluti af því að vera með góða framsetningu er að vera með rafrænan dagskrárvísi sem fólk getur haft inni á tölvunni sinni. Þar kemur fram dagskrá vikunnar og fólk getur fengið yfirlit yfir þætti. Þetta er hlutur sem við erum að íhuga hvernig við leysum og vonandi í samstarfi við aðra aðila sem eru á markaðnum,“ segir Arnþór Halldórsson, framkvæmdastjóri Hive.

Ekki er gert ráð fyrir að rafræni dagskrárvísirinn heiti neitt sérstakt. Í hann verður safnað upplýsingum um dagskrárliði, hvenær þættir hefjast og hvenær þeim lýkur, efnistök og bakgrunnsefni af ýmsu tagi. „Þetta er nauðsynleg forsenda þess að tæknin virki eins og henni er ætlað,“ segir Arnþór. -ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ARNÞÓR HALLDÓRSSON HJÁ HIVE**
Hive verður með vikulegan rafrænan dagskrárvísi í tengslum við sjónvarpsútsendingar sínar sem hefjast á netinu í vor.

Stjórnarformaður Hive:

# Frítt netsjónvarp

**FJÖLMIÐLAR** Hive er í viðræðum við Popptíví og Skjá einn um að dreifa sjónvarpsefni þeirra um gervihnött, að sögn Sigurðar G. Guðjónssonar stjórnarformanns Hive. Að auki er Hive að undirbúa frítt netsjónvarp sem fer í loftið í vor eða byrjun sumars.

Spurður um það hvort nafn nýja netsjónvarpsins verði Frí tíví segir Sigurður að ekkert nafn sé komið á það. „Ég er bara í rólegheitum að vinna fyrir viðskiptavini mína í Þýskalandi og er ekkert að velta þessu fyrir mér,“ sagði hann í gær. - ghs




# Straumur selur fyrir átta milljarða

**Sund ehf. verður næststærsti hluthafinn í Tryggingamiðstöðinni á eftir Eyjafjölskyldunni. Fjármálaeftirlitið hafði úrskurðað að Straumur gæti ekki átt virkan eignarhlut í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka til lengri tíma.**

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarbankinn Straumur seldi í gær um 38 prósenta eignarhlut sinn í Tryggingamiðstöðinni (TM). Kaupendur hlutarins eru Sund, sem er í eigu fjölskyldu Óla heitins í Olís (20 prósent), Fjárfestingarfélag sparisjóðanna (12,9 prósent) og Höfðaborg ehf. (5 prósent) sem er í eigu Péturs Guðmundssonar verktaka í Eykt ehf. Voru átta milljarðar króna greiddir fyrir hlutabréfin. Söluhagnaður Straums gæti verið um 2,2 milljarðar króna en viðskiptin eru háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Straumur var með tvær stórar stöður í fjármálafyrirtækjum, annars vegar í Tryggingamiðstöðinni en hins vegar um fimmtungshlut í Íslandsbanka. Það var vitað að félagið gæti ekki verið með virkan eignarhlut á báðum þessum vígstöðvum því að Fjármálaeftirlitið setti það sem skilyrði fyrir samþykki sínu á eignarhlut Straums í Íslandsbanka að félagið mætti hvorki eiga beinan né óbeinan hlut í hvoru félagi til lengri tíma.

Straumur losar um mikið fé með sölunni á Tryggingamiðstöðinni og gefur honum færi til fjárfestinga annars staðar. Greiningardeild Landsbankans áætlar að Straumur hafi um 20 milljarða umleikis til fjárfestinga.

Nokkur óvissa hafði verið í kringum eignarhald í Tryggingamiðstöðvarinnar eftir að Straumur keypti þriðjungshlut af Kaldbaki í maí fyrir ári síðan en nú verða línur skýrari. Sund, sem verður þar með næststærsti eigandi TM á eftir Eyjafjölskyldunni, stendur í miklum fjárfestingum með TM og Landsbankanum í gegnum Fjárfestingarfélagið Gretti og eru þessi kaup talin vera liður í því að binda þetta viðskiptasamband enn fastari böndum. Sundsmenn líta á kaupin sem ágætustu fjárfestingu en höfðu ekkert meira að segja um kaupin. Stærstu eignir Grettis eru einmitt í Straumi og svo einnig í Keri og SH. – eþa



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN**
Straumur er ekki lengur stærsti hluthafinn í Tryggingamiðstöðinni eftir að Sund ehf., Fjárfestingarfélag sparisjóðanna og Höfðaborg ehf. keyptu eignarhlut hans. Kaupverðið er um átta milljarðar króna. Söluhagnaður Straums gæti verið um 2,2 milljarðar króna.

**FIMM STÆRSTU EIGENDUR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI**

| NAFN | EIGNARHLUTUR Í % |
|---|---|
| Fram ehf. | 33,17 |
| Sund ehf | 20,00 |
| Fjárfestingarfélag sparisjóðanna | 12,90 |
| Ísfélag Vestmannaeyja hf. | 9,95 |
| Höfðaborg ehf. | 5,00 |

www.vr.is



Fíton/SÍA

**Gleðilegt sumar!**

VR félögum standa til boða um 50 orlofshús víða um land auk 30 tjaldvagna. Í boði er vikuleiga eða skammtímaleiga.

Sé um skammtímaleigu að ræða gildir reglan „fyrstur bókar - fyrstur fær“ en við bókum aðeins 8 vikur fram í tímann. Minnst er hægt að bóka 1 dag og mest 4 daga eða yfir helgi.

Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR, í VR-blaðinu og í þjónustuveri VR, sími 510 1700.

Starf okkar
**eflir**
þitt starf
VR

Samningur um nýtt húsnæði í Kópavogi:

# Heilsugæsla á brú og bjargi

**HEILBRIGÐISMÁL** Kópavogsbúar geta nú státað af nýrri heilsugæslustöð „sem bæði er byggð á brú og bjargi,“ eins og Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra komst að orði við undirritun samninga um nýtt húsnæði fyrir stöðina. Byggingin stendur á brú þvert yfir gjána í Kópavogi og verður heilsugæslustöðin til húsa á efri hæðinni.

Í nýju stöðinni verður starfsaðstaða fyrir sex lækna og rúmlega 30 aðra starfsmenn. Þar verður einnig miðstöð heimahjúkrunar fyrir Kópavog. Á þjónustusvæði stöðvarinnar eru um tíu þúsund íbúar. Húsnæðið sem um ræðir hefur verið tekið á leigu og verður innréttað eins og þörf krefur.

Í Kópavogi eru fyrir tvær heilsugæslustöðvar, önnur í Salahverfi sem tekin var í notkun á liðnu ári og hin í Smárahvammi sem tekin var í notkun 1999. - jss



**UNDIRRITUN**
Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og fulltrúar fyrirtækisins Ris ehf. undirrituðu samning um leigu á húsnæði heilsugæslustöðvar í Kópavogi.


LATI BÆR
Regnjakki
bleikur, blár
st. 80-130
Nýjar vörur
2.499 kr
Regnbuxur
m/smekk og án
bleikar, bláar
st. 80-130, 100-130
Nýjar vörur
1.999 kr
Stígvél
bleik, blá,
st. 25-35
Nýjar vörur
2.999 kr
Regnvettlingar
bláir, bleikir,
st. 2-6
Nýjar vörur
1.299 kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÚN BENDER FEGURÐARDROTTNING

# *Krýnir arftakann og býr sig undir próf*

„Það er allt gott að frétta," segir Sigrún Bender fegurðardrottning. Sigrún krýnir arftaka sinn í keppninni Ungfrú Reykjavík í kvöld og var í óðaönn að undirbúa kvöldið. „Það er svo sem ekki mikið verk; aðallega punta sig, fara í klippingu og bera á sig brúnkukrem."



Sigrún segir að undanfarið ár hafi verið afar annasamt og mikil upplifun sem hún hefði ekki viljað fara á mis við. Meðfram því að vera fegurðardrottning er Sigrún í flugnámi sem gengur vel. „Prófin fara einmitt að nálgast. Ég stefni á að ljúka náminu næstu jól og þá er stefnan sett á að fá sér vinnu sem fyrst." Hún er ekki búin að ráðstafa sumarfríinu, þar sem prófum lýkur ekki fyrr en í júlí. „Ég hef augun opin fyrir vinnu. Ég hef yfirleitt bara verið að vinna á sumrin, enda þarf maður að borga námið einhvern veginn." Undanfarin sumur hefur Sigrún unnið fyrir Ninu Ricci-umboðið og finnst ekki ólíklegt að hún verði þar líka í sumar. „Ég gæti alveg hugsað mér að vera þar í sumar. Þetta er mjög skemmtilegur vinnustaður."

Sigrún telur að keppnin í kvöld eigi eftir að verða spennandi og erfitt sé að spá um hver vinni. „Ég ætla að minnsta kosti ekki að gefa það upp að svo stöddu hverja ég veðja á. En ég er mjög spennt að sjá hver vinnur."

**HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?**



**ALGENGT VERÐ Á HJÓLBÖRUM MEÐ 100 LÍTRA BLIKKBALA ER UM 5.500 KRÓNUR.**



MYND AP

**MORGUNVERÐUR** Kínverski pandabjörninn Zhu Zhu fær sér í svanginn.

# Gula spjaldið á loft

**Halldór Blöndal, forseti Alþingis, hefur í þrígang á þremur árum vítt þingmenn. Þegar Halldór greip fyrst til gula spjaldsins hafði það legið óhreyft í 45 ár.**

„Virðulegi forseti, ég hef hér orðið," sagði Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðum um störf Alþingis á miðvikudag. Þetta var meira en góðu hófi gegndi að mati Halldórs Blöndal þingforseta, sem vítti þingmanninn.

Þingvítur voru fáheyrðar og aðeins að finna í sögubókum fram til ársins 2002, þegar Halldór Blöndal vítti Ögmund Jónasson, Vinstri grænum, fyrir að segja: „Það þekkir hann alla vega, háttvísina, hæstvirtur forseti". Halldór var hvattur af framsóknarþingmönnunum Magnúsi Stefánssyni og Valgerði Sverrisdóttur til að víta Ögmund og tók hann þau á orðinu.

Ári síðar, í febrúar 2003, sagði Lúðvík Bergvinsson: „Virðulegur forseti ætti heldur ekki að misnota stöðu sína í forsetastóli". Starfslok fyrrverandi forstjóra Símans voru til umræðu og kallaði Lúðvík orð sín úr sæti sínu, líkt og Ögmundur gerði ári áður. Á miðvikudag stóð Lúðvík hins vegar í pontu.

Eldri þingvítur voru rifjaðar upp þegar vítaskeiðið hið síðara hófst í febrúar 2002. Lögðust fróðir menn og minnugir yfir söguna og fundu þrjú tilvik um og upp úr miðri síðustu öld. Árið 1950 var Magnús Kjartansson varaþingmaður Sósíalistaflokksins víttur fyrir meiðandi ummæli, Páll Zóphóníasson þingmaður Framsóknarflokksins var víttur 1953 fyrir að blóta í ræðu og 1957 var Sigurður Bjarnason Sjálfstæðisflokki víttur fyrir að rægja framsóknarmenn.

Í fundarsköpum flestra sveitarfélaga landsins er svo að segja samhljóða ákvæði þar sem kveðið er á um vítur líkt og í þingsköpum Alþingis. Eftir því sem næst verður komist hefur ákvæðinu ekki verið beitt á þeim bæjum.

bjorn@frettabladid.is



**HALLDÓR BLÖNDAL** Hefur þrisvar vítt þingmenn á þremur árum.











**HINIR VÍTTU:** Lúðvík Ögmundur Sigurður Páll Magnús

Salome Þorkelsdóttir var forseti Alþingis 1991-1995:

# Skítlega eðlið ekki vítt

Salome Þorkelsdóttir vítti aldrei menn í forsetatíð sinni en beitti þess í stað mildari aðferðum til að hafa hemil á orðljótum þingmönnum. „Ég benti mönnum heldur á að gæta orða sinna," segir Salome en viðurkennir að í eitt skipti hefði mátt beita vítum. „Það kom upp eitt alvarlegt atvik sem orkaði tvímælis um hvort ég hefði ekki átt að nota þetta sterka orð; vítur."

Tilvikið sem Salome vitnar til er brigsl Ólafs Ragnars Grímssonar um „skítlegt eðli" Davíðs Oddssonar í febrúar 1992.

Salome lét duga að biðja Ólaf að gæta orða sinna. „Ég var gagnrýnd fyrir að víta hann ekki og það var í sjálfu sér ekki óeðlilegt. En þetta er mjög vandmeðfarið ákvæði."

Salome vill ekki leggja mat á hvort rétt hafi verið af Halldóri Blöndal að víta Lúðvík Bergvinsson á miðvikudag en efast ekki um rétt hans til þess. „Ég tók nú líka eftir því að þingmaðurinn ávarpaði forsetann í annarri persónu en veit ekki hvort forseti heyrði það. Þingmaðurinn sagði „þú", en það á hann alls ekki að gera."

Salome er annt um virðingu og orðspor Alþingis og vill að þingmenn leggi sig fram um að halda reglur þess í heiðri. „Þetta er æðsta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar þannig að fólk þarf að haga sér vel."



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SALOME ÞORKELSDÓTTIR**






# • • við erum komnir á Akureyri og Selfoss!




## V16 extra

- • • 4 Mb/s hraði
- • • 2 GB erlent niðurhal
- • • 3 póstföng
- • • 50 MB heimasíðusvæði
- • • 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds

! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið!*

Alltaf bestu pakkarnir! Allt innifalið og engin aukagjöld!

Kaupauki

**Sailesh**



VARÚÐ
• ÓRITSKOÐAÐUR •
• BANNAÐ INNAN 18 ÁRA •

Dávaldurinn Sailesh er að koma aftur og við ætlum að bjóða þér!
Allir þeir sem taka BTnet í verslunum BT fá miða fyrir 2 á Sailesh 17. apríl á Broadway eða 21.apríl á Akureyri.

„Langfyndnasti grindávaldur á jörðinni!
-MTV



**Alltaf ódýrari!**
**• • hafðu hraðann á...**
**• • taktu fleiri bita!**

BTnet

Gegn 12 mánaða samning sem greiddur er með kreditkorti. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast og aðeins í verslunum BT.


BÓNUS
EKKERT BRUÐL
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur
I. FLOKKS HUMAR
3990 kg KR.
ROÐLAUSIR
BEINLAUSIR
FROSNIR
Þorsk
BITAR
FROSNIR ÞORSKBITAR
499 kg KR.
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Gott á grillið
Tilboðin gilda til sunnudags 17. apríl
eða á meðan birgðir endast
Skynsemin
129 einn lítri KR.
Florida
Verðöryggi frá upphafi!
2 göngustafir
úr áli með
KOMPÁS
SÉRVÖRU VERSLANIR
ANTISHOCK
ÁLPAR MEÐ KOMPÁS
899 KR.
KRYDDAÐAR
Svína grill
RIFJUR
SVÍNARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
KRYDDAÐAR
Lamba grill
RIFJUR
GÓÐIR Í
GÖNGUNA
5 SPORTSOKKAPÖR
399 KR.
HEKK
KLIPPUR
stórar
599 KR.
HEKKKLIPPUR
299 KR.
GREINAKLIPPUR
GREINAKLIPPUR
599 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
BLÓMAVASINN
FYRIR HELGINA!
Alls kyns form
GRÓFIR - GÓÐIR - STAMIR
299 KR.
VINNUHANSKAR
SVALUR VIÐ
ÚTISTÖRFIN
59 LÍTRI KR.
EPLA
SAFI
FRESH CONFIDENCE
Colgate
98 75 ml KR.
44 töflur
finish
499 KR.
KASSI MEÐ 44 TÖFLUM
UPPÞVOTTAVÉLATÖFLUR
Schou brauðrist
BURSTAÐ STÁL
1000W
2599 KR.
Allt að 40%

# velur Bónus

FROSNIR ROÐLAUSIR BEINLAUSIR

## Laxa BITAR

FROSNIR LAXABITAR

699 kg KR.

30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

Merkt verð 999kr.

30% afsláttur við kassann

EKKERT BRUÐL

BÓNUS

## Kjúklingabitar FERSKIR

FERSKIR BLANDAÐIR BITAR

299 KÍLÓVERÐ KR.

KF FRAMPARTSSNEIÐAR

## Pesto rosso LAMBASNEIÐAR

PESTO SNEIÐAR

599 kg KR.

# Nýtt kortatímabil!

EKKERT BRUÐL

FROSIN HINDBER

129 300g KR.

FROSIN JARÐARBER

159 750g KR.

ALI BBQ GRILLKÓTELETTUR

1049 kg KR.

30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

Merkt verð 1498kr.

30% afsláttur við kassann

## Svínakótelettur ALI BBQ GRILL

RAUÐVÍNS

## Lamba LÆRI

RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI

799 kg KR.

20% afsláttur við kassann

Merkt verð 998kr.

EKKERT BRUÐL

PEPSIFLASKA 250 ml

49 KR.

BLANDAÐ ÓÐALS HAKK

599 kg KR.

APPELSÍN 275 ml

49 KR.

## 6 Pítubrauð 6 PÍTUBUFF OG SÓSA

6+6+SÓSA

499 KR.

99 350g KR.

# lægra vöruverð

ERAN/Landlist

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

## Vigdís

Það vakti mikla og verðskuldaða athygli fyrir tæpum aldarfjórðungi þegar Vigdís Finnbogadóttir var körin forseti Íslands, fyrst kvenna í heiminum sem kosin var í embætti þjóðhöfðingja í almennum kosningum. Þetta vakti ekki aðeins mikla athygli hér á landi heldur einnig víða um heim. Kristín Ástgeirsdóttir sagði í viðtali við Fréttablaðið í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar, sem er í dag, að það hafi skipt mjög miklu máli í kvennabráttunni að Vigdís var kjörin forseti: „Hún var fyrirmynd og það ólst heil kynslóð upp við það að hafa konu sem forseta. Þessi sýnileiki sýnir að konur eiga alls staðar erindi og það brýtur niður gamla fordóma,“ sagði Kristín í viðtalinu.

**Staðreyndin er sú að þó að Vigdís hafi látið af embætti forseta Íslands fyrir nokkrum árum heldur hún áfram að bera hróður Íslands víða um heim. Það sýna hinir erlendu fyrirlesarar glöggt sem hingað eru komnir. Okkur ber því að virða og þakka framlag hennar til eflingar íslenskri menningu og kynningar á landi og þjóð sem hún hefur innt af hendi víða um heim á undanförnum árum.**

Í forsetatíð sinni ferðaðist Vígdís mjög mikið um landið og fór auk þess í margar opinberar og óopinberar heimsóknir til útlanda. Hvarvetna sem hún fór, hvort sem það var um fámenn byggðarlög Vestfjarða eða nágrannalöndin, vakti hún verðskuldaða athygli. Hún bar með sér ferska vinda og boðaði fagnaðarerindi sitt á hverjum stað þannig að allir skildu. Náttúruvernd og skógrækt hafa verið henni ákaflega hjartfólgin viðfangsefni í gegnum árin, auk verndar menningararfsins og íslenskrar tungu. Þótt þessir þættir hafi staðið henni nærri hefur hún lagt sitt af mörkum til tækni og verkþekkingar og var þess vegna gerð að heiðursdoktor við verkfræðideild Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum.

Í tilefni af afmælinu efnir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands til alþjóðlegrar ráðstefnu undir heitinu „Samræður menningarheima“. Fjöldi fyrirlesara kemur á þessa ráðstefnu, bæði innlendir og erlendir sem koma víða að úr heiminum. Staðreyndin er sú að þó að Vigdís hafi látið af embætti forseta Íslands fyrir nokkrum árum heldur hún áfram að bera hróður Íslands víða um heim. Það sýna hinir erlendu fyrirlesarar glöggt sem hingað eru komnir. Okkur ber því að virða og þakka framlag hennar til eflingar íslenskri menningu og kynningar á landi og þjóð sem hún hefur innt af hendi víða um heim á undanförnum árum.

Í Fréttablaðinu í dag er viðtal við Vigdísi í tilefni afmælisins. Þar segir hún á einum stað:

„Ég vona að ég hafi aldrei verið á stalli, því mér þykir svo vænt um fólk. Ég óskaði þess að fólk fyndi það vinsamlega í mér, en ekki hið gagnstæða. Ég var bara ein af okkur, ósköp venjuleg manneskja sem af tilviljun var valin í þetta starf. Vinur þeirra sem vildu vera vinir mínir. Reiðubúin að halda undir horn og lyfta með átökum, því ég er í eðli mínu dráttarklár, tilbúin að draga eða ýta á eftir málefnum og verkum.“

Hún var svo sannarlega í forsetatíð sinni tilbúin að ýta á eftir málefnum og verkum af ýmsu tagi, og jafnvel þannig að sumum þótti nóg um á sínum tíma. Vigdís færði embætti forseta Íslands nær fólkinu í landinu og með óþvingaðri framkomu sinni við ýmis tækifæri heillaði hún fólk bæði heima og erlendis.

Til hamingju með afmælið Vigdís.■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dómarinn og fjölmiðlalög

Morgunblaðið birti stutta en fræga stefnuyfirlýsingu Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttardómara og frjálshyggjumanns, 19. janúar 2004. Þar segir meðal annars: „Ég er á móti löggjöf sem bannar sama manni (eða mönnum) að eiga mörg fyrirtæki, hvort sem þau fást við rekstur fjölmiðla eða stunda aðra starfsemi.“ Og enn fremur: „Mér finnst það vera jákvætt ef framtakssamir einstaklingar verða ríkir meðal annars vegna þess að þeir eru líklegir til að nýta hagnað sinn til áframhaldandi uppbyggingar.“ Þegar horft er til fágætrar og nýfenginnar þverpólitískrar samstöðu um takmörkun á eignarhaldi í fjölmiðlum verður að telja líklegt að lög verði bráðlega sett þar að lútandi. Hugsanlegt er að fjölmiðlaeigendur sætti sig ekki við slíkar takmarkanir þegar þar að kemur og leiti réttar síns alla leið upp í Hæstarétt. Hvað gerir hæstaréttardómarinn þá?



### Stjórnlyndir frjálshyggjumenn

Frjálshyggjumaðurinn Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, skrifaði undir eftirfarandi texta árið 1996 þegar hann skilaði Birni Bjarnasyni, þáverandi menntamálaráðherra, skýrslu um endurskoðun á útvarpslögum: „Ekki verði sett sérstök lög um takmarkanir á eignarhaldi í ljósvakamiðlum. Líta skal á útvarpsrekstur sem hvern annan atvinnurekstur og skulu almenn samkeppnislög gilda um ljósvakamiðla eins og aðrar atvinnugreinar.“ Nefndarmenn bentu á slæma reynslu í nágrannalöndunum af takmörkun eignarhalds í fjölmiðlum: „Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kring um slík lög og þó að þeim sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi, virðast þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst að einstökum aðilum.“ Svo mörg voru þau orð. Auk Gunnlaugs Sævars undirrituðu skýrsluna þau Ásdís Halla Bragadóttir og Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, og framsóknarmaðurinn Páll Magnússon, varaformaður útvarpsráðs. Þetta var þá. Og svo breyttist allt. Eða hvað?

johannh@frettabladid.is

# Þau sýnast einmitt eiga við

Í DAG
SALA SÍMANS

BIRGIR GUÐMUNDSSON



Umræðan um einkavæðingu Símans er komin inn á óvenjulegar brautir. Á Alþingi er hart tekist á um hvort málið skuli rætt, einkum vegna þess að menn greinir á um hvort umræðugrundvöllurinn sé sögusagnir og dylgjur og þar með sé málið óþingtækt eða hvort meirihlutinn með liðstyrk þingforseta sé að koma sér hjá umræðu. Samfylkingarþingmenn tala um ritskoðun en þingmenn stjórnarinnar, einkum framsóknarmanna, tala um persónulega aðför og dylgjur í garð forsætisráðherra. Hneykslun og vandlæting gengur á báða bóga.

Á meðan hinir kjörnu fulltrúar fara með ræður sínar og leika sig inn í staðnaðar rullur stjórnmálahandritsins sem nú er í umferð – en þar eru í aðalatriðum tvö eintalshlutverk, með stjórn og móti stjórn – fjarar þolinmæði almennings út og leiðindin og sorgin grípa um sig. Leiðindi yfir fullkomnum fyrirsjáanleika staglsins, sorg vegna sjálfheldu mikilvægra mála og nagandi tilfinningar um að einhvers staðar á bak við stjórnsýsluathafnir leynist einhvers konar sérhagsmunasjónarmið. Ekki sérhagsmunasjónarmið kjördæmapotsins sem eru gamalkunn og gagnsæ. Halldór E. Sigurðsson heitinn, fyrrum ráðherra Framsóknarflokksins og Borgnesingur, sagði mér eitt sinn frá því að í umræðum um Borgarfjarðarbrúna á Alþingi hafi Reykjavíkurþingmaðurinn Albert Guðmundsson komið í ræðustól og sagt að sérhagsmunasjónarmið Halldórs E. réðu ferðinni við ákvörðunartöku um brúarsmíðina og nær væri að setja fé í vegagerð í höfuðborginni (Kunnugleg umræða!). Halldór kvaðst hafa farið upp til að andmæla þessu og að ekki kæmi til greina að fresta framkvæmdum við brúna. Þegar hann kom aftur í sæti sitt var á borðinu hjá honum miði með vísu:

*Sérhagsmunasjónarmið*
*sýnast ekki eiga við,*
*en Borgarfjarðarbrúna*
*byggja skal ég núna.*

**Alveg óháð því hvort eitthvað er í raun og veru athugavert við undirbúninginn á sölu Símans, hvort einhver sérhagsmunasjónarmið hafi þar ráðið för, er ljóst að mjög stór hluti þjóðarinnar trúir að svo kunni að vera. Í því felst einmitt hin stóra áminning!**

Halldór mun hafa haft gaman af þessu enda felst í allri gagnrýni á kjördæmapot viðurkenning á því að menn séu uppteknir af því að hugsa um hag sinna kjósenda. Auk þess hefur sagan sýnt að tæpast var þarna um augljósa sérhagsmuni að ræða. Um langt skeið hafa menn þó gagnrýnt stjórnmál kjördæmapots og talað fyrir því að almenn sjónarmið ráði för umfram sértækar lausnir, sé þess nokkur kostur. Almenningur hefur verið vakandi yfir þessu og háværar og sanngjarnar kröfur komið fram um að jafna vægi atkvæða og jafnvel gera landið allt að einu kjördæmi. En þó að nú sé almennt viðurkennt að stjórnmálamenn eigi að hugsa um hag allra kjósenda er sú synd að hugsa sérstaklega til sérhagsmuna kjósenda í tilteknu kjördæmi talsvert annars eðlis en gæsla sérhagsmuna af einhverjum öðrum toga, t.d. hagsmuna tiltekinna gæðinga eða vildarvina stjórnmálamanna eða flokka.

Slík hagsmunatengsl við fyrirtæki og einstaklinga eru vissulega vel þekktur hluti af íslenskri stjórnmálasögu og hafa verið gagnrýnd, ekki síður en kjördæmapotið. Það er aftur á móti grundvallarmunnur á þessu tvennu, sérhagsmunum almennings á tilteknu landsvæði eða sérhagsmunum einstaklinga eða einstakra fyrirtækja. Stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum fyrirgefast sérhagsmunasjónarmið kjördæmapotsins og það rýrir ekki traust manna á þeim að marki. Það magnar hins vegar upp kröfur um kerfisbreytingar. Sérhagsmunasjónarmið hagsmunatengsla fyrirgefast síður og þau rýra tiltrú manna og traust á viðkomandi flokkum og mönnum og stjórnmálunum í heild.

Það er alvarlegt mál fyrir stjórnmálin að missa traustið með þessum hætti. Vissulega er þetta áhyggjuefni fyrir alla flokka, en stjórnarflokkarnir hljóta að hafa sérstakar áhyggjur um þessar mundir. Hin beitta gagnrýni og vantraust á Símasöluna kemur nefnilega ekki frá stjórnarandstöðunni og meintum „dylgjum“ hennar. Sá tónn hverfur inn í pólitískan samhljóm staglsins og nær einskis manns eyrum. Gagnrýnin kemur í viðbrögðum almennings við viðhorfsgrein Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu. Pétur Blöndal, sá þingmaður sem hugsanlega hefur hvað mesta tiltrú hjá almenningi, sagði í útvarpi um þetta mál að hann hefði í síðustu viku varpað fram svipaðri hugmynd og Agnes. Hann fékk engin viðbrögð! Það segir það sem segja þarf um tiltrú fólks á stjórnmálunum. Alveg óháð því hvort eitthvað er í raun og veru athugavert við undirbúninginn á sölu Símans, er ljóst að mjög stór hluti þjóðarinnar trúir að svo kunni að vera. Í því felst einmitt hin stóra áminning! Stjórnarflokkarnir þurfa að horfast í augu við að þeirra eigin framganga og meðferð valds veldur því að í huga svo margra sýnast sérhagsmunasjónarmið – og ekki bara meinlítið kjördæmapot – einmitt eiga við, hvort sem þau gera það í þessu tilviki eða ekki. Vandinn liggur ekki í dylgjum stjórnarandstöðu þótt þær kunni að vera ósmekklegar. Í þessum efnum glymur klukkan stjórnarflokkunum sjálfum.




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.55 | 13.28 | 21.02 |
| AKUREYRI | 5.33 | 13.12 | 20.54 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

[ **tilboð o.fl.**
Svaka-skódagar
BLS. 5 ]



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 15. apríl, 105. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á* *bls. 8*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Guðlaugur Þór er liðtækur í eldamennskunni núorðið þó hann hafi nánast verið gerður brottrækur úr eldhúsinu fyrir nokkrum árum.

# Nostrar við matargerðina

***Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður var settur út af sakramentinu eftir að hann eldaði fyrstu máltíðina handa konunni sinni. Nú er hann tekinn til við eldamennskuna á ný.***

„Já, hún dró þá ályktun eftir þessa máltíð að hún væri betur til þess fallin að elda. Ég skil reyndar ekki alveg af hverju, ég man ekki betur en þetta væri prýðismatur hjá mér,“ segir Guðlaugur og hlær. „Þetta hefur hins vegar þróast þannig að ég tek virkari þátt nú og hef mjög gaman af.“

Guðlaugur segir sinn helsta galla í eldhúsinu hvað hann sé lengi að nostra við matinn. „Ef ég væri með veitingastað tækist mér ekki að þjónusta marga viðskiptavini í einu.“

Eiginkona Guðlaugs er Ágústa Johnson íþróttakennari, sem er mjög meðvituð um mataræði og hreyfingu. Guðlaugur viðurkennir að það hafi haft áhrif á sig. „Hún segist muna þegar ég pantaði mér hamborgara að ég bað alltaf um að græna draslið væri tekið af. Ég geri það ekki lengur.“

Guðlaugur segist finna mikinn mun á sér eftir að mataræðið batnaði, hann sé miklu frískari og þurfi minni svefn. „Ég finn til dæmis alltaf hvað ég verð þungur ef ég borða mikinn sykur og ef ég slæ slöku við í líkamsræktinni hneigist ég til að borða óhollari mat. Það er eins og líkaminn kalli á hollan mat þegar maður hreyfir sig reglulega.“

Uppáhaldsmatur Guðlaugs er annars vegar sushi og hins vegar hreindýrakjöt. „Við erum orðin hálfgerð sushi-“frík“. „Ef einhver hefði sagt mér fyrir nokkrum árum að ég yrði húkkaður á hráum fiski hefði ég sagt viðkomandi að leita sér hjálpar. Hinn uppáhaldsmaturinn minn er hreindýr. Ég fer á hverju ári með pabba á hreindýraveiðar og það er stórkostlegt að vera í félagsskap Hákons Aðalsteinssonar og Stefán Geirs leiðsögumanns, og eltast við hreindýrstarfa um fjöll og firnindi. Það er toppurinn,“ segir Guðlaugur og gefur lesendum uppskrift að dýrindis hreindýrasteik. „Galdurinn við hreindýrið er að elda það með einföldum hætti. Þetta er slíkt gæðakjöt að það þarf enga tilgerð við eldamennskuna.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU
*í tilboðum*

**Sumardekk** eru á tilboði hjá Bílkó á Smiðjuvegi 34 og þar sem sumardekkjatíminn er runninn upp eru slíkar fréttir góðar. Afslátturinn nemur í kringum 30% af þeim gerðum sem um ræðir.



**Gallapils og gallabuxur** eru meðal þess sem verslunin Flash á Laugavegi 54 býður nú á hálfvirði. Gallafatnaðurinn er til dæmis á 1.990 meðan þessi „vorhreingerning“ stendur yfir í versluninni. Toppar, buxur og pils eru þar líka á þúsund kall.

**Fæðubótarefni** eru nú á verulega lækkuðu verðin í Hreysti í Skeifunni 19 í Reykjavík. Þar má nefna 75 skammta af Myopro próteini sem nú seljast á 4.995 en voru áður á 7.000 og 20 bréf af Myoplex diet sem nú kosta samtals 4.795. Tvö þúsund króna afsláttur er líka á Rope Yoga bæklingum og spólu.

**Línan,** húsgagnaverslun á Suðurlandsbraut 22 selur nú amerískar dýnur á dúndurtilboði. Þær eru í stærðinni 135x203 og listaverð á þeim er 63.900 en staðgreiðsluverð á þeim nú er 44.900. Innifalið í verðinu er dýna, boxdýna og undirstöður.

*tilbod@frettabladid.is*



**Gúrkusalat**
Taktu eina gúrku og skerðu niður í litla bita. Blandaðu bitunum saman við sýrðan rjóma og saxaðan ferskan graslauk og þá er komið ferskt og gott salat með grilluðu kjöti eða fiski.

















# Kíkt í pottana hjá Dóra

***Þeir sem versla í Nettó í Mjódd um hádegisbil eða kvöldverðarleytið veita athygli öllum þeim fjölda sem raðar sér upp í horninu Hjá Dóra. Þar er seldur heitur matur og hann bókstaflega rýkur út. Hvað skyldi vera í pottunum?***



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum alltaf með sömu sex réttina sem viðskiptavinirnir ganga að vísum," segir Halldór Þórhallsson, veitingamaður í Mjóddinni, betur þekktur sem Dóri, og bendir á steikt lambalæri, svínalæri með puru, rifjasteik með puru, djúpsteikta ýsu, kjúkling og kjötbollur. „Auk þess eru alltaf aðrir tveir réttir og það er mismunandi eftir dögum hvað þeir heita," segir hann og nefnir sem dæmi svínasnitsel, lasagna og fiskibollur. „Á föstudögum hef ég oftast hamborgarhrygg með tilheyrandi," tekur hann fram.

Allt er þetta eldað á staðnum og þrátt fyrir að eldhúsið sé ekki stórt nýtist plássið vel. Borð eru í salnum fyrir 40-50 manns og Dóri segir margsetið við þau í hádeginu. „Hingað koma vinnuhópar og iðnaðarmenn í stórum stíl og svo fólk úr fyrirtækjunum í kring. Á kvöldin er þetta aðeins öðruvísi því þá er fólk að taka matinn með sér heim. Mikið er um að eldri borgarar versli hér og þeir sem búa einir, því fólki finnst ekki sniðugt að kaupa heilt lambalæri og borða það síðan í viku, heldur velur það sem passar hverju sinni."

Dóri hefur eldað í Mjóddinni í níu ár, en var áður í Perlunni áður Viðeyjarstofu. Fyrstu tvö árin í Mjóddinni vann hann hjá öðrum en hefur rekið Hjá Dóra síðustu sjö árin og haft sama starfsfólkið allan tímann. Hann segir vinsældir staðarins alltaf að aukast. „Fyrir ári hélt ég að ég hefði náð toppnum en það hefur bæst við síðan," segir hann. „Þetta eru svona um 400 skammtar á dag sem við afgreiðum, heldur fleiri í hádeginu en á kvöldin. Svo eru þeir enn fleiri á föstudögum. Þá geta þeir farið í 600. Fólk er uppgefið eftir vinnuvikuna og vill eyða tíma sínum í eitthvað annað en að elda. Finnst fínt að kaupa hér eitthvað tilbúið til að taka með sér heim, henda síðan bakkanum og byrja helgina," segir Dóri brosandi.

*gun@frettabladid.is*



Dóri og hans lið hefur nóg að gera við að seðja fjöldann.

## MASTINO: ÍTÖLSK VÍN Á TILBOÐI



*Mastino Valpolicella: Lækkar úr 1.290 kr. í 990 kr.*



*Mastino Ripasso: Lækkar úr 1.490 kr. í 1.290 kr.*



*Mastino Amarone: Lækkar úr 2.990 í 2.490 kr.*

Ítölsku Mastino-víninn frá Veneto verða á sérstöku tilboði næstu mánuði í reynslubúðum ÁTVR sem svo eru nefndar; Vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni.

Mastino er víngarður í héraðinu Valpolicella og nefnist svæðið þar sem vínið er ræktað Classico. Víngerðin er í eigu hinnar frægu víngerðarfjölskyldu Tommasi. Mastino dregur nafn sitt af Mastino Della Scala, einum hinna goðsagnakenndu fornu höfðingja Veróna. Aðalþrúgurnar í vínunum frá Mastino eru corvina, rondinella og molinera. Á næstu mánuðum verða víninn frá Mastino á sérstöku kynningaverði og eru vínáhugamenn hvattir til að bera saman verð þessara vína við önnur sambærileg ítölsk vín. Verðlækkunin nemur allt frá 200-500 kr. og verður að segjast að leitun er að jafn hagstæðu Amarone-víni svo dæmi sé nefnt.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HANDA MINNST FJÓRUM FYRIR 1000 KR. EÐA MINNA.

### Kryddlegin lambalifur

Ég hef grun um að margir séu eins og ég, sem árum saman hreinlega mundi ekki eftir því hvað lambalifur getur verið góður matur. En nú, með þessum frábæra rétti, verður lifrin enduruppgötvuð og sett á sinn stall á matseðli vikunnar. Það eru gömul og ný sannindi að jafnframt því að vera mjög buddustyrkjandi ku neysla á lambalifur einu sinni í viku gefa afar hraustlegt og gott útlit.

| | |
|---|---|
| 1 lambalifur | 200 kr. |
| 1 dós Hunt's teningaðir tómatar með hvítlauk | 125 kr. |
| 2 hvítlauksgeirar | |
| ólífuolía | |
| 1 tsk. sykur | |
| safi úr 1/2 sítrónu | |
| 1 msk. rifin engiferrót | |
| 1 tsk. paprika | |
| salt og pipar | |
| 3 msk. saxaður ferskur kóríander | 150 kr |
| 4-5 litlir ostbitar | |



Byrjið á því að hreinsa himnur af lifrinni og skerið hana síðan í strimla á stærð við litlafingur.

Merjið og saxið hvítlaukinn. Hellið ólífuolíu á pönnu og steikið hvítlaukinn og lifrarstrimlana nokkra stund. Hellið þá tómötunum út í og bætið því næst sykri, kryddi og sítrónusafa við. Hrærið í og látið malla í 3-4 mínútur. Smakkið til. Saltið og piprið eftir smekk. Setjið að síðustu ferska kóríanderinn út í ásamt ostbitunum. Slökkvið hitann undir pönnunni og látið hana standa með lokið á í 2-3 mínútur. Mjög ljúffengur réttur hvort sem er með kartöflustöppu eða góðu salati.

*Verð: Langt undir 1.000 krónum.*

## Egils Premium:
# Nýr bjór úr íslensku byggi

Egils Premium er nýr bjór frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni þar sem saman fer besta fáanlega hráefni, þar á meðal íslenskt bygg, og aldagamlar aðferðir við bruggun. Úr verður bragðmikill gullinn úrvalsbjór með mýkt og góðri fyllingu. Alúðin sem fer í bruggun Egils Premium endurspeglar þann metnað sem verið hefur aðalsmerki Ölgerðarinnar í heila öld. Aðferðin tekur mið af bruggun í upprunalandi gullna lagerbjórsins, Tékklandi. Bruggunarferli Egils Premium er lengra en annarra bjóra. Bjórinn er tvímeskjaður og gerjunin hægari. Besta fáanlega hráefni er notað við bruggunina, þar á meðal íslenskt bygg. Allt þetta skilar sér í lagerbjór með sterkum karakter og mýkt í bragði og fyllingu. Með notkun íslensks byggs í Egils Premium er Ölgerðin ekki síst að bregðast við frábærum viðtökum sem notkun íslensks byggs hefur hlotið meðal íslenskra neytenda en Egils Þorrabjór var bruggaður úr íslensku byggi og seldist upp á skömmum tíma. Egils Premium, sem er 5,7% lagerbjór, fæst í Heiðrúnu og Kringlunni.



*Verð í Vínbúðum 216 kr. í 500 ml dós og 159 kr. í 330 ml flösku.*

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9

birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA
FÖSTUDAGUR LAUGARDAGUR SUNNUDAGUR MÁNUDAGUR ÞRIÐJUDAGUR MIÐVIKUDAGUR FIMMTUDAGUR
birta

# Hreindýrasteik með einföldum hætti

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON GEFUR UPPSKRIFT AÐ VEISLUMAT.

Góður vöðvi af hreindýrinu. Skorinn niður í ca 1 cm þykkar sneiðar. Kryddað með salti og pipar. Brúnaðar á pönnu upp úr góðri olíu og settar svo í 180 gráðu heitan ofn í 5-8 mínútur (eftir smekk).

**MEÐLÆTI:**

**SELLERÍRÓTARMAUK:**

- 1 góð sellerírót afhýdd og skorin í bita
- fjörmjólk
- salt og pipar

Sellerírótin er sett í pott með mjólkinni (rétt þannig að hún liggi í mjólkinni) og soðin á lágum hita þar til hún er orðin mjúk. Svo er hún veidd upp úr og maukuð í matvinnsluvél og smökkuð til með salti og pipar.

**SÓSA:**

- laukur
- 1,5 l villibráðarsoð
- rifsberjasulta 1-2 tsk.
- gráðostaklípa
- púrtvínskvetta
- salt og pipar

Steikið lauk í potti, hellið soði saman við. Þykkið með smjörbollu.

Bragðbætið með rest (þetta er einföld útgáfa af sósu en við hátíðlegri tækifæri má leggja meiri vinnu í sósugerðina, t.d. verða sér úti um alvöru hreindýrasoð og nota ferskar kryddjurtir s.s. rósmarín og timjan og o.s.frv.).

Annað meðlæti gæti verið Waldorf-salat og bakaðar kartöflur.

Vor í lofti
grill veisla
alla föstudaga í apríl milli kl.12 og 14
grillkjöt, kartöflusalat,hrásalat, sósur, grænmeti og ískalt PEPSI
Allt þetta á aðeins 990 kr.
ÞEIM SEM EKKI HAFA PRÓFAÐ OKKAR LJÚFENGU ELDBÖKUÐU PIZZUR ER RÁÐLAGT AÐ BÍÐA EKKI LENGUR.
Mangó grill
Suðrænir straumar
Brekkuhúsum 1 Grafarvogi sími 5771800
VIP design 113




Góð hugmynd að rétti dagsins!
Kjúklingaréttur með E. Finnsson Carmen grill-og samlokusósu
Rétturinn er fyrir 4.
4 kjúklingabringur, skornar í strimla
1 rauðlaukur, smátt saxaður
1 púrrulaukur, smátt skorinn
1 rauð paprika, smátt söxuð
1 græn paprika, smátt söxuð
1 krukka E. Finnsson Carmen grill- og samlokusósa
sítrónupipar
olía til steikingar
Léttsteikið grænmetið í örlítilli olíu á pönnu og hellið í skál. Takið síðan bringurnar og léttsteikið á pönnunni og stráið smávegis sítrónupipar yfir.
Hellið grænmeti og E. Finnsson Carmen sósunni á pönnuna, hrærið saman við og látið malla í 2-3 mín.
Berið réttinn fram með heitu hvítlauksbrauði, hrísgrjónum og fersku salati. Notið örlítið af E. Finnsson grænmetissósu á salatið.
Í staðinn fyrir E. Finnsson Carmen sósu má einnig nota E. Finnsson Aidu sósu en sleppa þá sítrónupiparnum.
Fljótlegt og gott. Verði ykkur að góðu!!!!
AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU
VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is



# allt tilboð o.fl.

**Sinnep**
Sæta Kolding-sinnepið í versluninni Spar í Bæjarlind er topptilboðið aðra vikuna í röð. Það lækkar úr 153 krónum í 31, um heil 80%.

**80%**




Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16

Topp HÚSIÐ


**Bónus**

**Tilboðin gilda til 17. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Þorskbitar roð- og beinlausir | 499 | 599 | 499 | 15 |
| Laxabitar roð- og beinlausir | 699 | 999 | 699 | 30 |
| Bónus eplasafi | 1 l | 59 | 79 | 25 |
| Ferskir kjúklingabitar | 299 | 399 | 25 | |
| Colgate tannkrem 75 ml | 98 | 149 | 35 | |
| Finish uppþvottavélatöflur 44 stk. | 499 | 799 | 11 | 40 |
| Kf rauðvínslegið lambalæri 799 | 999 | 799 | 20 | |
| Bónus vöfflumix 500 g | 159 | 199 | 318 | 20 |
| Bónus ungnautaborgarar 10*115 g | 999 | Nýtt | 869 | |
| Jarðarber frosin 750 g | 159 | Nýtt | 212 | |
| Hindber frosin 300 g 129 | Nýtt | 430 | | |
| Kf hrásalat 350 g 99 | 159 | 283 | 40 | |

**FK Fjarðarkaup**

**Tilboðin gilda til 16. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautainnralæri úr kjötborði | 1.798 | 2.198 | 1.798 | 20 |
| Roast beef | 1.398 | 1.798 | 1.398 | 20 |
| Fk brauðskinka | 899 | 1.098 | 899 | 20 |
| Brauðostur kílópakkning | 797 | 997 | 797 | 20 |
| Kryddað fjallalæri | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Skólaostur kíló pakkning | 797 | 997 | 797 | 20 |
| Cheerios 992 g | 398 | 489 | 401 | 20 |
| Fk wc pappír 12 rúllu í pk. | 199 | 365 | 17 | 45 |
| Kelloggs kornflögur 1 kg | 198 | 298 | 198 | 35 |
| Kelloggs special k 750 g | 198 | 448 | 264 | 55 |
| Defruit djús 1 l | 59 | 99 | 59 | 40 |

**nettó**

**Tilboðin gilda til 17. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kalkúnastrimlar | 599 | 998 | 599 | 40 |
| Íslandsnaut hamborgarar 10 stk. | 999 | 1.298 | 999 | 25 |
| Kjúklingarúllur | 974 | 1.499 | 974 | 35 |
| Ofnsteik | 799 | 1.349 | 799 | 40 |
| Soðið hangikjöt | 1.299 | 1.998 | 1.299 | 35 |
| Egils mix 2 l | 99 kr. | 189 kr. | 99 kr. | 50 |
| Toro dinner kit (6 gerðir) | 499 | Nýtt | 499 | |
| Göteb. Ballerina appelsínu | 98 | Nýtt | 98 | |
| Ítalskt buff m. sólþurrkuðum tómötum | 399 | 479 | 399 | 15 |
| Kjúklingastrimlar steiktir | 974 | 1.178 | 974 | 15 |

**NÓATÚN**

**Tilboðin gilda til 17. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir fylltar | 1.899 | 2.298 | 1.899 | 20 |
| Móa kjúklingaleggir magnpk. | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Móa kjúklingalæri magnpk. | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Gourmet Dijon ofnsteik | 1.105 | 1.579 | 1.105 | 30 |
| Myllu samlokubrauð 2 fyrir 1, 1 kg | 197 | 394 | 197 | 50 |
| McCain Superfries Crincle Cut franskar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Kjörís mjúkís, 7 bragðtegundir 2 l | 519 | 1.038 | 260 | 50 |
| Náttúra appelsínusafi 3 fyrir 2 | 278 | 417 | 93 | 35 |
| Homeblest 500 g | 99 | 199 | 198 | 50 |
| Egils Kristall 0,5 l | 79 | 120 | 158 | 35 |

**KRÓNAN**

**Tilboðin gilda til 18. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu brauð stórt og gróft 770 g | 109 | 129 | 142 | 15 |
| Móa kjúklingur | 359 | 598 | 359 | 40 |
| Móa læri/legg magnkaup | 383 | 599 | 38 | 35 |
| Frón kremkex 500 g | 169 | 193 | 338 | 10 |
| KM frystiréttir, grillborgarar 10 stk. | 479 | 798 | 48 | 40 |
| Brazzi eplasafi/appelsínusafi | 79 | 82 | 79 | 35 |
| Ariel regular 3,3 kg | 998 | 1.098 | 302 | 10 |
| Bautabúrs kindahakk | 498 | Nýtt | 498 | |
| Sprite Zero 2 l | 99 | 138 | 50 | 30 |

**SPAR**
Bæjarlind

**Tilboðin gilda til 19. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba Prime F + úr kjötborði | 1.348 | 2.450 | 1.348 | 45 |
| Nauta file úr kjötborði | 1.875 | 2.678 | 1.875 | 30 |
| Lambasaltkjöt, ódýrt | 298 | 398 | 298 | 25 |
| Gulrófur | 98 | 169 | 98 | 40 |
| Icebergsalat | 189 | 323 | 189 | 40 |
| Nautahamborgarar 10x80 g frosið | 499 | 998 | 50 | 50 |
| McVitie's Hobnobs Nobbly kex 300 g | 55 | 183 | 183 | 70 |
| Kolding sinnep sætt 450 g | 31 | 153 | 69 | 80 |
| Helwa French Wafers kex 110 g | 89 | 148 | 810 | 40 |

**HAGKAUP**

**Tilboðin gilda til 17. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta kjúklingalæri frosin í poka | 349 | 699 | 349 | 50 |
| Kjúklingabringur frosnar | 1.299 | 1.499 | 1.299 | 15 |
| SS súpukjöt frosið | 389 | 638 | 389 | 40 |
| Rana tortellini m. sveppum 250 g | 287 | 359 | 1.148 | 20 |
| Rana tortellini m. ricotta og spínati 250 g | 299 | 375 | 1.196 | 20 |
| Ungnautahakk | 699 | 1.198 | 699 | 40 |
| Goodf. Delicia chick. pizza 280 g | 279 | 349 | 996 | 20 |
| Myllu hvítlauksbrauð hringur | 199 | 299 | 199 | 35 |

**Þín verslun**

**Tilboðin gilda til 20. apríl**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Mexico grísakótilettur | 1.174 | 1.468 | 1.174 | 20 |
| London lamb | 1.174 | 1.468 | 1.174 | 20 |
| Caj Pís kryddað lambalæri | 1.334 | 1.668 | 1.334 | |
| Toro ítölsk grýta | 179 | 207 | 179 | 20 |
| Toro lasagna ofnréttur | 229 | 295 | 229 | 25 |
| Bisca vanillu kremkex 500 g | 229 | 299 | 458 | 25 |
| Grazia appelsínukex 150 g | 119 | 176 | 785 | 35 |
| Holger grófar bruður 400 g | 139 | 178 | 348 | 20 |


Vorum að fá magnaðar græjur frá Blitz Audio
Bíltæki, hátalarar með LED
Bassabox með Neon
LCD Skjári o.fl.
Kíkið á heimasíðuna fyrir frekari upplýsingar eða komið í heimsókn

ÁG MOTOR SPORT



29.995,-
1200W bassabox m/ Neon

ÁG mótorsport • Kletthals 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport



Full búð af nýjum vörum!

Sumarbuxur og bolir litlar og stórar stærðir



Rýmingarsala á eldri vörum

B. Magnússon
Austurhraun 3 Gbæ sími 555-2866
Opið 10-18 og lau 11-14
www.bmagnusson.is








GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 22.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki

Klassískur gítar frá 10.900

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900



MAPEX trommusett með stöndum og diskum
rétt verð kr. 79.900
tilboðsverð kr 59.900

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR


# Til forræktunar og sáningar

***Á vordögum í Blómavali eru vorlaukar og fræ á verulegum afslætti auk metra hárra sýpristrjáa.***



Nú er tíminn til að sá og forrækta og laukar eins og dalíur, gloxiníur, begóníur, anímónur og gladíólur eru af því tilefni á 40% afslætti hjá Blómavali. Gloxiníur eru pottablóm til að hafa inni en begóníur er hægt að fara með út í ker á skjólgóðum stað þegar þær hafa náð vissum þroska. Dalíur og gladíólur eru flottar í sólskálunum en anímónur ná að blómstra síðsumars þótt laukarnir séu settir beint út. Einnig eru fræ í miklu úrvali í Blómavali á 40% afslætti, bæði blómafræ og grænmetisfræ. Má þar nefna fræ til fljótsprottinna sumarblóma sem má sá úti í byrjun maí, eins og sumarlíns sem blómstrar rauðu, eggjablóms, strandrósar og hins bláa vinablóms. ■

# Smáralindin fagnar sumri

***Vorútsala í flestum verslunum í tíu daga.***

„Við erum að fagna sumri og bjóða tiltölulega nýjar vorvörur á verulegum afslætti," segir Jane María Sigurðardóttir, markaðsfulltrúi Smáralindar, um vorútsöluna sem nú er hafin í verslunarmiðstöðinni og stendur í tíu daga, til 24. apríl. Jane segir langflestar verslanirnar í Smáralindinni taka þátt og bjóða sérstök tilboð þessa daga.




„Við erum að rýma fyrir nýjum sumarvörum," segir hún. Afslátturinn nemur allt að 50% af einstökum vörum og má sem dæmi nefna Blash-boli í Jack og Jones. 30% afsláttur er algengur á vorútsölunni. Hann gildir til dæmis þegar keyptir eru vasar hjá Hirti Nielsen, silkiblóm hjá Home Art, Oakley-buxur hjá Optical studio og valdar herraskyrtur hjá Ralph Lauren. ■

# Svaka-skódagar

***Skór eru seldir með allt að 75% afsætti í Outlet í Faxafeni.***



Nú standa yfir svakaskódagar hjá versluninni Outlet í Faxafeni 10, en hún sérhæfir sig í að selja merkjavöru á lægra verði en gerist og gengur.

Þessa dagana er hægt að fá skó með allt að 75 prósenta afslætti en ódýrustu skórnir eru á 990 krónur. Til dæmis er hægt að fá hina vinsælu Adidas Shelltoe á 2.990 krónur, Bullboxer-skó á 2.990 krónur, Camperstígvél á 7.990 krónur og Converse-skó á 4.990 krónur svo eitthvað sé nefnt.

Fleiri skómerki er hægt að fá á frábæru verði eins og Nike, X-18, Poplife, Again&again, Bronx, Diesel, Skechers, Gola, Kickers og Billi Bi. Einnig er hægt að fá boli frá 990 krónum, gallabuxur frá 2.490 krónum, peysur frá 1.490 krónum, jakka frá 2.490 krónum, jakkaföt frá 12.500 krónum og dragtir frá 7.990 krónum.




Líkamsrækt

RopeYoga

Nýtt heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann þar sem miðjan – *kviður og bak* – gegnir lykilhlutverki.

**Ný 8 vikna námskeið hefjast 4. og 10. maí**

**Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 6:15, 7:15, 8:20 og 10:00.**

**Mánudagar, miðvikudagar og föstudagar kl. 13:30.**

**Framhaldsnámskeið á mánudögum kl. 14:30, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13:30.**

***Vertu velkomin í okkar hóp!***

www.jsb.is

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 809-05



Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu




Lífrænt ræktað og spírað, mjög ensímríkt. Inniheldur flest nauðsynleg vítamín, steinefni, andoxunarefni, prótein og heilandi jurtir

Fæst í apótekum og heilsubúðum



birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



Enn og aftur, ótrúlegt tilboð á Mangó þessa helgi

2 16"pizzur með 2 áleggstegundum + 2 L pepsi = 2 þúsund kr.




tvær 16" pizzur
með tveimur áleggstegundum
og ein 2. litra pepsi
á 2000kr.

frábært tilboð
15. 16. 17. apríl

Mango grill
Suðrænir straumar

Fjölbreyttur matseðill

Sími 5771800 grill / 5771414 pizza Brekkuhúsum 1. Grafarvogi



allt



ferðir o.fl.
FIMMTUDAGUR



atvinna o.fl.
SUNNUDAGUR

heilsa o.fl.
ÞRIÐJUDAGUR



hús o.fl.
MÁNUDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -
AUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

2 DAGAR EFTIR
RÝMINGAR
SALA
Í DAG OG Á MORGUN
MIKILL AFSLÁTTUR

EPAL HF./ SKEIFUNNI 6 / SÍMI 568 7733 / FAX 568 7740 / EPAL@EPAL.IS / WWW.EPAL.IS
epal

# Bolir og toppar með afslætti

*Caro býður nærfatasett fyrir alla aldurshópa.*



Í versluninni Caro er 15% vorafsláttur á öllum vörum til 20. apríl. „Þetta eru ítalskar vörur, aðallega bolir og toppar, allt frá því að vera íþróttatoppar upp í að vera glæsilegir sparitoppar," segir Hjördís Ívarsdóttir, annar eigenda Caro. „Þá erum við einnig með mikið úrval af bolum úr örþráðum sem eru gríðarlega vinsælir og eru til í mörgum litum og gerðum, að ógleymdu miklu úrvali af bolum úr bómull, blöndu af ull og silki og blöndu af ull og bómull."

Verslunin Micro býður líka mikið úrval af nærfötum fyrir, börn, dömur og herra. „Við erum til dæmis með nærfatasett fyrir karlmenn, og þeir nota gjarnan bolina sem eru mjög smart undir jakkafötin. Þá er líka sniðugt fyrir brúðhjón að kaupa sér nærfatasett hjá okkur."

Caro er að auki með baðlínu og allar vörur verslunarinnar eru seldar með afslætti. Verslunin er í Ásnum, Hraunbæ 119, og er opin frá klukkan 11 til 18 alla daga vikunnar nema á sunnudögum. ■

# Vorútsala á bikiníum

Verslunin Change í Smáralind heldur vorútsölu á bikiníum og undirfatnaði næstu níu daga. Afsláttur er 25 til 50 prósent af völdum vörum en ásamt bikiníum og undirfatnaði eru náttföt líka á útsölu. Til dæmis er hægt að fá haldara á 2.233 krónur sem var áður á 3.190 krónur og streng á 1.113 krónur sem var áður á 1.590 krónur. Um er að gera að grípa gæsina meðan hún gefst og flatmaga í sólinni í sumar í nýju bikiníi.



Barnahjól
Hvergi meira úrval!
Italtrike INTERNATIONAL



Þríhjól. Vönduð, létt, sterk og endingargóð. CE öryggisstaðall.
Verð frá kr. 4.900



vivi BIKES
Létt, sterk og meðfærileg barnahjól með hjálpardekkjum og fótbremsu. CE öryggisstaðall.
12,5" fyrir 3 - 4 ára
14" fyrir 4 - 5 ára
16" fyrir 5 - 6 ára

GIANT
Barnahjól 12,5" – 3-4 ára
Verð aðeins kr. 9.900
Litir: rautt eða gult



GIANT
Barnahjól 16" – 5-6 ára
Verð aðeins kr.12.4 00
Litir: Bleikt, blátt eða silfur



GIANT
Barnahjól 20" – 6-7 ára
5 gíra, verð frá 18.400
Fleiri litir og gerðir





Walt Disney barnadót og hjálmar í miklu úrvali





Reiðhjólahjálmar
Mikið úrval af barna reiðhjólahjálmum, einföld og örugg stilling. CE merktir



HAMAX
Barnastólar
Fjaðrandi stellfesting, púðar og öryggisólar. Einnig til með svefnstillingu

Hönnun: Gunnar Steinþórsson / Markið / 04. 2005

5% stgr. afsláttur. Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni
Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð.
Frí uppherslа fylgir innan tveggja mánaða.



MARKIÐ
www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



Sundföt sem passa
Gjafabréf
Gallery Freydís
ÍSLENSK HÖNNUN & FRAMLEIÐSLA
Laugavegi 59 • 3. hæð Kjörgarði • 561 5588



Úrval giftingahringa
BRILLIANT
Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

1. tbl. 1. árg. 15. apríl 2005

# Birting

## Tímarit um ungt fólk



### Hjálmar og Salka

Hjálmar Hjálmarsson og dóttir hans fjalla um kröfur til ungs fólks fyrr og nú

### Rokksöngleikurinn Rígurinn

MA og VMA sýna um þessar mundir frumsaminn rokksöngleik sem hefur hlotið frábærar viðtökur

### Afpantaði Metallica til að sinna skólanum

Gunnar Atli Gunnarsson er ungur á uppleið

### Þorgerður Katrín tekin tali

Menntamálaráðherra svarar spurningum sem brenna á framhaldsskólanemum

### Söngkeppni framhaldsskólanema


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

ICELANDAIR

SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA
*til staðar fyrir þig*

# Ritnefnd Birtingar



**Ritstjórar:** Kristín Helga Schiöth / Ottó Elíasson

**Ritnefnd:** Axel Aage Schiöth [aas] / Birgitta Stefánsdóttir [bs]
Egill Antonsson [ea] / Guðni Líndal Benediktsson [glb]
Jakobína Ósk Sveinsdóttir [jós] / Jan Eric Jessen [jej]
Kristín Helga Schiöth [khs] / Ottó Elíasson [oe]
Steinunn Rögnvaldsdóttir [sr] / Vilhjálmur Anton Einarsson [vae]

**Ljósmyndir:** Arnar Ómarsson / Ari Marteinsson
Hjalti Jakobsson / Páll A. Pálsson / Ragnar Hólm Ragnarsson / Trausti Dagsson

**Umbrot:** Örlygur Hnefill Örlygsson / Tryggvi Aðalbjörnsson

**Útgefandi:** Birting - hátíð ungs fólks

**Framkvæmdastjórn:** Valdís Anna Jónsdóttir / Tryggvi Aðalbjörnsson



# Birting - hátíð ungs fólks

Birting, hátíð ungs fólks, var sett síðastliðinn laugardag við hátíðlega athöfn í Ketilhúsinu á Akureyri að viðstöddum forseta Alþingis og fleiri gestum. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyrar, hélt ávarp þar sem hann hrósaði ungu fólki og hvatti það til dáða. Birting er hugsuð sem átak til að efla ímynd ungs fólks í landinu. Upphaf hátíðarinnar á rætur sínar að rekja til tveggja framhaldsskóla norður í landi, Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri. Okkur þykir allt of mikið horft til þess sem miður eða illa fer meðal okkar unga fólksins og það gleymist að við gerum einnig góða hluti.

Nú í fyrsta sinn sameina skólarnir tveir, MA og VMA, krafta sína á þessari hátíð. Ríflega 200 ungmenni koma að hátíðinni. Hugmyndin að samstarfi skólanna kviknaði á haustmánuðum 2003 en undirbúningur hófst í mars 2004 og hefur staðið síðan. Í fyrstu var stefnan að efna til sameiginlegrar uppfærslu á leikriti en það vatt fljótt upp á sig og sú hugmynd kom upp að gera tilraun til að fá Söngkeppni framhaldsskólanema norður í land. Það hafði áður verið gert í mars 2003 og þótti takast með afbrigðum vel. Þá voru haldnir menningardagar ungs fólks í tengslum við keppnina og komu á þriðja þúsund manns til Akureyrar þá helgi. Ungmenni landsins þóttu geta sér gott orð með fyrirmyndarhegðun.

Í framhaldi af þessu ákváðum við að efna til átta daga hátíðar, sem átti að halda fjölbreytta dagskrá. Undirbúningurinn var strembinn en takmarkið var göfugt og því höfum við haldið áfram allt til enda. Nú er takmarkið að nást og er þetta blað m.a. afrakstur margra mánaða þrotlausrar vinnu. Ekki bara okkar vinnu, heldur vinnu yfir 200 ungmenna sem stunda nám í framhaldsskóla á Akureyri.

Rokksöngleikurinn Rígurinn var frumsýndur á laugardaginn var, 9. apríl og hafa krakkarnir sem að honum standa staðið sig frábærlega og eiga allt hið besta skilið fyrir dugnað sinn og elju. Verkið er eitt það stærsta sem sett hefur verið upp í framhaldsskóla hérlendis og hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur. Við vinnu sem þessa hafa skóli, fjölskylda og vinir þurft að víkja en allir hafa haldið ótrauðir áfram. Með Birtingu viljum við sýna að við, jafnt sem þeir fullorðnu, erum gædd þeirri þrautseigju og seiglu sem þarf til að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu.

**-Tryggvi Aðalbjörnsson & Valdís Anna Jónsdóttir**





ALCAN


# Þorgerður Katrín tekin tali

Einn af mörgum styrktaraðilum Birtingar er menntamálaráðuneytið. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er einnig verndari hátíðarinnar. Þegar við hittum Þorgerði Katrínu var hún að ljúka hringferð sinni um framhaldsskóla landsins þar sem hún kynnti styttingu náms til stúdentsprófs. Ritstjórn Birtingar þótti tilvalið að taka hana tali og spyrja hana um málefni sem varða ungt fólk.

**Hvað finnst þér um framtak eins og Birtingu?**
Mér finnst þetta frábært, það er alltaf gaman þegar hópar taka sig saman og gera eitthvað skemmtilegt. Ég fagna svona framtaki og finnst það til fyrirmyndar. Ég vona líka að það smiti út frá sér, að það leiði til einhvers meira. Ég óska ykkur til hamingju með þetta.

**Stytting náms til stúdentsprófs hefur verið í brennidepli undanfarið og þessi ákvörðun hefur verið umdeild. Hver eru aðalrökin fyrir styttingunni?**
Á undanförnum árum erum við búin að þróa skólakerfið okkar í ákveðna átt og við erum að taka inn í kerfið ákveðnar breytingar. Þær breytingar hafa meðal annars leitt til þess að skólaárið í grunnskólanum er núna tveimur árum lengra en fyrir nokkrum árum síðan. Það sama gildir um framhaldsskólann, hann hefur lengst um tólf vikur og okkur ber í raun skylda til þess að skoða hvernig við getum nýtt tímann betur. Skólinn hefur í raun lengst um 2700 klukkustundir. Við viljum athuga hvort það sé möguleiki á að nota tíma fólksins okkar betur í samræmi við það sem aðrar þjóðir eru að gera. Með því skapast tækifæri til þess að meta fyrr hvað fólk vill aðhafast. Vill það fara í háskólann, út í heim eða á vinnumarkaðinn? Þetta er spurning um tækifæri fyrir unga fólkið. Þó ég geri mér fyllilega grein fyrir að skemmtilegustu árin eru í menntó, þá er líka gaman eftir menntó.

**Framhaldsskólinn mun styttast um fjórðung, verður einhver skerðing á námsefni?**
Það er ekki hægt að tala um að það verði einhver ákveðin skerðing nema þá að námsefnið styttist. Styttingin sem slík nemur um 6 einingum. Við erum fyrst og fremst að reyna að horfa á skólakerfið sem eina heild, ekki í einhverjum boxum; ekki leikskólaboxið, grunnskólaboxið og framhaldsskólaboxið. Við spyrjum heldur; það er ákveðið námsefni sem að menn þurfa að kunna skil á til þess að verða stúdentar, hvernig komum við því fyrir í þessari 14 ára skólagöngu okkar?

**Telur þú að styttingin komi niður á félagslífi nemenda?**
Nei, ég er ekki farin að sjá það. Ég hafði mikil samskipti við framhaldsskólana á Norðurlöndunum á sínum tíma, en námið þar tekur þrjú ár. Þar var mjög skemmtilegt og fjörugt félagslíf. Við erum að tala um að lengja skólaárið úr 175 dögum í 180 daga, sem er ekki svo mikið. Ég held að tækifæri fyrir skemmtilegt félagslíf verði tvímælalaust til staðar.

**Árið 2011 mun mjög stór árgangur útskrifast, þ.e. árgerðir 1991 og 1992. Það hefur mikið verið talað um afleiðingar þessa, hætta er á að tækifæri þessara árganga til náms og þátttöku í atvinnulífi muni minnka. Verður eitthvað gert til að sporna við þessu?**
Það verður tekið á þessu, við munum reyna að styrkja háskólastigið sérstaklega, því við gerum okkur grein fyrir að þetta ár verða fleiri sem innritast inn í háskóla. Við munum undirbúa þá þætti sem þarf til þess að mæta svona flóði til að byrja með. Við gerum líka ráð fyrir þessu inn í öllum okkar fjárhagsáætlunum.

**Ekki eru allir á eitt sáttir um samræmd próf í framhaldsskólum og margir óttast að með tilkomu þeirra muni sérstaða skólanna hverfa. Hver er skoðun þín á því?**
Ég hef haft mikinn skilning á þessari gagnrýni sem hefur verið á samræmdum prófum. Á móti kemur að samræmd próf eru ákveðin tæki til að mæla ákveðna kunnáttu, þekkingu og færni nemenda og við þurfum að hafa slík tæki. Samræmd próf eru ein leið til þess. Þau voru samþykkt á sínum tíma, það var enginn stjórnmálaflokkur sem mælti á móti þeim og allir tóku þátt í þessu. Það má hugsa sér að skoða samræmdu prófin, enda á allt í skólakerfinu að vera í stöðugri endurskoðun. Í samræmi við þá skyldu sem menn búa við núna finnst mér að menn eigi að taka prófin og hvet alla til þess.

**Hvernig verður styttingu iðnnáms háttað?**
Það verður sérstaklega tekið á iðn- og starfsnámi. Ég hef m.a. notað fundina til að ítreka að við við erum ekki eingöngu að líta til bóknáms, við erum líka að líta til starfsnámsins. Það verður að endurskoða samhliða bóknáminu en við þurfum að fá starfsgreinaráðið með okkur. Þau hafa það hlutverk að fara yfir allt starfsnámið með tilliti til þess hvort að styttingin komi til með að hafa áhrif á það. Við ætlum að notfæra okkur tækifærin sem styttingin felur í sér til að reyna að efla og styrkja starfsnámið. Við þurfum að fjölga fólki sem er í starfsnámi og reyna að gera námið aðlaðandi fyrir þá sem geta hugsað sér að fara í starfsnám.

**Að lokum spyrjum við um tónlistarnám, það hefur verið í umræðunni hvernig eigi að fjármagna það. Stendur til að ríkið muni taka að sér fjármögnun tónlistarnáms á framhaldsskólastigi?**
Að hluta til, ríkið mun fjármagna þær einingar í tónlistarnámi sem er hægt að meta til stúdentsprófs. Á þessum fjárlögum komum við til með að bæta við um 40 milljónum í það verkefni.

Áður en Þorgerður Katrín þýtur út á flugvöll óskar hún aðstandendum Birtingar velfarnaðar og lýsir yfir ánægju sinni með verkefnið. Við þökkum henni fyrir viðtalið og samvinnuna.

**-khs & bs**






Coke gefur Tóninn
Coca-Cola
20.000 lög á Tónlist.is í boði.
Vinnur þú uppáhalds lagið þitt?
Drekktu 0,5L Coke og taktu þátt í skemmtilegum SMS leik. Sendu SMS með kóðanum sem er aftan á miðanum á númerið 1900 og þú gætir unnið lag að eigin vali á Tónlist.is. 20.000 lög í boði. Almennt SMS verð - ekkert aukagjald.
TÓNLIST.IS
Coca-Cola



# Fatahönnunarkeppni framhaldsskólanna

Fatahönnunarkeppni framhaldsskólanna fer fram laugardaginn 16. apríl næstkomandi. Þetta er í fyrsta skiptið sem keppni af þessu tagi er haldin meðal framhaldsskólanema hér á landi. Keppnin hefst klukkan 16:00 í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri og er nemendum í öllum framhaldsskólum á landinu heimil þátttaka.

Hönnuðurnir ráða efnisvali sínu algjörlega sjálfir og geta látið ímyndunaraflið reika að vild. Eins og áður sagði verður afrakstur erfiðisins svo sýndur með pompi og prakt á einni allsherjar tískusýningu á Glerártorgi. Að henni lokinni mun síðan dómnefnd velja bestu flíkina og hlýtur sigurvegarinn að sjálfsögðu vegleg verðlaun fyrir vikið. Þar að auki verður Norðurmjólk á staðnum til þess að kynna nýja skyr-drykkinn sinn, Smoothie. Icelandair veitir tvo flugmiða til Evrópu eða Ameríku í vinning.

Um 30 þátttakendur hafa skráð sig til keppni og er það vonum framar. Þessi fjöldi mun vonandi stuðla að miklum fjölbreytileika. Það er ljóst að keppni sem þessi er frábær leið til þess að ungir og upprennandi fatahönnuðir geti sýnt verk sín og hugsanlega komið hugmyndum sínum á framfæri. Því er um að gera, jafnt fyrir unga sem aldna, að fjölmenna niður á Glerártorg, eta skyr og láta ekki þessa stórkostlegu nýjung í lífi framhaldsskólanema fram hjá sér fara. Hver veit nema við eigum eftir að berja augum fræga fatahönnuði framtíðarinnar!

-jós

ICELANDAIR

# Ungt afreksfólk

Þorsteinn Ingvarsson og Hafdís Sigurðardóttir hafa um árabil verið meðal fremstu íþróttamanna í sínum flokki í frjálsum íþróttum. Þau hafa einnig keppt á fullorðinsmótum hér heima og náð góðum árangri. Þorsteinn náði t.d. inn á heimslistann í sínum flokki er hann setti Íslandsmet í langstökki upp á 7,38 metra í Gautaborg á síðast ári. Þau eru bæði uppalin í Þingeyjarsýslu en komu til Akureyrar til að sækja framhaldsskóla. Næsta sumar munu þau fara út í lönd til að keppa fyrir Íslands hönd í frjálsum íþróttum.

**Hvað hafið þið æft frjálsar lengi?**
Hafdís: Síðan ég var sex ára.
Þorsteinn: Ég held ég hafi byrjað um 9 eða 10 ára aldurinn.

**Hvernig er unglingastarfið hjá HSÞ?**
Þ: Það hefur orðið mikil vakning á síðustu fimm árum kannski.
H: Þetta er allt að batna og fleiri eru að koma inn.

**Í hvaða greinum eruð þið helst?**
Þ: Ég er aðallega í stökkgreinum; langstökki, þrístökki og hástökki og svo er ég í spretthlaupi.
H: Ég er í langstökki, þrístökki og sprettunum; 100m og 200m.

**Hver er ykkar besti árangur?**
Þ: Samkvæmt stigatöflunni er minn besti árangur 7, 38 í langstökki.

**Hafið þið farið eitthvað út að keppa?**
Þ: Ég hef farið til Svíþjóðar, Finnlands og Grikklands
H: Ég hef ekki farið neitt út ennþá en ég geri það víst í ár með landsliðinu

**Á smáþjóðaleikana í Andorra þá?**
H: Já.
Þ: Á smáþjóðaleikana og svo Evrópubikarmótið í Eistlandi.

**Hversu oft æfið þið í viku?**
Þ: Ég æfi 5 sinnum í viku.
H: Ég æfi 5 sinnum í viku en einn daginn æfi ég tvisvar.

**Eitt að lokum, eruð þið hjátrúarfull fyrir mót?**
Þ: Nei.
H: Nei, ég reyni að halda mig frá svoleiðis hlutum.



# „Og á var kátt í Höllinni”

Loksins. Loksins er komið að atburðinum sem íslenska þjóðin hefur beðið eftir með öndina í hálsinum síðan árið 2005 gekk í garð. Atburðinum sem mun marka tímamót í lífshlaupi okkar allra og skilja eftir sig óafmáanleg spor í sögu landsins. Þjóðin hefur talið niður klukkustundirnar, dagana, vikurnar og mánuðina, hún hefur engst sundur og saman af spenningi, skolfið af tilhlökkun og grátið af gleði. En óttist eigi, kæru samlandar, því biðin er senn á enda. Atburðurinn langþráði nálgast óðfluga: Söngkeppni framhaldsskólanna 2005 er á næsta leyti!

Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri laugardaginn 16. apríl og hefst hún klukkan 21:00. Þetta er í annað skiptið sem keppnin er haldin hér norðan heiða, en hún var áður haldin í Höllinni í mars 2003. Sú keppni heppnaðist vonum framar þar sem um 2.000 manns, hvarvetna að af landinu, voru saman komnir og skemmtu sér konunglega yfir frábærum atriðum.

Flestir framhaldsskólar landsins eiga sinn fulltrúa í keppninni í ár, en fulltrúarnir eru yfirleitt valdir í undankeppnum sem fara fram innan hvers skóla fyrir sig. Að þessu sinni verða keppendur því líklega á bilinu 24 til 28 talsins, en það er svipaður fjöldi og tók þátt í keppninni árið 2004. Sjónvarpið mun svo að sjálfsögðu vera með beina útsendingu frá keppninni og svo verður henni útvarpað á Rás 2.

Mikil leynd hvílir yfir því hver verður kynnir kvöldsins, en kynnarnir hafa oft sett skemmtilegan svip á keppna í gegnum árin. Haft var samband við einn skipuleggjanda keppninnar með það að leiðarljósi að komast yfir nafn kynnisins, en í ljós kom að greinarhöfundi hefði reynst auðveldara að diffra 80 reikningsdæmi og ná mynd af Lagarfljótsorminum, heldur en að takast að draga upp úr honum hver muni kynna atriðin. Það eina sem hann vildi um málið segja var að „verið væri að semja við ákveðinn aðila“. Afar leyndardómsfullt. Greinarhöfundur vonar heitt og innilega fyrir sína parta að kynnir kvöldsins verði Gísli Marteinn, hið síkáta óskabarn þjóðarinnar.

Eins og í síðustu keppnum, verður boðið upp á nokkur skemmtiatriði í hléi. Ekki er alveg komið á hreint hverjir munu stíga á stokk til þess að hafa ofan af fyrir áhorfendum, en líklega munu sigurvegararnir frá því í fyrra, þær Sunna Ingólfsdóttir og Sigurlaug Gísladóttir í MH, vera með atriði. Einnig hefur heyrst, samkvæmt „orðinu á götunni“, að hin stórskemmtilega hljómsveit Jakobínarína, sem vann Músíktilraunir nú í ár, troði upp, en það hefur þó ekki verið staðfest. Í lok keppninnar fær síðan dómnefnd það erfiða verk í hendur að veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið en þar að auki verður SMS-kosning þar sem þjóðinni gefst tækifæri á því að velja sitt uppáhalds lag.

Það er Félag framhaldsskólanema sem ber ábyrgð á allri skipulagningu og framkvæmd keppninnar en hún er haldin í samvinnu við Birtingu. Það má því búast við að framhaldsskólanemar landsins flykkist til Akureyrar til þess að njóta þessarar menningarhátíðar ungs fólks og að sjálfsögðu til þess að styðja sinn fulltrúa í söngkeppninni.

Kæru samlandar nær og fjær. Fjölmennum norður í land til þess að verða vitni að þessum einstaka viðburði á heimsmælikvarða sem, án nokkurs vafa, mun seint hverfa úr hinum djúpa dal minninganna. Það verður hlegið, það verður klappað, það verður öskrað, það verður grátið og síðast en ekki síst: Það verður sungið!

-jós







# Ungt fólk á tímamótum:
# Únglíngurinn í frumskóginum

Þegar Nonni var sex ára gamall, þráði hann ekkert heitar en að verða Tarzan þegar hann yrði stór. Nonni hlakkaði mikið til að eldast því þá gæti hann klæðst hlébarðamynstraðri-mittisskýlu,sveiflaðsér í trjágreinunum og kálað öllum vondu köllunum með bambusspjótinu sínu. Nú hins vegar, tíu árum síðar, er Nonni að byrja í framhaldsskóla og hefur áttað sig á því að hann getur aldrei orðið Tarzan. Nonni er ráðvilltur og veit ekki hvað hann á að gera við líf sitt eða hvað hann á að læra. Bernskudraumurinn um Tarzan er liðinn og nú tekur alvaran við.

Ungt fólk í dag, eins og Nonni, í dæminu hér að ofan, stendur á miklum tímamótum í lífi sínu. Tímamótum sem einkennastafbreytingumogákvarðanatöku. Unglingurinn þarf nú að fara að standa á eigin fótum og taka sjálfstæðar ákvarðanir um framtíðina. Oftar en ekki vakna upp ótal spurningar sem erfitt er að finna svör við; Hvað á ég að læra? Hvað á ég að verða? Ætti ég kannski að taka mér frí frá námi og ferðast? Stundum verður þessi ákvarðanataka öll svo yfirþyrmandi að marga langar helst til að læsa sig inní herbergi, setja Celine Dion í geislaspilarann og grenja.

Það er kannski heldur ekki undarlegt þótt við unglingarnir verðum svolítið áhyggjufull þegar við þurfum sjálf að fara að taka allar þessar stóru ákvarðanir. Þegar við vorum lítil voru það nefnilega foreldrar okkar sem ákváðu nánast allt fyrir okkur og stærstu ákvarðanir okkar voru á borð við það hvort ættum að fá okkur Cheerios eða Cornflakes í morgunmat eða hvort okkur langaði meira í bleika eða græna pony-hestinn í dótabúðinni. Þegar við erum svo komin á unglingsárin er okkur skyndilega kastað út í hringiðu lífsins, við þurfum að fara að taka eigin ákvarðanir um framtíðina.

Ekki batnar ástandið þegar aðrir eru sífellt að spyrja um framtíðaráformin. Þá fær unglingurinn það oft á tilfinninguna að hann eigi að vera búinn að skipuleggja framtíðina í einu og öllu. Hver hefur til dæmis ekki lent í því að vera staddur í jólaboði fjölskyldunnar þegar ein þybbna frænkan kemur aðvífandi, klípur mann í kinnina og segir: „Jæja, hvað ætlarðu svo að verða þegar þú verður stór?“ Þá byrjar maður að svitna á enninu og stama, afsakar sig svo frá matarborðinu og áður en maður veit af er maður kominn inn í herbergi og byrjaður að skrifa niður hversu mörg börn maður ætlar að eignast í framtíðinni, á hvaða elliheimili maður ætlar að búa og hvaða lög á að spila í jarðarförinni manns!

Í rauninni er samt óþarfi að hafa miklar áhyggjur af framtíðaráformunum. Framtíðin er ekki einhver einn ákveðinn dagur eða mánuður. Hún er ekki eins og einhver fermingarveisla sem þarf að skipuleggja út í ystu æsar svo ekkert fari úrskeiðis. Sannleikurinn er nefnilega sá að það veit enginn nákvæmlega hvað framtíðin ber í skauti sér, hún er óráðin og því er ekki hægt að skipuleggja hana nema að litlu leyti. Hins vegar er fjölbreytnin í dag svo mikil að maður getur gert nánast hvað sem er. Ef þig hefur t.d. alltaf dreymt um að verða harðsvíraður lögfræðingur eins og í „Law and Order“, vinna í kassagerðinni eða fara í interrail um Evrópu, þá geturðu gert það. Þú verður bara að þora að prófa nýja hluti, þora að stinga þér í djúpu laugina.

Að lokum má segja að hægt sé að líkja framtíðinni við það að ganga inn í gríðarstóran, ókunnan frumskóg. Þeir hugrökkustu þora að fara alla leið inn í svörtustu myrkviðin og miklar líkur eru á að þar geti þeir lent í undursamlegum ævintýrum. Hins vegar er alltaf smá hætta á að ljónin rífi þá í sig. Aðrir ákveða að halda sig í skógarjaðrinum alla ævi. Skógarjaðarinn er kannski öruggur, en þar eru engin ævintýri.

Nonni ákvað að lokum að fara inn í frumskóginn. Í dag er hann að vísu ekki Tarzan, hann klæðist bara hlébarðamynstruðu-mittisskýlunni þegar hann er í einrúmi og ennþá ferðast hann engan alfífað með bambusspjóti, en hann lenti í alls kyns ævintýrum.

Frumskógurinn bíður.

Hvað gerir þú?

**-jós**


# Eftirtaldir aðilar styrktu þtgáfuna

Álnabær
Bakaríið við Brþna
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Fjölbrautaskólinn við Ármþla
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Flugfélag Íslands
Framhaldssk. í Austur-Skaftafellssýslu
Framhaldsskólinn á Hþsavík
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Framsóknarflokkurinn
Frímann Haukur Ómarsson
Frjálslyndi flokkurinn
Icelandair
Iðnskólinn í Hafnarfirði
KB banki
Menntaskólinn að Laugarvatni
Myndlistaskólinn á Akureyri
Norðurorka
Rönning
Samfylkingin
Tikk Takk
Tónabþðin
Vélatorg
Vífilfell
Vísa Ísland
Vinstrihreyfingin grænt framboð

ICELANDAIR







# Afpantaði Metallica
## til að sinna skólanum

**Gunnar Atli Gunnarsson** hefur, þrátt fyrir ungan aldur, afrekað margt um ævina. Hann var aðeins 14 ára gamall þegar hann tók að sér skipulagningu sinna fyrstu tónleika á Ísafirði. Það voru styrktartónleikar fyrir Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar og lék hljómsveitin Írafár fyrir dansi. Hann náði síðar sambandi við umboðsfyrirtæki Metallica en varð að hætta við innflutning á þeim vegna anna í skólanum. Upp frá því hefur hann unnið af fullum krafti við skipulagningu tónleika. Einar Bárðarsson hjá Concert ehf. tók svo eftir Gunnari þegar hann stóð fyrir tónleikum með rokkurunum í Mínus sem haldnir voru í íþróttahúsinu Torfnesi. Nú er Gunnar aðstoðarmaður Einars Bárðarsonar. Hann hefur komið að skipulagningu á annan tug tónleika, t.d. með Nylon, Botnleðju, Kalla Bjarna og Jóni Ólafssyni svo fátt eitt sé nefnt.

**Gunnar er búsettur á Ísafirði og er nemi á fyrsta ári við menntaskólann þar í bæ. Skyldi ekki vera erfitt að búa á jafn afskekktum stað og Ísafirði þegar maður vinnur í þessum bransa?**
Nei nei, þetta er alveg bara frábær bær og hér er fullt af fólki sem er til í að setja upp svona tónleika og alls kyns viðburði, eins og t.d. Aldrei fór ég suður. Það er bara mjög gott að vera hér, en ef maður ætlar sér eitthvað meira, einhverjar stærri hljómsveitir þá er kannski dálítið erfitt að vera hér. Þess vegna mun ég búa í Reykjavík í framtíðinni. Ég mun þó koma hingað reglulega, þetta er náttúrulega alveg frábær bær.

**Gunnar er líklega þekktastur fyrir að hafa átt hugmyndina á innflutningi á Metallica og varð það líklega enn umtalaðra þegar hann afpantaði sveitina því hann yrði í prófum þegar hún ætti að spila.**
Ég leitaði á alls kyns heimasíðum hjá kynningarfyrirtækjum úti í heimi og rakst á síðu umboðsfyrirtækis þeirra. Ég fór að spyrjast fyrir um þetta og komst að því að þeir voru meira en til. En síðan voru próf hjá mér og þetta var aðeins stærra verkefni en ég gat farið útí.

**Um sumarið 2004 fór hann svo að vinna hjá Einari Bárðasyni hjá Concert ehf. og mun hann einnig starfa þar í sumar. Vinna hans þar felst að mestu í því að bóka hljómsveitir á tónleika og fylgja þeim eftir.**
Það er náttúrulega ekki til neitt betra en að vinna í svona löguðu, þetta er frábær vinna. Einar er algjör snillingur.

Auk þess að stunda nám sitt við Menntskólann á Ísafirði hefur Gunnar átt fullt í fangi við að aðstoða Einar við sín verkefni. Einar er t.d. með Alice Cooper og Joe Cocker. Þar að auki er Kiri Te Kanawa á leiðinni.

**Á hvað hlustar þú helst?**
Ég get ekki sagt að ég sé alæta, það er helst U2 og þannig hljómsveitir en segja má að ég geti hlustað á allt frá Van Morrison til Slipknot. Mér finnst ekkert vera léleg tónlist en sumt er verra en annað.

**Hvaða hljómsveit langar þig helst til að flytja inn?**
U2 og það yrðu líklega stærstu tónleikar sem haldnir yrðu hérna því þeir eru svo risastórir, nema kannski tónleikar með The Rolling Stones.

**Spurður að því hvað hann ætlaði sér í framtíðinni svaraði hann:**
Mig langar svolítið að fara suður og klára menntaskólann þar, en ef það gerist ekki þá klára ég hann bara hérna á Ísafirði. Kannski fer ég svo í nám til Bandaríkjanna eða eitthvað slíkt. Það væri þá markaðsfræði sem yrði fyrir valinu. Það er svo sem ekkert planað.

**Stefnir þú á að vinna í þessum bransa eftir nám?**
Ég verð bara að sjá til hvað ég get unnið lengi með Einari. það væri náttúrulega alveg frábært ef við gætum unnið saman í framtíðinni. Ég held að hann sé alveg kominn á toppinn, allavega eins langt og hann kemst á Íslandi. Ég meina, það er frábært að vinna með honum og ég vona að það geti gengið eins langt og hægt er. Ég myndi örugglega ekki komast eins langt og Einar.

**-aas, ea, jej & vae**


1967
2002
38
LJÓSMYNDASTOFA
PÁLS




Strúktúra
HÁRSTOFA
ÖLL ALMENN HÁRSNYRTING!
PÖNTUNARSÍMI: 462 4660
hár & heilsa
HÁRSNYRTISTOFA · SNYRTISTOFA · SJÚKRANUDDSTOFA



# Hjálmar og Salka

Hvað hefur breyst í þessu samfélagi gagnvart okkur unga fólkinu á síðustu þrjátíu árum? Hvaða breytingar hafa orðið á þeim kröfum sem gerðar eru til okkar og þeim tækifærum sem bíða nú við hvert fótmál? Í örvæntingarfullri leit okkar blaðamanna Birtingar að sannleik þessa máls, afréðum við að hafa samband við Hjálmar Hjálmarsson, leikara og dóttur hans Sölku. Á köldum apríldegi dúkkaði svo blaðamaður upp á heimili þeirra og spurði þau feðginin spjörunum úr...

**Svona til að byrja með, gætirðu nokkuð reynt að bera saman það hvernig umhverfið mótaði þig, annars vegar og Sölku hins vegar?**
Hjálmar: Það er kannski erfitt að segja af því ólst bara upp einu sinn og hef engan annan samanburð. Ég held að það sé töluverður munur á að alast upp í litlu plássi úti á landi og að alast upp hér [í borginni] og að tímarnir séu talsvert breyttir þegar maður fer að skoða það. Það eru jú miklar breytingar sem hafa orðið. Já, samfélagið hefur nú breyst...skýtur blaðamaður inn í. Já þó manni kannski finnist það ekki hafa breyst mikið þá hefur það gert það og þá sérstaklega finnst mér að þetta internet hafi gjörbreytt öllu. Þú veist, Salka talar við vini sína á hverjum degi í gegnum eitthvað MSN og sendir SMS. Þetta er bara alveg nýr heimur og þó fólki finnist að þetta hafi komið hægt og hægt þá er þetta í rauninni algjör bylting. Já þetta er náttúrulega ekkert langur tími, hvað 30 ár kannski? Það er ekki langur tími og þetta eru alveg ótrúlegar breytingar sem hafa orðið og þá sérstaklega varðandi samskipti. Nú getur maður talað við fólk sem býr hinum megin á hnettinum í gegnum einhverja myndavél á netinu. Þegar við vorum að alast upp var ekkert sjónvarp á fimmtudögum og það tók sér meira að segja frí í júlí. Það var ein útvarpsrás, bara Rás eitt, sem spilaði klassíska tónlist að megninu til og svo útvarpssögur. Þetta eru ótrúlegar samfélagsbreytingar sem orðið hafa á þessum árum og það hefur líka margt breyst úti á landi. Ég tel þetta gjörólíkt umhverfi sem ég og Salka erum að alast upp í.

**En hvað varðar áhrif fjölmiðla, internetsins og bara útvarps og sjónvarps. Þetta hefur haft gríðarlega mikil áhrif á hugmyndir fólks um tísku og annað. Eltist þú við það að fitta inn, falla inn í hópinn?**
H: Nei ég held ekki... Þú allavega eltist ekki við það svona meðvitað? Nei, þegar ég var unglingur þá var diskóið allsráðandi. Það tekur við af einhverju svona...
S: Byltingarrokki einhverju...
H: Hippatíminn kemur náttúrulega þarna, upp úr '70 og akkúrat þegar við erum svona 12-15 ára þá er diskóið að tröllríða öllu. Hljómsveitir héldu aldrei tónleika, lifandi tónlistarflutningur var í algjöru lágmarki. Hljómsveitir voru jafnvel hættar að spila á böllum af því að það var bara hallærislegt. Það var bara einn maður með tvo plötuspilara. Þá var ekkert verið að gera svona „igh, igh", segir Hjálmar á innsoginu og sýnir með látbragði hvernig plötusnúðar nútímans misþyrma gömlum vínylplötum. Þá voru bara spiluð diskólög. Ég og nokkrir vinir mínir lentum í svona uppreisn gegn þessu og fórum að leita svona aftur í tímann. Hvað tónlist varðar vorum við aðallega að hlusta á einhverjar gamlar þungarokkshljómsveitir svona eins og Led Zeppelin og Pink Floyd. Svona eins og maður kallaði það, svona þróað rokk. Við reyndum að vera svolítið þróaðir.
H: Það sem hefur breyst svolítið er að á þessum tíma var alltaf einhver ákveðin tíska í gangi. Annað hvort var bara að fylgja því... eða ekki. Það var bara um tvennt að velja eða hvað? Já og það voru náttúrulega flestir sem fylgdu tíðarandanum. En svo voru einhverjir sem reyndu að vera eitthvað öðruvísi, spes.
S: Mér finnst allir vera dálítið spes núna. Ja, allavegana svona leitast við að vera... Vera flottir, þú ert flottari ef þú er í gömlum fötum. Svo eru náttúrulega líka hóparnir sem eru ekkert spes, eru bara í gallabuxum og bol.
H: En tískan sko, það er rosalega langt síðan það kom einhver svona tískubylgja sem allir fylgja. Æi, ég sé það ekki fyrir mér að það komi svona Star Trek tíska sem allir yrðu að fylgja. Í framtíðarmyndum eru allir í svona silfurlituðum samfestingum, ég sé það ekki alveg verða að tísku. Svona geimaldarstíll kannsi? stingur blaðamaður upp á.
S: Ég held samt að núna höldum við að það sé ekki neitt tímabil. En eftir nokkur ár, ja eða áratugi þá sér maður að þetta var ákveðið tímabil.
H: Þegar ég var 16 ára kom pönkið til Íslands, svona kringum 1980. Þá má segja að ég og nokkrir félagar mínir dyttum í það, ef hægt er að segja það um tónlist. Það var svona ákveðin frelsun frá diskótímabilinu. Nú eru krakkarnir farnir að hlusta á þær plötur. Þetta fer allt í hring. Já og hann er alltaf að minnka.

**Miðað við þá hugmynd sem þú getur gefið þér af uppvaxtarárum pabba þíns, myndir þú frekar vilja alast upp núna eða þá?**
S: Ég veit það ekki. Ég hef ekki upplifað það svo ég get ekki svarað til um það. Ég myndi bara vilja alast upp á þeim tíma sem ég elst upp á. Ég hef samt oft hugsað mér að vera fædd 1950 og upplifa hippatímabilið eða eitthvað þannig skilur þú, en maður sér kannski bara glansinn af því sem var. Ég er bara ánægð með þetta eins og það er.
Svo við tölum um tækifæri til náms, fékkstu þá menntun sem þú hafðir ætlað þér að fá?
H: Já þetta lá einhvern veginn beint við í mínu tilfelli, ég hafði séð þetta fyrir mér fyrir löngu síðan. Ég kynnti mér ekki mikið hvað var í boði. En í boði var: iðnskóli, menntaskóli eða bændaskóli. En svona akkúrat á þessum tíma sem ég er að fara í menntaskóla þá verður þessi gríðarlega aukning. Tveimur árum áður en ég fór í Menntaskólann höfðu einn eða tveir Dalvíkingar farið þangað. Svo þegar ég fór þá fóru held ég fimm krakkar og svo í næsta árgangi á eftir einir níu. Þarna var að byrja þessi breyting þar sem allir fara í framhaldsskóla, undantekningin nú er í raun þeir sem ekki fara í framhaldsskóla.
H: Ég held að á þessum tíma, miðað við hvernig samfélagið var, þá hafi verið ágætis framboð af menntun. Menntaskólinn er einhvern veginn þannig í eðli sínu að þetta eru mótunarár þar sem þú vilt nota tímann til að hugsa málið og upplifa hluti og átta þig á því hvað þú vilt í rauninni gera.
S: Ég meina þú ferð ekkert bara í menntaskóla til að fá stúdentspróf, þú ferð í menntaskóla til að fá stúdentspróf til að komast inn í háskóla. Stúdentspróf sem slíkt gerir ekki neitt fyrir þig.
H: Stærsti kosturinn við menntaskólann í mínu tilfelli voru þessar breytingar við að flytjast frá Dalvík. Ég fluttist úr litlum bæ í mun stærri bæ og kynntist nýju fólki, nýju viðmóti og nýju félagslífi. Það er svona svipað að fara frá Dalvík til Akureyrar eins og að fara... segi kannski ekki frá Akureyri til New York. Kannski Reykjavík, New York? Já það gæti verið.

**Þú færir sömu braut í dag?**
H: Já, ég held að maður færi ósköp svipaða leið.
Salka, heldur þú að þú náir þeim takmörkum sem þú setur þér?
S: Ég veit það ekki, maður stefnir alltaf á eitthvað, en svo kannski kemst maður að einhverjum leyndum hæfileikum. Kannski er ég ótrúlega góð í rafiðnum og fer þá bara náttúrulega að læra það. En nú stefni ég á Kennaraháskólann. Það er þá allt til staðar hér heima svo þú þarft ekki að leita neitt erlendis? Ég meina, þú þarft ekki að fara til útlanda til að afla þér menntunar.

**Þá að tækifærum til iðkunar áhugamála, í tengslum við félagslíf í skólum?**
H: Ég veit ekki hversu mikið það hefur breyst úti á landi, en maður upplifði allavega engar hömlur á félagslífinu, æi eða þú skilur, ég bjó einhvers staðar úti á landi, norður í rassgati, einhversstaðar við norðurpólinn. Það var bíó þarna og það var líklega sýnt þrisvar í viku. Svo var t.d. mjög öflug félagsmiðstöð sem unglingarnir ráku svolítið sjálfir í samvinnu við bæjaryfirvöld á Dalvík. Hún sem hét Böggver og þar unnum við og vorum með alls kyns uppákomur. Þar voru krakkar sem voru að æfa dans, við spiluðum mikið og vorum með plötukynningar og svona. Þar var alvöru aksjón og ég held að þetta sé ekki svona á Dalvík í dag. Ég held að svona félagslíf hjá unglingum í litlum bæjum fari rosalega mikið eftir því hvað fólkið vill gera sjálft. Málið er oft að búa sér til þessar kringumstæður og ég held að gallinn við félagslíf hjá unglingum í dag sé offramboð.

**Svona að endingu skulum við ræða kröfur sem gerðar eru til ungs fólks. Þær hafa náttúrulega eitthvað breyst. Hvernig haldið þið að þetta hafi breyst?**
H: Kröfur eru örugglega mjög einstaklingsbundnar hvað varðar foreldra, en mér fannst samfélagið gera svolitla kröfu á að maður færi að vinna eitthvað, færi helst á sjóinn. Það var svona fílingurinn. En það voru flestir sem fóru í skóla og á þessum tíma lá fólki töluvert á að stofna fjölskyldu og svoleiðis. En það urðu töluverðar breytingar á þessu í kringum 1980, það varð þessi menntunarbylting eða framhaldsskólabylting eins og við vorum að tala um áðan. Ég upplifði aldrei að það væru gerðar sterkar kröfur til mín frá fjölskyldunni eða foreldrum. Samt fann maður svona: „Lærðu eitthvað". Það var nú kannski bara af því að maður var svo latur til vinnu. Segir Hjálmar og glottir við tönn. Þegar félagsfræðingar fóru að skoða þetta í seinni tíð, urðu ákveðnar breytingar sem skila sér eftir hippatímabilið. Það er þetta frelsi í hugsun, þú átt að gera það sem þig langar. Þá var svo mikið um verkafólk úti á landi, sjómenn og svona. Það fólk hafði kannski draum um að börnin þeirra yrðu ekki bara í frystihúsinu, heldur yrðu læknar og lögfræðingar og færu til Reykjavíkur. En ég veit ekki hvernig Salka upplifir þetta í dag, viðhorfið er; farðu í skóla eða...
S: Þú deyrð! Það er ótrúlega mikill þrýstingur á að fara í skóla. Það er jú hálfgerður dauðadómur af hálfu samfélagsins ef þú ferð ekki og lærir eitthvað, ert ekki eitthvað. Mér finnst líka skipta rosalegu miklu máli í hvaða skóla maður fer. Nú eru bara þrír skólar á höfuðborgarsvæðinu sem er kúl að fara í, eða svona nógu góð aðstaða. Ég meina, ef þú ferð t.d. í Iðnskólann þá er það næstum því eins og að fara ekki í skóla. Það er svona eins og maður sé svolítið heimskur, mér finnst það pínu pirrandi...
H: Hvaða skólar eru það sem má fara í?
S: Já, finnst það dálítið þreytandi að maður megi bara fara í Verzló, MH og MR.
H: Er þá hitt glatað eða hallærislegt ? Já, ég held að það sé líka að þetta menntakerfi, það byggir svo mikið á bóklegu námi og fólk sem hefur ekki hæfileika til bóklegs náms er bara stimplað eitthvað. Verklegt nám er ekki metið eins mikið að verðleikum og bóklegt nám. Mér finnst það vanta dálítið að fá dálítið meiri viðurkenningu á þetta verklega nám.

Með þessum pælingum um verklegt og bóklegt nám endaði þessi tilraun blaðamannsins til að skoða þær breytingar sem orðið hafa á lífi ungs fólks á síðastliðnum þrjátíu árum. Birting þakkar Hjálmari og Sölku fyrir liðsinnið.

-oe


aksjón




Njóttu dagsins
**Taktu flugið**

**Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft**
Það getur ekki verið auðveldara.
Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.
**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

## Í litlum bæ norður í landi eru tveir skólar, jafnmiklir að fé og frægð

# En að er einum skóla of mikið...



Rígurinn er heiti á rokksöngleik sem nemendur úr Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri setja upp nú í vor. Höfundar eru tveir nýútskrifaðir nemendur úr Menntaskólanum á Akureyri; Andri Már Sigurðsson og Ævar Þór Benediktsson. Lengi hafði hugmyndin um að skrifa söngleik brotist um í höfðum þeirra áður en hugmyndin um Ríginn fæddist. Tímasetningin gat ekki verið betri því Birting, hátíð ungs fólks, var á næsta leyti. Tilgangur Birtingar er að draga fram í ljósið allt það góða sem ungt fólk er að gera og sýna hvers það er megnugt.

**Tilurð verksins**
Andri og Ævar mættu hvarvetna trausti og stuðningi þegar þeir kynntu hugmynd sína um Ríginn. Þeir fóru með beinagrind af sögu, sem enn var bara til í kollinum á þeim, til þeirra sem þurfti að sannfæra. Sökum þess trausts sem þeim var sýnt, brást það ekki að á nokkrum mánuðum varð til fullunnið handrit að rokksöngleik, sem átti á vissan hátt eftir að marka tímamót. Þetta er nefnilega ekki einungis í fyrsta sinn sem framhaldsskólarnir tveir á Akureyri taka höndum saman í leiksýningu, heldur er þetta einnig í fyrsta skiptið sem frumfluttur er íslenskur rokksöngleikur norðan heiða.
Höfundarnir fengu til liðs við sig leikstjórann, leikarann, rithöfundinn og alltmúlig-manninn Þorleif Arnarsson til að leikstýra verkinu. Aðspurðir að því hví þeir fengu Þorleif til liðs við sig, svöruðu þeir að allar þær sýningar sem hann hefði tekið að sér hingað til, hefðu gengið mjög vel og þeim sjálfum mætti ekki mistakast í þessari frumraun sinni. Þorleifur hannar einnig leikmynd sýningarinnar.

Að öðru leyti er sýningin algerlega í höndum nemenda framhaldsskólanna tveggja á Akureyri. Þau leika, dansa, smíða, sauma og gera allt það sem þarf til að gera alvöru leiksýningu. Tónlistin skipar að sjálfsögðu veigamikinn sess og er sýningin stútfull af lögum eftir helstu tónlistarstjörnur samtímans. Lög stjarna á borð við Muse, Foo Fighters, Robbie Williams og The Offspring í bland við smelli ódauðlegra listamanna á borð við Elvis Presley og Deep Purple prýða sýninguna.

**Sagan**
Söguþráðurinn er lauslega byggður á hinni sígildu sögu um elskendurna Rómeó og Júlíu. Í litlum bæ norður í landi kviknar ást á milli tveggja ungmenna, Þórunnar og Hugins. Enífbænumberjasttvögengiumvöld og vinsældir; Þrumurnar úr Verkmenntaskólanum og Hrafnarnir úr Menntaskólanum. Svo illa vill til að Huginn er foringi Hrafnanna en Þórunn busi í Verkmenntaskólanum og neyðast þau til að fara í felur með ást sína, því að allir kærleikar á milli nemenda skólanna tveggja eru að sjálfsögðu forboðnir. En ást í leynum getur reynst erfitt og hættulegt sport. Samband þeirra veldur ósætti og allt virðist mæla á móti þeim. Það stefnir því í eitt allsherjar uppgjör milli fylkinganna tveggja.

Í Gryfjunni í VMA þann 9. apríl síðastliðinn var almenningi í fyrsta sinn sögð saga þessara tveggja skóla við frábærar viðtökur. Skólarnir eru í raun ekki svo ólíkir. Þröngsýni og öfgar hafa ýtt þeim út í þann pytt sem við föllum svo oft í, að halda að við séum betri en aðrir. Þetta er saga af baráttu um völd og vinsældir. Saga um kærleika og hatur, von og trú og þá þrá sem bæði gefur lífinu tilgang og gerir það óbærilegt í senn.

En umfram allt... er þetta saga um ríg.

**-glb & sr**





Rígurinn hefur fengið frábærar viðtökur hjá öllum aldurshópum og hefur fólk líkt upplifuninni við að fara í atvinnuleikhús. Enda hefur ekkert verið til sparað og sú vinna sem farið hefur í undirbúning er óendanleg. Þar hafa hátt í eitt hundrað manns lagt hönd á plóg.

**Sýningatímar:**
Fös. 15. apríl kl. 18
Fös. 15. apríl kl. 20:30
Lau. 16. apríl kl. 13
Lau. 16. apríl kl. 16:30

Forsala í Pennanum-Bókval og í s.
**868-5336/865-4989**
Miðaverð: 1800 kr. í forsölu, 2000 kr. við innganginn

# Vetnishþsið



Anna Sigríður Kristjánsdóttir er nemi á fyrsta ári í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Á síðasta ári fór Anna Sigga ásamt Bryndísi Guðmundsdóttur til Kína og kepptu þær þar í verkfræðikeppni með verkefni sitt „Íslenska vetnishúsið". Verkefni þeirra hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni ungra vísindamanna hérlendis, sem haldin var 2003. Það var í kjölfarið valið framlag Íslands í Evrópukeppni Ungra vísindamanna í Ungverjalandi seinna sama ár. Þær stöllur héldu svo til Kína, með vetnishús í farteskinu, á alþjóðlega verkfræðikeppni í Shanghai. Í stuttu máli hlutu þær gríðarlegt lof fyrir vetnishúsið og fékk það fyrstu verðlaun í keppninni. Birting ákvað að hafa samband við Önnu Siggu, ræða lítið eitt um vetnishúsið og taka púlsinn á stöðu þess í dag og kanna í leiðinni hvað hún væri að bardúsa.

**Í hvaða skóla gekkstu?**
Ég var fyrst í Grunnskólanum á Eskifirði, flutti svo suður og fór í Fjölbrautaskólann við Ármúla. Þar kláraði ég stúdentsprófið á tveimur og hálfu ári. Núna er ég í Háskólanum í Reykjavík í tölvunarfræði og líkar það frábærlega.

**Af hvaða braut útskrifaðist þú úr framhaldsskóla?**
Ég var á félagsfræðibraut.

**Hvernig byrjaði þetta með vetnishúsið og þróaðist svo áfram?**
Það var sem sagt þannig að ég við Bryndís, byrjuðum þetta verkefni 2003. Við kepptum svo í keppni Ungra vísindamanna hér heima og unnum hana og fórum því út til Ungverjalands og kepptum þar í vísindakeppni á vegum Evrópusambandsins fyrir Íslands hönd. Við vöktum gríðarlega mikla athygli þar og í kjölfarið var okkur boðið að koma til Kína og taka þátt í einni stærstu verkfræðikeppni heims þar sem voru yfir 300 keppendur. Þar kynntum við verkefnið fyrir 3.000 verkfræðingum allstaðar að úr heiminum og sigruðum keppnina!

Kannski finnst hinum almenna Íslendingi dulítið undarlegt að nemi af félagsfræðibraut skuli hafa lent í einhverju svona, þar sem maður tengir „vetnishús" nánast ósjálfrátt við einhvers konar náttúrufræði.

Bryndís var reyndar á náttúrufræðibraut en ef maður hefur bara nógu mikinn og brennandi áhuga á einhverju, þá getur maður allt og les sér bara til. Maður getur allt sem maður ætlar sér.

**Hvernig stendur þetta mál í dag?**
Núna erum við að leita að aðilum til að vera með okkur í að byggja húsið því okkur langar alveg rosalega mikið til að fara út í byggingu þess. Við erum í samningaviðræðum við nokkra aðila og viljum bara endilega fá fleiri inn til að geta séð þennan stóra draum okkar verða að veruleika.

**Er það ekki rétt skilið hjá mér að þetta sé svona sjálfbært hús?**
Þetta er sjálfbært hús sem nýtir endurnýtanlegar orkulindir sem eru sem sagt sól, vindur og jarðvarmi.

**Hvað finnst þér um styttingu náms til stúdentsprófs?**
Mér finnst það bara jákvætt. Ég sé ekkert eftir þessu einu og hálfa ári sem ég var ekki í framhaldsskóla. Ég held ég hafi bara þroskast ennþá meira á því að taka þetta á minn hátt og á mínum hraða. Mér finnst hinsvegar ekki að það eigi að fella eitthvað út, því ég er að nýta mér eitthvað úr öllum þeim áföngum sem ég lagði stund á í framhaldsskóla, það væri kannski betra að hagræða þessu eitthvað frekar.

**En á hvað stefnirðu svo í framtíðinni?**
Mig langar bara að klára tölvunarfræðina og fara svo kannski í stjórnun eða eitthvað þess háttar. Annars veit ég ekki, er ekki alveg búin að ákveða það en ég er hvergi nærri hætt þó ég klári tölvunarfræðina. Mig langar líka að læra aðeins meira í sambandi við vetni og fylgja vetnisþróuninni eftir.

Að svo búnu taldi ég þetta nægja að sinni og þakkaði Önnu Siggu kærlega fyrir viðtalið og hver veit nema að eftir nokkur ár munum við öll búa í sjálfbærum vetnishúsum.

**-oe**







SVARTA KORTIÐ er alþjóðlegt greiðslukort sem veitir handhöfum öryggis- og neyðarþjónustu hvar sem er í heiminum. Svarta kortið er tengt víðfeðmasta greiðsluneti heims og nýtist því afar vel í ferðalögum.

Korthafar tengjast Vildarklúbbi Icelandair og safna því Vildarpunktum m.a. af allri veltu innanlands. Hægt er að sækja um kortið í öllum bönkum og sparisjóðum.





# Hönnun á góðu verði

*Rýmingarsölunni lýkur í Epal á morgun.*

Rýmingarsala stendur yfir í versluninni Epal og eru margvíslegar vörur seldar með afslætti. Þar á meðal eru sófar, sófaborð, stólar og ýmsar Marimekko-vörur. Þá er jafnframt veittur 10% afsláttur af lömpum og gjafavöru. Verslunin Epal hefur um árabil verið þekkt fyrir að selja vönduð húsgögn eftir þekkta hönnuði og þykir leiðandi á því sviði hérlendis. Heilmikill afsláttur er veittur á rýmingarsölunni og hægt að gera góð kaup.



## Tækifæri fyrir herrana

***Dúndurútsala í Herralagernum í bláu húsunum við Suðurlandsbraut.***

Öll jakkaföt eru nú á 17.980 krónur á Herralagernum í Bláu húsunum við Suðurlandsbraut 54 og verður það að teljast kostaboð þar sem verð þeirra áður var allt að 65.000 krónur. Á Herralagernum eru föt með þekktum merkjum eins og Bellini, Sand og Boss. Útijakkar eru líka á helmingsafslætti í Herralagernum, svo og stakir jakkar og stakar buxur, þannig að nú er tækifæri fyrir herrana að dressa sig upp. Þessi aukaafsláttur gildir eitthvað fram í næstu viku og trúlega fram á aðra helgi, að sögn afgreiðslumanns.

## Gloss og varalitir á tilboði

***Bjartir og skemmtilegir sumarlitir.***



Þeir sem ætla að fjárfesta í nýjum glossum og varalitum fyrir sumarið ættu að kíkja við í Gullbrá í Nóatúni, en þar er veittur 20% afsláttur á þessum vörum út vikuna. Auk afsláttarins fá allir viðskiptavinir sýnishorn af nýjum farða auk annarra nýjunga. Sumarlitirnir frá Lancóme og Helenu Rubinstein eru sérlega léttir, bjartir og líflegir í sumar svo það er ekki eftir neinu að bíða. Gullbrá er í Nóatúni 17.



## Dragtir í ótal litum

**Dragtardagar eru nú í Ceres og mikið um dýrðir. Verslunin er við Nýbýlaveg 12 í Kópavogi.**

„Hér erum við með 20% afslátt af öllum drögtum, hvort sem um er að ræða pils og jakka eða buxur og jakka og vissulega líka ef öll þrenningin er tekin," segir Sigrún Vilhjálmsdóttir verslunarstjóri. Þrátt fyrir að handagangur hafi verið í öskjunni hjá henni síðustu daga þar sem afslátturinn tók gildi á mánudag segir hún enn heilmikið úrval eftir. „Dragtirnar eru af mörgum gerðum og ég held það séu einir 15 – 20 litir," segir hún og sem dæmi um verð nefnir Sigrún buxnadragt sem var áður á 9.780 og fer í 7.824 á útsölunni og tekur fram að jakkinn sé fóðraður. Dragtardögunum lýkur á morgun.

**Líttu við og kynntu þér létta, bjarta og líflega vor- og sumarlitina frá**

LANCÔME PARIS HR HELENA RUBINSTEIN

**20% afsláttur af öllum varalitum og glossum út vikuna.**
**Allir fá sýnishorn af nýjum farða auk annarra nýjunga.**

**GULLBRÁ,** Nóatún 17 s. 562-4217



TÍSKUVERSLUNIN
Smart

*Kvennfatnaður og skór, fyrir konur á öllum aldri.*

Ármúla 15
Grímsbær Bústaðavegi
Sími 588 8050, 588 8488



# LAUGAVEGURINN Í SUMARSKAPI




sautján jeans · gs skór · gallerí sautján

**Laugavegi 89-91**

**15% afsláttur**
**af öllum vörum**

DIESEL
SPARKZ
JENNYFER
KILLAH
CONVERSE
ADIDAS

Nýtt kortatímabil



sautján jeans
**Laugavegi 89 - s. 512 1710**




**15% TAX FREE**
afsláttur af öllum vörum á Laugavegi

gallerí sautján
Laugavegi 91 - s. 5121717

**Nýtt kortatímabil**

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



Tilboð á öllu fluguhnýtingarefni. 20% Aflsáttur í apríl. Vesturröst, Laugaveg 178 S. 551 6770. www.vesturröst.is

Stór afsláttur af veiðileyfi í Hafralónsá. Vegna forfalla er laust holl á mjög góðum tíma í Hafralónsá. Um er að ræða 6 stanga holl með frístöng í hliðaránni Kverká dagana 7.-10. júlí og er afsláttur 90.000 kr. Áhugasamir hafið samband við Gunnar í síma 893 6239.

## Hestamennska

Getum útvegað flestar gerðir af hestum. Tökum einnig að okkur járningar. Tökum Visa/raðgr. S. 865 4892.

Sölusýning á hrossum í Hestheimum Rangárvallarsýslu nk. sun. 17. apríl. kl. 14. Uppl. í s. 487 6666.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Meðleigjandi óskast. Stórt og gott herbergi, öll tæki, er á svæði 101. Uppl. í s. 697 3077.

Nýleg og glæsileg 2ja-3ja herb. íbúð í Áslandshverfi (HFJ) til leigu í 4 til 6 mán. frá 1. maí. S. 866 1867 & 869 7631.

Innréttaður bílskúr í Grafarvogi (við Gullinbrú) til leigu. Uppl. í s. 848 0945.

4ra herb. 90 m2 íbúð á jarðhæð í Kópavogi til leigu með húsgögnum til 1. sept. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í s. 659 6712.

32 fm stúdíósérbýli á góðum stað í Kópavogi til leigu. Með ísskáp og þvottavél. 30 þ. á mán. S. 690 1438.

Herbergi til leigu í Kóp., með aðgang að snyrtingu. Uppl. í s. 868 7283.

## Húsnæði óskast

Ung stúlka óskar eftir einstaklingsíbúð á verðbilinu 30-55 þús. í vesturbænum eða miðbæ reykjavíkur. Frá og með 1. maí. Er reglusöm með skilvísar greiðslur. Upp. í s. 869 3915.

2ja-3ja herb. íbúð óskast á Rvk. svæðinu. Reglusemi, reyklaus. Skilvísar greiðslur, fyrirframgreiðsla ef óskað er. S. 860 1929.

Einstæð móðir með 2 lítil börn óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð til leigu á svæði 104, 105 eða 108 sem fyrst. Skilvís og reglusöm. Sími 696 7527.

23 ára kvk. óskar eftir einstaklings til 2ja herbergja íbúð helst í eða nálægt miðbænum frá 1. maí. S. 849 3310.

Óska eftir snyrtilegri 3ja herb. íbúð til leigu nálægt Snælandsskóla í Kóp. Er með hund. Uppl. í s. 697 6808.

Óska eftir 2ja herbergja íbúð til leigu. Öruggar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 867 3954.

Óska eftir 4ra-5 herb. íbúð helst í Garðabæ eða nágrenni. Reykleysi og reglusemi lofað. Klara s. 868 2996, klara41@simnet.is

Vantar 3ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1. maí. Uppl. í s. 845 1471.

## Sumarbústaðir

**Ódýrar fánastangir**
6 metra ál stangir með innbrenndu hvítu lakki. Allar festingar fylgja. Verð aðeins 16.700 stgr. Málmtækni hf. Vagnhöfða 29, Reykjavík s. 580 4500 mt@mt.is

## Atvinnuhúsnæði

**Óskum eftir ódýru lagerhúsnæði.**
Lagerhúsnæði óskast í Rvk, á stærðarbili 40fm -100fm undir fatalager.
**Upplýsingar í Síma 898 9095 Guðrún.**

**Til leigu Skrifstofu - atvinnuhúsnæði.**
við Fossaleyni í Grafarvogi. Stærð 17,5 - 33,5 - 65 - 176 fm. Upplýsingar í s. 517 3450 & 893 1901.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

**Portúgal**
Ertu á leið til Portúgal? Bíð uppá ódýra gistingu fyrir 1-6 manns. Aðeins 5 mín. keyrsla frá miðbæ og strönd Albufeira. Verð frá 1.500 kr. nóttin. Nánari upplýsingar í síma 00351 289512781 eða +913024756, gottvedur@yahoo.ie

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir bakara.**
Óskum eftir bakara fljótlega sem þarf að vera góður í brauðum og kökum. Reglusamur, stundvís og góður að vinna með öðrum.
**Upplýsingar í Síma 864 7733. Óttar.**

**Meiraprófsbílstjóri -Hráefnavinnslan-**
Óskum eftir vönum og röskum meiraprófsbílstjóra á stóran sendibíl með lyftu. Starfið felst í útkeyrslu til verslana Domino's Pizza á höfuðborgarsvæðinu.
Hráefnavinnslan er framleiðslu og dreifingarfyrirtæki Domono's Pizza. Vinnutími er frá kl. 8.00-16.00. Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjóla Sæmundsdóttir. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið helga@dominos.is
**Um tímabundið starf er að ræða frá 1.maí -1. október 2005.**







**Okkur vantar**
Góðann grillara, góðann pizzubakara. Hann eða hún þarf að hafa einhverja reynslu. Það sem uppá vantar þjálfum við þig í. Góð laun fyrir réttann aðlilla. uppl. í síma 565 2525 og á staðnum efir kl. 14, Hrói Höttur Hjallahrauni 13 Hafnarfirði.

Vantar starfskraft í dag-og helgarvinnu. Pizza King. s. 551 7474 og 864 7318.

Vegna jarðafarar
**Sigrúnar H. Jónsdóttur**
er Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. lokað frá hádegi föstudaginn 15. apríl.

**GARÐABÆR**
www.gardabaer.is

**Hofsstaðaskóli**
**ÍÞRÓTTAKENNARI**

Vegna forfalla er laust starf íþróttakennara til loka skólaárs.

Umsóknir berist til skólastjóra, Hilmars Ingólfssonar, sími **565-7033** sem veitir allar nánari upplýsingar.

Sjá einnig á vef Garðabæjar
**http://www.gardabaer.is**

*Grunnskólafulltrúi*

Fræðslu- og menningarsvið

# Aðalfundur

**Bakarasveinafélags Íslands.**
**Verður haldinn á Stórhöfða 31, á fyrstu hæð, laugardaginn 16. apríl n.k. kl. 15.00**
Gengið inn neðan við húsið.
**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundastörf
Lagabreytingar.

Sólning Smiðjuvegi óskar eftir að ráða starfsfólk á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í síma 544 5000 eða á staðnum.

**Atvinna á Suðurlandi**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur flokkstjóra, verkamenn, vélamenn, vörubílstjóra og lagnamenn. Uppl. í s. 865 3665 Gunnar.

**Bónarinn ehf**
auglýsir eftir duglegum starfskröftum á milli kl. 9-18 alla virka daga. Upplýsingar í síma 895 1091.

Öflugt og rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir sölufulltrúum frá 9.00 - 17.00 á daginn og 18.00-22.00 á kvöldin. Góð laun í boði fyrir duglegan starfskraft og sem getur unnið sjálfstætt. Mjög hentugt starf fyrir eldri en 40 ára. Allar nánari upplýsingar í síma 533 4470 og 533 4442.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

Óska eftir I vélstjóra sem getur leyst af sem yfirvélstjóri á 300 brl ísfisktogara frá vestfjörðum. Umsóknir berist á smaar@frett.is merkt "Skip2005"

Vantar matreiðslumann í afleysingar til 1. júní. Möguleiki á framtíðarstarfi (dagvinna). Uppl. á staðnum e.h. Matur og Kaffi, Lyngás 17 Garðabæ.

Vana manneskju vantar í matvælafyrirtæki sem framleiðir brauðsalöt, pastabakka og skyndibita. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir sendist á atvinna2@visir.is

**Okkur vantar**
Góðan grillara, góðan pizzubakara. Hann eða hún þarf að hafa einhverja reynslu. Það sem uppá vantar þjálfum við þig í. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl. í síma 849 4756 Eva.

Hefur þú áhuga? Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir starfsf. í aukavinnu um kvöld og helgar. Uppl á staðnum.

Hressingarskálinn, Austurstræti 20 óskar eftir starfsf. í kvöld og helgarvinnu. Uppl á staðnum.

Dugmikinn sölu og lagerstarfsmann vantar í heildsölu í vinnufatnði. Umsóknum sem tilgreini aldur og fyrri störf ásamt almennum upplýsingum skilast á netfangið: thjarkur@thjarkur.is

Óska eftir verkamönnum í húsaviðgerir og einnig eftir trésmið í gluggaviðgeriðr. Góð laun í boði. Uppl. í síma 893 1858 og 894 0492.

**Atvinna í boði!**
Gott sölufólk óskast í einstakt verkefni, bæði á daginn og kvöldin. Felst í því að selja bók til styrktar frábærum verkefnum. Mjög hentugt fyrir fólk á besta aldri. Mjög góð laun eru í boði. Uppl. í síma 869 0291 frá kl. 9.00-12.00.

**Járnabindingar.**
Óska eftir mönnum í járnabindingar. Uppl. í s. 820 4362.

Starfskraftur óskast í verslun á Laugavegi frá kl. 12-18. Uppl. í s. 664 7403.

Laghentur maður, vanur trésmíðavinnu, óskast til starfa við ýmsar húsaviðgerðir. S. 616 1569.

**Hlaðbær-Colas hf.**
Meiraprófsbílstjórar, tækjamenn og verkamenn óskast. Um er að ræða sumarstörf, störf frá apríl til áramóta og nokkur framtíðarstörf. Hlaðbær-Colas hf. býður uppá gott og skemmtilegt vinnuumhverfi og 1. flokks aðbúnað. Mikil áhersla er lögð á öryggis- og umhverfismál. Okkur vantar til liðs við okkar góða hóp, jákvæða, duglega og reglusama liðsmenn. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Uppl. á skrifstofu í síma 565 2030.

Óska eftir fólki á dekkjaverkstæði tímabundið. S. 587 4700 & 899 4009.

Óskum eftir að ráða Starfsfólk í standsetningu nýrra og notaðara bíla. Uppl. í s. 568 0230 eða 898 7930.

Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

**Veitingahúsavinna.**
Viljum bæta við okkur hressu, duglegu starfsfólki til þjónustustarfa. Vaktavinna og hlutastarf í boði. Einnig vantar okkur dyraverði um helgar. Umsóknir og uppl. á staðnum daglega eða á vefnum www.kringlukrain.is

**Ræsting, hentar vel fyrir heimavinnandi!**
Morgunvinna. Unnið frá 08-12 og 08-14 til skiptis 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Umsóknir og upplýsingar á staðnum daglega eða á vefnum www.kringlukrain.is

Matreiðslumaður eða einstaklingur vanur matreiðslu óskast á aldrinum 25-50 ára á veitingastaðinn Carúsó. Upplýsingar á staðnum í dag milli kl. 13 & 17. Carúsó, Þingholtsstræti 1.

**NETHÚS** FASTEIGNASALA
AÐEINS **1%** SÖLUÞÓKNUN
**Þín sala - þinn sparnaður**
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880
Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

**Laufvangur Hf.**



Mjög góð 77 fm 2ja herb íbúð á þriðju hæð. Eldhús með fallegri nýlegri innréttingu, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. yfirbyggðar svalir með hita í gólfi útaf stofu.Parket á stofu. Þvottahús og geymsla í íbúð. Falleg eign á góðum stað.
**Verð 13,900,000**

Þingeyskur sagnagarður

# Aðalfundur

Hér með er boðað til aðalfundar í Þingeyskum sagnagarði föstudaginn 29. apríl, kl. 16:00 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Nýir félagar velkomnir.
**Stjórnin.**

**pósthúsið**

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-37** Hólavallagata og fl.
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata og fl.
**101-45** Blómvallagata og fl.
**101-55** Bergstaðastræti
**101-59** Öldugata
**103-01** Efstaleiti og fl.
**104-02** Brúnavegur og fl.
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-14** Drekavogur og fl.
**104-25** Drekavogur, Efstasund
**105-04** Háteigsvegur
**105-06** Bolholt og fl.
**105-07** Flókagata
**105-13** Reynihlíð og fl.
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-04** Einimelur og fl.
**107-06** Grenimelur
**107-08** Tómasarhagi
**107-09** Grímshagi og fl.
**107-13** Ægisíða
**108-28** Ljósaland og fl.
**110-18** Birtingakvísl og fl.
**113-02** Maríubaugur
**113-09** Grænlandsleið, Jónsgeisli
**200-01** Kópavogsbraut og fl.
**200-15** Hjallabrekka og fl.
**200-17** Hjallabrekka og fl.
**200-26** Hvannhólmi og fl.
**200-38** Gnípuheiði og fl.
**200-50** Hlaðbrekka og fl.
**200-58** Auðbrekka
**220-01** Flókagata og fl.
**220-28** Lækjargata og fl.
**220-33** Hringbraut og fl.
**220-42** Brattholt og fl.
**220-49** Garðavegur, Norðurbraut
**221-09** Einihlíð og fl.

Vanan háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 861 7655.

Matreiðslumann vantar strax. Uppl. í síma 483 1000 & 897 7467. hafidblaa@hafidblaa.is

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra, helst með vinnuvélaréttindi. Vanan aðila með vinnuvélaréttindi. Verkstjóra í hellulagnir og menn í hellulagnir og fl. Uppl. í s. 822 2661.

**Byggingavinna**
Óskum eftir nemum og verkamönnum til byggingavinnu. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 699 3366.

## Atvinna óskast

35 ára kk. óskar eftir vinnu við akstur. Er með meirapróf og góð meðmæli. Uppl. í s. 897 9799.

## Viðskiptatækifæri

Falleg Blómaverslun til sölu. Hagstætt verð. Upplýsingar í s. 551 4466 & 694 4166.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




47 ára reglusamur karlmaður óskar eftir að kynnast Góðri Konu með náin kynni í huga. Svör sendist Fréttablaðinu/DV Skaftahlíð 24 merkt "öryggi".

# Straumhvörf á Alþingi Íslendinga

UMRÆÐAN
SAMGÖNGU-
ÁÆTLUN



EINAR KARL HARALDSSON
VARAÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR-
INNAR Í REYKJAVÍK SUÐUR

Umfjöllun á Alþingi um samgönguáætlun til næstu fjögurra ára var fyrir margra hluta sakir afar merkileg. Ekki var nóg með að talað væri þvert á flokkslínur heldur var heilögum kúm slátrað til hægri og vinstri.

Í fyrsta lagi var blásið á þá kenningu að hægt sé að nota samgönguáætlun til sveiflujöfnunar í sjóðheitu hagkerfi. Einn eða tveir milljarðar til eða frá á ári mælast varla þegar árlegar fjárfestingar og lántökur fyrirtækja og banka eru taldar í hundruðum milljarða og stjórnvöld bæta enn í virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Þvert á móti var talið mikilvægt að útgjöld til vega og samgönguframkvæmda væru sem jöfnust og metnaður lagður í að standa við loforð og áætlanir. Fróðlegt verður að vita hvort þessi nýja hagfræðikenning hlýtur almenna viðurkenningu. Sumir stjórnarþingmenn telja ekki lengur á sig leggjandi að útskýra þann skollaleik fyrir kjósendum sem felst í því að lofa milljörðum til viðbótar í samgöngumál fyrir kosningar og svíkja það síðan að þeim loknum.

Í öðru lagi gerðu þingmenn af höfuðborgarsvæðinu uppreisn gegn skiptingu vegafjár. Landsbyggðarkjördæmin hafa um árabil fengið um 80% í sinn hlut en höfuðborgarsvæðið um 20%. Þetta hlutfall er ósanngjarnt hvernig sem á það er litið og ljóst af umræðunni að við það verður ekki unað. Fjórir af hverjum fimm bílum landsmanna eru á höfuðborgarsvæðinu og um helmingur landsmanna. Sennilegt verður að telja að í framhaldi af þessari uppreisn muni þingmenn á höfuðborgarsvæðinu bindast samtökum um að knýja á um stærri sneið af kökunni. Ekki þarf að tíunda það að arðsemi vegaframkvæmda og öryggisumbóta á þessu svæði og tengingar þess við Suðurnes, Árborgarsvæðið og Borgarfjörð er margföld á við framkvæmdir í dreifðari byggðum.

Í þriðja lagi eru að verða straumhvörf í umræðunni um flugvöll í Vatnsmýrinni. Það var augljóst af ræðum nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík að verið er að undirbúa stefnubreytingu. Það má heita öruggt að borgarstjórnarflokkur þeirra setji það á oddinn í næstu kosningum að flugvöllurinn hverfi úr Vatnsmýrinni og verðmætasta byggingarland Íslands verði nýtt til þess að styrkja og bæta borgarbyggðina. Margir sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa skilið rökin fyrir því að borgin endurheimti Vatnsmýrina og flytja þau nú af miklum þrótti. Athyglisvert var að enginn þeirra Sigurðar Kára Kristjánssonar, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar né Péturs Blöndal hafði nokkurn áhuga á því samkomulagi sem samgönguráðherra og borgarstjóri hafa nýlega kynnt, enda virðist það vera biðleikur í pattstöðu. Þeir vilja flugstarfsemina burt, annaðhvort á annan stað á höfuðborgarsvæðinu eða til Keflavíkur. Sumir koma seint á ballið, en þó áður en samgönguráðherra leikur síðasta lagið, sem er bygging flugstöðvar til þess að festa flugvöllinn í Vatnsmýrinni næstu áratugi. ■

# Stefnumerkja- og ljósanotkun

ÖSSUR P. VALDIMARSSON
BIFREIÐASTJÓRI
SKRIFAR UM UMFERÐARMENNINGNA

Ekki er ætlunin að koma af stað illindum með skrifum mínum heldur vil ég benda fólki í umferðinni á hluti sem hægt er að laga. Undirritaður er atvinnubílstjóri (það þarf ekki að þýða að ég sé betri en hver annar í umferðinni) og verður ítrekað var við að margir aka án aðalljósa eða einungis með annað aðalljósið í lagi.

Ég vil ekki trúa því að eigendur þessara bifreiða sem svona er ástatt með séu að spara rafmagnið og/eða finnist perurnar of dýrar, heldur frekar að gleymst hafi að tendra ljósin (fyrir hefur komið að ég hafi gleymt að kveikja aðalljósin og kveikt eftir að hafa fengið merki frá umferð á móti), en það eru ekki allir jafnviljugir að tendra ljósin þótt þeim hafi verið gefið merki um ljósleysið.

Svo eru nokkrir bifreiðastjórar sem nenna ekki að gefa stefnumerki þegar við á. Ég vil ekki trúa því að bílstjórar hafi gleymt því að gefa stefnumerki áður en beygt er vegna þess að það á að vera skylda að gefa stefnumerki tímanlega. Ég vil skora á lögregluna að fylgja þessu betur eftir.

Gatnakerfi bæjarfélaganna mega vera betri. Þó að gatnakerfin hafi lagast mikið að undanförnu vantar samt mikið upp á svo vel megi við una. Ég nefni ekki nein nöfn en mega þau bæjarfélög sem þetta á við taka þessi orð til sín, þetta á við um þau flest. Kærar kveðjur, með von um bætta og betri bílstjóra í umferðinni og betri götur til að aka á í bæjarfélögum landsins. ■

HELOSAN
RAKAKREM
fyrir alla fjölskylduna




Mýkjandi og rakagefandi
EINN, TVEIR OG ÞRÍR 360.009




Nýtt hámarkslán tók gildi hjá Íbúðalánasjóði 12. apríl síðastliðinn

Við hvetjum þig til að kynna þér hugsanlega yfirtöku lána á íbúðinni sem þú ert að kaupa. Kjör eldri lána koma fram á söluyfirliti sem þú færð hjá fasteignasala. Með reiknivélinni **„á ég að yfirtaka lán"** á vefsíðunni **www.ibudalan.is** er einfalt að reikna út hvort hagstætt er að yfirtaka eldri lán á eign. Af eldri lánum þarf ekki að greiða lántöku- og stimpilgjöld (2,5%).

**Þjónusta eftir lántöku:**

**Lenging/stytting lánstíma** Þú getur breytt lánstíma lána* sjóðsins þannig að lánstími eftir lengingu/styttingu verði minnst 20 og mest 40 ár.

**Veðleyfi án íbúðarkaupa** Nú getur þú sett nýtt lán á undan eldri lánum** Íbúðalánasjóðs. Nýja lánið ásamt lánum Íbúðalánasjóðs má þó ekki fara yfir 15,9 milljónir.

**Aðstoð vegna greiðsluerfiðleika** Við bjóðum þér upp á víðtæka aðstoð vegna greiðsluerfiðleika s.s.; samninga, lán til skuldbreytingar vanskila, frystingu lána og lengingu lána.

* ÍLS-veðbréfa, fasteignaveðbréfa og lána úr Byggingarsjóði ríkisins
** Fasteignaveðbréfum, lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, sérþarfalánum og viðbótarlánum

**Kynntu þér málið á www.ibudalan.is**
***Íbúðalánasjóður - fyrir alla***

FABRIKAN

www.ils.is | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður

# Hvers eigum við aldraðir að gjalda?

KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON,
EFTIRLAUNAÞEGI SKRIFAR UM MÁLEFNI ALDRAÐRA

**Við sem núna erum komin á eftirlaun og fáum lítið úr lífeyrissjóðum verðum að treysta á eftirlaun frá Tryggingastofnun okkur til framfæris, og samkvæmt skýrslum Tryggingastofnunar eru það milli tíu og tólf þúsund okkar sem verða að lifa af eftirlaunum sem eru langt undir fátæktarmörkum, eru hungurlaun, um og undir eitt hundrað og tíu þúsund krónur á mánuði.**

Hvers eigum við að gjalda? Að undanförnu hefur verið nokkuð mikið rætt og ritað um málefni aldraðra og mikið talað um að nú þurfi að gera vel við aldraða. Hvers vegna er talað og ritað um að gera vel við aldraða? Svarið er ákaflega einfalt, á undanförnum árum hafa greiðslur Tryggingastofnunar til eftirlaunaþega lækkað verulega sem hlutfall af almennum launum, aldraðir hafa dregist aftur úr öðrum.

Rétt dæmi um eftirlaunaþega sem fór á eftirlaun í árslok 1999 og fær ellilífeyri frá Tryggingastofnun og greiðslu úr lífeyrissjóði lítur svona út: Ellilífeyrir frá Tryggingastofnun hefur hækkað um 30% en greiðslur úr lífeyrissjóðnum hafa hækkað um 39,2% til dagsins í dag. Þetta er staðreynd sem sýnir að ellilífeyrir frá Tryggingastofnun hefur rýrnað um 9% á þessum árum. Þessi rýrnun á greiðslum Tryggingastofnunar sem hér er sagt frá hefur orðið á aðeins 6 árum, en þessi rýrnun hafði verið við lýði næsta áratug þar á undan. Hvers eigum við aldraðir að gjalda? Við sem núna erum komin á eftirlaun og fáum lítið úr lífeyrissjóðum verðum að treysta á eftirlaun frá Tryggingastofnun okkur til framfæris, og samkvæmt skýrslum Tryggingastofnunar eru það milli tíu og tólf þúsund okkar sem verða að lifa af eftirlaunum sem eru langt undir fátæktarmörkum, eru hungurlaun, um og undir eitt hundrað og tíu þúsund krónur á mánuði.

Hvers eigum við að gjalda? Við erum ekki að fara fram á fátækraframfærslu, við erum aðeins að krefjast réttlætis. Við erum búin að greiða í almannatryggingar (Tryggingastofnun), sem var okkar lífeyrissjóður, frá 16 ára aldri og þar til við hættum vinnu. Við krefjumst þess að stjórnvöld hætti að skerða lífeyri okkar frá Tryggingastofnun eins og verið hefur og greiði okkur lífeyri, (ellilífeyri og tekjutryggingu o.fl.) eins og við höfum unnið fyrir og bæti upp þær skerðingar sem orðið hafa, en þær eru milli 15 og 20%. Við aldraðir erum ekki að óska neins sem við eigum ekki, við erum aðeins að krefjast þess sem við höfum greitt fyrir og að stjórnvöld hætti að arðræna okkur og skili okkur því sem við eigum. Eins gerum við þær kröfur að hætt verði þessum miklu skerðingum á eftirlaunum frá Tryggingastofnun, þó svo að eftirlaunaþegi geti aflað sér einhverra tekna frá öðrum. Við erum ekki að betla, við erum að krefjast réttlætis, að við fáum það sem við höfum unnið fyrir. Við höfum byggt upp þetta velferðarþjóðfélag og eigum ekki að gjalda fyrir það, heldur að njóta réttlætis. ■

Húsbréf

Útdráttur húsbréfa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbréfa í eftirtöldum flokkum:

4. flokki 1992 – 46. útdráttur
4. flokki 1994 – 39. útdráttur
2. flokki 1995 – 37. útdráttur

Koma þessi bréf til innlausnar 15. júní 2005.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu.
Auk þess liggja upplýsingar frammi hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is

# Orðasmíð í formannskjöri

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁLABARÁTTA



BIRGITTA BRAGADÓTTIR

„Alltaf skal það nú heita eitthvað," sagði gömul kona, sem nú er löngu dáin, margoft á dag og reri fram í gráðið. Það verður að segjast eins og er að mér verður oft hugsað til þessarar konu. Ekki veit ég hvað hún átti við með þessum orðum, þau létu í mínum eyrum eins og nokkurs konar uppgjör við lífið sem hafði ekki alltaf farið um hana mjúkum höndum.

Það er algeng aðferð í umræðum um ýmis hitamál, þegar rökin þrýtur, að menn noti þá baráttuaðferð að henda eitthvert neikvætt orð á lofti og beina því eins og vopni gegn þeim sem við er að etja hverju sinni. Hugmyndafluginu eru þá lítil takmörk sett. Oftar en ekki duga algeng og hversdagsleg orð til, svo sem dylgjur, slúður, málþóf o.s.frv., en stundum taka menn sig til og hafa fyrir því að smíða nýjar og frumlegar samsetningar eins og frægt er orðið. Mönnum hefur jafnvel verið hampað fyrir þessa listgrein og gott ef ekki er komin í gang einhver keppni á þessu sviði milli Davíðs og Steingríms Joð.

Nýjasta orðið sem ég heyrði í þessa veruna er orðið *stjörnupólitík* en það hefur verið notað á síðum dagblaðanna nú undanfarið til þess að lýsa skoðunum fólks sem vill fá hæfasta og reyndasta einstaklinginn í flokknum sínum – þann sem er líklegastur til þess að afla stefnumálum hans fylgis – til þess að vera helsti málsvari hans. (Á mínu máli heitir það skynsemi.) Ég velti því líka fyrir mér af hverju þetta orð er að dúkka upp núna, þessi umrædda „stjarna" er jú búin að vera lengi í pólitík og engum þeirra sem nú smjatta hvað mest á þessu orði hefur dottið í hug að nota það fyrr.

En alltaf skal það nú heita eitthvað – þar rataðist gömlu konunni satt á munn.

*Höfundur er félagi í Samfylkingunni.*

# Stöndum við rétt að málum gagnvart erlendu launafólki?

UMRÆÐAN
VERKALÝÐSMÁL



GUÐMUNDUR GUNNARSSON
FORMAÐUR RAFIÐNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS

**Í fréttaskýringaþáttunum er ekki fjallað um hver sé að hagnast mest á vinnu þessa fólks. Það er á launum sem eru í grennd við lágmarkstaxta, en nýtur engra réttinda. Samkvæmt landslögum og kjarasamningum öðlast launamaður rétt í gegnum launatengd gjöld. Það er hluti af umsömdum launum á íslenskum vinnumarkaði.**

Undanfarin misseri hefur mikið verið fjallað um erlent verkafólk sem er hingað komið á vegum einhverra milligöngumanna sem starfa sem miðlarar. Þeir bjóða fram vinnu þessa bláfátæka fólks gegn endurgjaldi í grennd við allra lægstu lágmarksdagvinnulaun, vinnutími er ótakmarkaður og aðbúnaður skiptir nánast engu. Þetta sáum við svo greinilega í upphafi við byggingu Kárahnjúkavirkjunar, en hefur með miklu starfi tekist að leiðrétta. Í sinni einföldustu mynd eru miðlararnir að hafa af hinum bláfátæku verkamönnum réttindi eins og yfirvinnuálag, uppsagnarfrest, veikinda- og orlofsrétt og tryggingar. Miðlarinn sér um að útvega vinnu hjá þriðja aðila.

Yfirvöld og starfsmenn stéttarfélaga leita þessa erlendu verkamenn uppi og þeim er vísað úr landi. Í fréttaskýringaþáttum kemur fram að hinir erlendu verkamenn hlaupa í felur þegar innlendir erindrekar koma á vinnustaðina. Verkafólkið er hrætt, svo sem ekki nema eðlilegt, þar birtast lögreglumenn og svo koma menn í rykfrökkum frá Útlendingastofnun og umkringja húsið og leiða hina bláfátæku erlendu verkamenn inn í lögreglubíla. Ég spyr, er það réttur framgangsmáti? Eigum við ekki frekar að halda okkur við þá leið sem við fórum í Kárahnjúkum og við Búrfellslínuna, takast á við fyrirtækin og miðlarana og vinna traust verkafólksins?

Ég hef setið allnokkrar ráðstefnur víðsvegar um Evrópu þar sem fjallað hefur verið um þessi mál, þar á meðal eina í Eistlandi þar sem fram kom hjá heimamönnum að miðlararnir, sem fá verkafólkið til ferða, innprenti því fyrst og síðast að verkalýðsfélög séu af hinu vonda. Þau séu einvörðungu að hafa afskipti af þessum málum til þess að ná til sín hluta af launum þess, en sé að öðru leyti nákvæmlega sama um hvaða laun verkamenn hafi. Þeir telja verkamönnum trú um að hagur þeirra sé fyrst og síðast fólginn í að forðast yfirvöld og verkalýðsfélög. Mér er tjáð að þessi málatilbúnaður eigi greiðan aðgang að verkafólki í Austur-Evrópu sem alist hefur upp við gerspillta yfirstétt sem einhliða ákvarðaði laun og kjör og kommissara stéttarfélaga sem dönsuðu eftir þeirra flautum. Hér þurfum við ekki að leita nema um 100 ár aftur til þess að finna vistarböndin og bændasamfélagið.

Í fréttaskýringaþáttunum er ekki fjallað um hver hagnist mest á vinnu þessa fólks, sem er á launum í grennd við lágmarkstaxta, en nýtur engra réttinda. Samkvæmt landslögum og kjarasamningum öðlast launamaður rétt í gegnum launatengd gjöld. Það er hluti af umsömdum launum á íslenskum vinnumarkaði. Veikinda- og orlofsréttur, lífeyrisgreiðslur, atvinnuleysisbætur, örorkubætur, tryggingar, launaskattur o.fl. Margir Íslendingar hafa valið þann kost að fá þennan hluta launa sinna greiddan beint og sjá svo um sín mál sjálfir. Auk framantalins eiga fyrirtækin að greiða virðisauka og standa skil á öðrum sköttum til samfélagsins. Það er þarna sem hagnaðurinn liggur, og skapar miðlurunum möguleika til þess að framleigja verkamenn til fyrirtækja á lágmarkslaunum með góðum hagnaði.

Í Finnlandi hafa samtök launamanna og fyrirtækja, ásamt hinu opinbera, tekið höndum saman og reka umfangsmikla kynningarstafsemi meðal erlends launafólks. Þessi starfsemi fer fram bæði í Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum. Áhersla er lögð á að kynna erlenda verkafólkinu í hverju umsamin kjör eru fólgin, hvaða kröfur það eigi að gera til fyrirtækjanna. Einnig er lögð á það mikil áhersla hvert verkafólk eigi að leita vilji það fá rétt laun og njóta fullra réttinda. Eins og við vitum hefur afstaða Samtaka atvinnulífsins og hins opinbera hér landi verið mörkuð tvískinnungi í þessum málaflokki. Einkennilegt því neðanjarðarhagskerfið vex hröðum skrefum og íslensk fyrirtæki sem vilja standa eðlilega að sínum rekstri eiga í vaxandi vandræðum.

Við eigum að sameinast í því að ná til erlenda verkafólksins og vinna traust þess með því að bjóða það velkomið. Þetta fólk er þegar verðmætur þáttur í uppbyggingu samfélags okkar og við þurfum á því að halda. Hlutverk starfsmanna stéttarfélaganna og yfirvalda er að koma þessum skilaboðum á framfæri. Að erlendir verkamenn geti gengið hér um stræti eins og frjálsir menn með mannlegri reisn og eigi fullan rétt á að njóta þess samfélags sem við höfum byggt upp frá því við brutum vistarböndin af okkur.

Við eigum að fara finnsku leiðina og kynna fyrir því hvaða kröfur það eigi að gera og hvernig það fari að því að ná fram réttindum sínum. Verkalýðsfélögin hafa það hlutverk að hjálpa verkafólki sama frá hvaða landi það kom, til þess að ná rétti sínum gagnvart þeim skúrkum sem eru að stela drjúgum hluta af kjörum þeirra og stinga í eigin vasa. Það eru miðlararnir og fyrirtækin sem stela mestu með því að nýta sér bágindi þessara bláfátæku verkamanna, sem nauðugir viljugir fara frá heimili og fjölskyldu til þess að leita uppi vinnu. Við eigum að taka forsvarsmenn þessara fyrirtækja fasta og rukka þá og sekta. Þá náum við árangri, það hafa Finnarnir lært fyrir löngu.

Við snerum okkur að Impregilo og höfðum fram sigur. Við létum verkafólkið í friði og komum því jafnframt í skilning um að við værum að vinna fyrir það. Það var þá sem Impregilo skildi að það væri búið að tapa. Við þekkjum hinn víðáttumikla skjalaskóg sem hefur myndað margþætta stofna í kjölfar fjölda frávika frá hinu daglega lífi. Við vitum í hverju heildarkjör verkafólks eru fólgin, það er ekki bara að fá greidd strípuð lágmarksdaglaun fyrir 14 tíma vinnu 6 daga vikunnar. Fyrirvaralaus uppsögn fólgin í fjarlægð vegna veikinda og athugasemda um aðbúnað eða beiðni um mat og betri skó. ■



# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.021 **+0,95%**

**Fjöldi viðskipta:** 415
**Velta:** 12.335 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SÍF** | 4,17% | **Flaga** | -2,95% |
| **Hampiðjan** | 2,94% | **Samherji** | -0,41% |
| **Kögun** | 2,50% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,90 +2,44% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 33,00 +1,85% ... Burðarás 14,15 +1,80% ... FL Group 14,30 +1,06% ... Flaga 5,60 -2,95% ... Íslandsbanki 12,80 +1,59% ... KB banki 542,00 +0,18% ... Kögun 61,50 +2,50% ... Landsbankinn 15,70 +1,29% ... Marel 56,40 +0,53% ... Og fjarskipti 4,07 +0,74% ... Samherji 12,05 -0,41% ... Straumur 11,05 +1,38% ... Össur 83,50 -

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðið ræður áhuga

## Helmingur áhugasamra lætur í ljós hversu mikið Síminn á að kosta.




**SÍMINN** Hópur fjárfesta áhugaverður kostur fyrir stærri fjárfesta.

Sífellt stækkar í hópi fjárfesta sem vilja bjóða í Símann í gegnum einkahlutafélag sem Agnes Bragadóttir, Orri Vigfússon og Ingvar Guðmundsson halda utan um.

Orri segir vinnuna við stofnun félags vera á fullu að fara í gang og verið sé að setja saman hóp um framtíðarsýnina Hann telur hópinn vera áhugaverðan kost fyrir stærri fjárfesta og segir hann nokkra hafa gefið sig fram.

Orri segir verð hafa áhrif á áhuga þeirra sem hafa skráð sig og að annar hver sem skrái sig láti í ljós hvert verðið eigi að vera. Enn liggi þó ekki nægjanleg gögn fyrir til að verðmeta fyrirtækið. Í gær hitti hópurinn meðal annars Fjármálaeftirlitið og stefnt er að því að fulltrúa Morgan Stanley. „Við erum að tala við helstu lífeyrissjóði og lánastofnanir. Við erum að skýra stöðuna fyrir þeim og þeir verða að melta það í sínum fyrirtækjum,“ segir Orri.

- dh



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KRAFTUR Í KAUPHÖLLINNI** Töluverðar hækkanir hafa verið síðustu tvo daga.

# Hækkanir í Kauphöll

## Úrvalsvísitalan aftur yfir fjögur þúsund.

Hlutabréfaverð hélt áfram að hækka í gær og fór Úrvalsvísitalan á ný yfir fjögur þúsund stig.

Bakkavör hefur hækkað mjög á síðustu tveimur dögum og er það meðal annars rakið til þess að greiningardeild Íslandsbanka gaf út nýtt verðmat.

Í nýrri skýrslu Íslandsbanka er komist að þeirri niðurstöðu að verðmæti Bakkavarar gefi tilefni til þess að hlutabréfaverð sé 37,2 krónur. Íslandsbanki ráðleggur því fjárfestum að kaupa bréf í félaginu en í gær var verð á markaði 33 krónur.

Hinir bankarnir hafa einnig nýlega gefið út verðmatsskýrslur fyrir Bakkavör. KB banki setti 36,4 krónur á hvern hlut þann 9. mars sl. en Landsbankinn telur að gengið ætti að vera 28,3.

Í gær kom einnig út nýtt verðmat Landsbankans á FL Group, sem áður hét Flugleiðir. Niðurstaðan var sú að félagið geti staðið undir hlutabréfaverðinu 13,85. Íslandsbanki gaf í byrjun febrúar út mat á félaginu þar sem niðurstaðan var 13,9. Gengi FL Group á markaði í gær var 14,3.

- þk








**JEAN-PAUL SARTRE (1905-1980)** lést þennan dag.

*„Allt þarf að reikna út, nema hvernig á að lifa.“*

***Franski heimspekingurinn var kvaddur í franska herinn árið 1939 og starfaði þar sem veðurfræðingur. Þýskar hersveitir handsömuðu hann árið 1940 og mátti hann dúsa níu mánuði í fangelsi. Eftir að honum var sleppt gekk hann til liðs við frönsku andspyrnuhreyfinguna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Pol Pot deyr í stofufangelsi*



POL POT

Á þessum degi árið 1998 lést kambódíski harðstjórinn Pol Pot, réttu nafni Saloth Sar, 73 ára að aldri. Pot stofnaði hin alræmdu skæruliðasamtök Rauðu Khmerana í frumskógum Kambódíu á sjöunda áratugnum. Takmark þeirra var að útrýma öllum vestrænum áhrifum í Kambódíu og setja á útópískt samfélag sem lifði eingöngu af akuryrkju.

Árið 1970 voru Khmerarnir þegar búnir að sölsa undir sig þriðjung lands í Kambódíu með aðstoð Norður-Víetnama og fimm árum seinna hertóku þeir höfuðborgina, Pnom Penh, steyptu stjórninni og stofnuðu Alþýðulýðveldið Kampútseu. Pol Pot beið ekki boðanna og hóf strax að rýma borgir, loka verksmiðjum og skólum og afnema einkaeign. Menntað fólk var tekið af lífi; oft var það dauðasök að ganga með gleraugu því það benti til að viðkomandi væri læs.

Nauðugu viljugu var fólki smalað úr borgunum í samyrkjubú í sveitum og frumskógum landsins. Talið er að tvær milljónir manna hafi verið teknar af lífi eða dáið í vinnubúðum eða úr hungri á árunum 1975 til 1978. Khmerarnir höfðu átt í skærum við Víetnama á landamærunum og árið 1979 réðust Víetnamar inn í Kambódíu og hertóku höfuðborgina. Pol Pot og lið hans hrökklaðist aftur í frumskóginn en hélt skæruhernaði áfram næstu árin. Pol Pot var leiðtogi hreyfingarinnar þar til samherjar hans snerust gegn honum árið 1997, boluðu honum úr embætti og dæmdu í ævilangt stofufangelsi. Margir vonuðust til að Pot yrði framseldur svo hægt yrði að dæma hann fyrir glæpi gegn mannkyni. Hann dó áður en af því varð. Í viðtali sem tekið var skömmu fyrir dauða hans lýsti Pol Pot því yfir að samviska hans væri hrein.

## MERKISATBURÐIR

**1817** Fyrsti ameríski heyrnleysingjaskólinn opnar í Hartford í Connecticut.
**1865** Andrew Johnson verður 17. forseti Bandaríkjanna eftir að Abraham Lincoln var ráðinn af dögum.
**1924** Berklavarnafélag Íslands stofnað í Reykjavík.
**1972** Fyrsta náttúruverndarþinginu lýkur í Reykjavík.
**1986** Fimmtán starfsmenn kjúklingasláturhússins á Hellu fluttir á sjúkrahús eftir að hafa andað að sér klórgufu.
**1987** Seðlabankahúsið formlega tekið í notkun.
**1990** Eldur kemur upp ofan á tanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Borgarstjóri og nokkrir þingmenn Reykjavíkur krefjast þess að verksmiðjunni verði lokað.

## AFMÆLI



**Vigdís Finnbogadóttir,** fyrrverandi forseti lýðveldisins, er 75 ára í dag.



**Karl Steinar Valsson** aðstoðaryfirlögregluþjónn er 42 ára í dag.



**Skúli Helgason,** námsmaður og fyrrverandi útvarpsmaður, er fertugur í dag.



**Ari Matthíasson** leikari er 41 árs í dag.

## ANDLÁT

**Guðríður Hansdóttir**, áður til heimilis á Vatnsstíg 11, Reykjavík, lést á Franciskusspítalanum í Stykkishólmi sunnudaginn 11 apríl.
**Snorri Jóhannesson**, Garðavegi 14, Hvammstanga, lést þriðjudaginn 12. apríl.

## JARÐARFARIR

11.00 **Þórir Ketill Valdimarsson**, Seljabraut 82, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.
13.00 **Áslaug Guðlaugsdóttir**, Einimel 5, Reykjavík, verður jarðsungin frá Neskirkju.
13.00 **Ingibjörg Daníelsdóttir**, Flatahrauni 16b, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.
13.00 **Ingólfur G. Gústavsson**, húsasmíðameistari, Hraunbæ 1, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.
13.00 **Sigrún Hulda Jónsdóttir**, Reynihvammi 33, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.
14.00 **Guðmundur Hreinn Árnason (Bassi)**, Kirkjuvegi 14, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
14.00 **Ragna Gestsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skjaldarvík, áður Lindasíðu 2, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.
15.00 **Jóhanna Loftsdóttir**, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

**TÍMAMÓT:** HREINN JAKOBSSON, FORSTJÓRI SKÝRR, 45 ÁRA

# Stefnir með Skýrr á erlenda markaði



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HREINN JAKOBSSON** Forstjóri Skýrr á 45 ára afmæli í dag. Hann segist lítið ætla að gera með daginn enda verði nóg um hátíðarhöld á árshátíð fyrirtækisins um helgina.

Ekki sagði Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, neitt sérstakt standa til vegna 45 ára afmælis hans í dag. „Um helgina er árshátíð hjá Skýrr og má segja að maður blandi saman afmæli og árshátíð fyrirtækisins,“ sagði hann.

Hreinn hefur setið í forstjórastól fyrirtækisins síðan Skýrr var einkavætt árið 1997. „Ég kom úr heimi banka og fjármála, en hellti mér í tölvubransann. Tíminn hefur verið fljótur að líða og í raun ótrúlegt að í haust skuli þetta vera orðin ein átta ár síðan ég byrjaði,“ sagði hann og kvað bæði hafa verið skemmtilegt og gefandi að breyta Skýrr í „aggresívt“ fyrirtæki á hörðum markaði. Að sama skapi hafa í forstjóratíð Hreins átt sér stað nokkrar breytingar á eignarhaldi fyrirtækisins. „Opin kerfi yfirtóku fyrirtækið árið 2003 og í fyrra gerðist það svo að Kögun tók yfir Opin kerfi Group og þar með Skýrr.“ Um síðustu áramót var Skýrr fært út úr Opnum kerfum Group og er því í dag eitt átta fyrirtækja sem heyra undir Kögunarsamstæðuna. „Þetta er mjög spennandi, enda Kögunargrúppan samsteypa sem veltir líklega um 20 milljörðum og er með um þúsund starfsmenn,“ sagði Hreinn og taldi að þótt fyrirtækið starfaði vitanlega ansi sjálfstætt opnaði það ákveðna útrásarmöguleika að tilheyra stærri samsteypu. „Slagkrafturinn til að sækja fram á erlendan markað er meiri. Við erum með mörg járn í eldinum sem við teljum að gætu átt erindi á erlenda markaði, bæði hugbúnaðar- og tölvurekstrarverkefni ýmiss konar.“

Almennt taldi Hreinn að bjartsýni ríkti hér í upplýsingatækniiðnaði, líkt og á öðrum sviðum atvinnulífs um þessar mundir. „Við stöndum mjög framarlega bæði hvað varðar net- og farsímanotkun og eftir á að hyggja má segja að við höfum blessunarlega sloppið frá fjárfestingaræðinu sem var í bólunni og sölu á leyfum til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfa,“ sagði hann og taldi ef til vill fullgeyst hafa verið farið í að búa til bandbreidd sem ekki væri í raun þörf fyrir. „Maður verður dálítið þreyttur á þessu byltingartali. Auðvitað er þetta þróun og tækninni fleygir fram, en stundum eru menn fullfljótir að kynna nýjungar án þess að markaður sé fyrir hendi.“

Hreinn sagðist telja Skýrr vera vel staðsett fyrirtæki upp á tækniþróun framtíðar, enda fyrirséð að fyrirtæki muni í auknum mæli vilja kaupa upplýsingatækni sem þjónustu, frekar en að sinna þeim hlutum sjálf. „Og þannig veitum við fyrirtækjum þjónustu, sjáum um hugbúnaðarkerfin, reksturinn, öryggismálin, gagnatengingar og allt saman. En það þarf ekki að þýða að við gerum hér allt sjálf, heldur erum við líka í samstarfi við önnur hugbúnaðarfyrirtæki,“ sagði hann og taldi bjart yfir. „Reksturinn gengur vel, krafturinn er mikill og ég er með gott fólk sem auðvitað er lykilatriði. Sýnin er klár og fólk veit til hvers er ætlast af því. Meðan þessir grunnþættir eru í lagi hef ég trú á að okkur gangi vel.“ ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1452 Leonardo da Vinci, listamaður og vísindamaður.
1707 Leonhard Euler, stærðfræðingur.



**1843 Henry James,** rithöfundur.
1858 Émile Durkheim, félagsfræðingur.



**1894 Bessie Smith,** blússöngkona.
1912 Kim Il-Sung, einræðisherra Norður-Kóreu.



**1938 Claudia Cardinale,** leikkona.
1944 Dave Edmunds, tónlistarmaður.



**1959 Emma Thompson,** leikkona.
1966 Samantha Fox, söngkona.
1968 Stacey Williams, ofurfyrirsæta.
1990 Emma Watson, leikkona.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MÁLVERK AFHJÚPAÐ** Þorvarður Elíasson, skólastjóri Verzlunarskólans, afhjúpaði í gærmorgun málverk Ólafar Kjaran Knudsen sem starfsmenn skólans gáfu skólanum.

# Færðu skólanum málverk

Í tilefni af 100 ára afmæli Verzlunarskólans á þessu ári tóku starfsmenn skólans sig til og gáfu skólanum málverk sem afhent var í gærmorgun með viðhöfn í Bláa sal skólans.

Málverkið var málað sérstaklega af þessu tilefni af Ólöfu Kjaran Knudsen, sem einnig er kennari við skólann. Efnið tengist sögu skólans því í verkinu getur á að líta þróun grunnflata skólans frá stofnun árið 1905 til dagsins í dag.

Eftir að Þorvarður Elíasson skólastjóri veitti málverkinu viðtöku var boðið upp á köku í tilefni dagsins. Verkið var svo hengt upp fyrir framan skrifstofu skólans á þriðju hæð. ■




†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur*

**Sigrúnar Elísabetar Ásgeirsdóttur**

Höfðavegi 7b, Húsavík.

Enn fremur færum við öllu heilbrigðisstarfsfólki sem hefur komið að málum um árabil þakkir og sérstaklega Óskari Þór Jóhannssyni lækni á Landspítala - háskólasjúkrahúsi fyrir ómetanlegan stuðning og samfylgd.

**Theodór Árnason, börn, tengdabörn, barnabörn og systkin.**

Vegna jarðafarar
**Sigrúnar H. Jónsdóttur**
er Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.
lokað frá hádegi föstudaginn 15. apríl.

Minningarkort
535 1825
HJARTAVERND
www.hjarta.is • 535 1800

# Vaxtalaus verðsprengja

## legend G-556E



- Intel P4 M 1,8GHz Dothan örgjörvi 2mb
- 512mb DDR 333 Vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- ATI Radeon 9700 M11 128MB Skjákort TV-Out
- 80GB harður diskur, 5400rpm 8mb
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1400x1050 TFT skjár
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g*
- 10/100 Netkort og 56k mótald
- USB 2,0 / FireWire / PCMCIA-II/ 8cell Li-Ion Rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifara- og afspilunarhugbúnaður

**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **6.999*** kr á mán. í 26 mánuði
Staðgreitt 181.974,-

## legend G-556C



- Intel Celeron M 1,4GHz örgjörvi
- 256MB DDR 333 Vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- ATI Radeon 9700 M11 128MB Skjákort TV-Out
- 60GB harður diskur, 5400rpm 8mb
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1400x1050 TFT skjár
- 10/100 Netkort og 56k mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0 / FireWire / PCMCIA-II/ 8cell Li-Ion Rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifara- og afspilunarhugbúnaður

**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **6.999*** kr á mán. í 20 mánuði
Staðgreitt 139.980,-

## legend G-557



- Intel Celeron M 1,3 Ghz örgjörvi
- 256 MB DDR 333 vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif
- SIS 661 allt að 64MB skjákort TV-Out
- 40GB harður diskur
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1024x768 TFT skjár
- 10/100 netkort og 56K mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0, 8Cell Li-Ion rafhlaða, 2,6Kg
- Windows XP-Pro stýrikerfi á ísl. eða ensku
- Skrifarahugbúnaður
- DVD afspilunarhugbúnaður

**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **6.999*** kr á mán. í 14 mánuði
Staðgreitt 97.986,-

## legend Premium



**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999*** kr á mán. í 20 mánuði
Staðgreitt 99.980,-

- Intel Celeron 2,6GHz örgjörvi
- 256MB 333MHz minni
- 16x+/ Dual DVD skrifari
- MSI FX 5200 128MB skjákort TV-Out DVI
- 160GB SATA harður diskur 8MB
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 7x USB
- 17" LCD tölvuskjár
- Media Bays, les flestar teg. minniskorta
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

## legend Xite



**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999*** kr á mán. í 16 mánuði
Staðgreitt 79.984,-

- AMD Sempron 2300+ örgjörvi
- 256MB 333MHz minni
- 16x+/Dual DVD skrifari
- Skjástýring 64MB
- 80GB harður diskur
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 6xUSB
- 17" LCD tölvuskjár
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

## legend Internet PC



**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999*** kr á mán. í 12 mánuði
Staðgreitt 59.988,-

- AMD Duron 1,6 GHz örgjörvi
- 128MB DDR minni
- Geisladrif 52x
- Skjástýring 32MB
- 40GB harður diskur
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 17" LCD tölvuskjár
- 6x USB
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

## legend V12 Elite



**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999*** kr á mán. í 30 mánuði
Staðgreitt 149.970,-

- Intel P4 550 3,4 GHz H.T. örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 16x+/ Dual DVD skrifari
- ATI X600PRO 256MB PCIExpress skjákort DVI/TV-Out
- 200GB SATA harður diskur 7200RPM 8MB
- 8-Ch H.D. hljóðkort; 10/100/1000 netkort
- 7xUSB 2,0
- 17" LCD tölvuskjár
- Media Bays, les flestar teg. minniskorta
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

## legend X-treme



**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999*** kr á mán. í 24 mánuði
Staðgreitt 119.976,-

- Intel P4 3,0 GHz Prescott 800MHz H.T.
- 512MB 400MHz minni
- 16x+/ Dual DVD skrifari
- MSI FX 5700 LE 256MB skjákort TV-Out DVI 2H
- 200GB SATA harður diskur 8MB
- 6-Ch hljóðkort; 10/100 netkort
- 7x USB
- 17" LCD tölvuskjár
- Media Bays, les flestar teg. minniskorta
- Lyklaborð og optical mús
- Windows XP-Home á ísl. eða ensku

**3ja ára ÁBYRGÐ á vélbúnaði**

**Hringiðan** Internetþjónusta

1 mánaða ADSL aðgangur hjá Hringiðunni fylgir frítt gegn undirritun 12 mánaða samnings. Innifalið í 12 mánaða samningi er 4 porta ADSL router.

### Lyklapétur

Öflug veiruvörn með Lyklapétri fylgir frítt í 90 daga með öllum LEGEND tölvum.

**Nýtt kortatímabil**

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Álfkona frekar en landsmóðir

Fósturlandsins Freyja, fagra Vanadís.
Móðir, kona, meyja, meðtak lof og prís!
Blessað sé þitt blíða bros og gullin tár.
Þú ert lands og lýða ljós í þúsund ár.
Þessar ljóðlínur Matthíasar Jochumssonar, Minni kvenna, eiga einkar vel við afmælisbarnið Vigdísi Finnbogadóttur. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* flutti henni afmæliskveðjur Fréttablaðsins.




**AFMÆLISBARN DAGSINS OG FYRSTI KVENFORSETI VERALDAR** Frú Vigdís Finnbogadóttir er 75 ára í dag. Hún segir forsetaembættið hafa breytt sér, en síst á þann veg að hún hafi orðið merkilegri með sig. Hún hafi alltaf verið ein af okkur, venjuleg manneskja sem af tilviljun var kosin í virðulegasta embætti lýðveldisins.

Mér finnst merkilegt að vera orðin 75 ára, án þess að hafa tekið eftir því," segir afmælisbarn dagsins, frú Vigdís Finnbogadóttir. „Mér fannst dálítið púkó að verða sjötug, en flott að verða 75," segir hún hlæjandi og neitar því að sér finnist hún orðin gömul. „Ég finn til með þeim sem finnst þeir þurfa að drepa tímann. Tíminn líður hratt þegar maður hefur nóg fyrir stafni og heldur huganum opnum, og svo getur maður aldrei lofað nógsamlega góða heilsu, þrek og orku."

### Einkalíf forseta

Frú Vigdís er áberandi ungleg og glæsileg, fágæt blanda heimsborgara, bóhems og gamaldags kvikmyndastjörnu. Blá augun tindra af fegurð og fjöri meðan blik þeirra leikur við mjúkbláa tóna stofunnar við Aragötu, þar sem Vigdís heilsaði Íslendingum ofan af svölum sínum eitt sólríkt júníkvöld árið 1980, þá fyrst kvenna í heiminum sem kosin var af þjóð sinni til að gegna hlutverki þjóðhöfðingja, sem hún gegndi í sextán ár samfleytt.

„Nei, það var ekki erfitt að hætta sem forseti, það var kominn tími til þess. Í raun fylgdi því léttir að hætta því forsetaembættið er þungt að sinna og setur persónufrelsinu skorður," segir Vigdís í einlægni.

Þegar hún er spurð hvort mögulegt hefði verið að verða ástfangin í forsetastól, og hvort karlmenn hafi almennt þorað að nálgast frú forseta, segir hún forseta alltaf í sjálfvald sett að stýra einkalífi sínu.

„Ég átti fjarskalega gott einkalíf og ól dóttur mína upp á þessum árum án þess að menn þekktu hana í sjón. Eitt sinn var ég spurð hvort ég saknaði þess ekki að hafa einhvern grúví gæja með mér, en þessu stýrði ég eins og mér sýndist. Forseti getur orðið ástfanginn ef hann vill, rétt eins og eftirmaður minn hefur sannað, en ég var heppin að eiga stóran vinarann. Ég nýt þess að vera með fólki, um leið og ég verð að eiga sjálfa mig ein og út af fyrir mig."

### Ein af okkur

Að vera í sama herbergi og frú Vigdís er sérkennileg upplifun, svo björt er útgeislun hennar og umvefjandi nærvera. Hún segir forseta ráða því sjálfan hvort hann sé upphafinn á stall.

„Ég vona að ég hafi aldrei verið á stalli, því mér þykir svo vænt um fólk. Ég óskaði þess að fólk fyndi það vinsamlega í mér, en ekki hið gagnstæða. Ég var bara ein af okkur, ósköp venjuleg manneskja sem af tilviljun var valin í þetta starf. Vinur þeirra sem vildu vera vinir mínir. Reiðubúin að halda undir horn og lyfta með átökum, því ég er í eðli mínu dráttarklár, tilbúin að draga eða ýta á eftir málefnum og verkum."

Hún segir forsetaembættið hafa breytt sér, eins og öll lífsreynsla sem mótar manneskjuna.

„En af og frá að ég hafi orðið merkilegri með mig. Þvert á móti þráði ég að vera með fólkinu og þótti ekkert skemmtilegra, við minni sem stærri tilefni."

### Forseti er sálusorgari

Sem fyrsti kvenforseti lýðveldisins virtist frú Vigdís bera móðurlega umhyggju fyrir landsmönnum. Einu sinni í viku, öll sextán árin, var skrifstofa hennar opin gestum og gangandi.

„Frekar vildi ég nú vera álfkona en landsmóðir," segir hún brosmild í augum. „Fólk bar upp öll möguleg hugðarefni og maður fékk mikið að vita um óhamingjuna í þjóðfélaginu, en fólki þótti mikils virði að setjast niður með forsetanum og tala um sín mál í rólegheitum. Forseti er tvímælalaust sálusorgari og ég reyndi alltaf að hjálpa þegar ég gat, en varð auðvitað að fylgja reglum þjóðfélagsins."

Mannskæð snjóflóð urðu á Vestfjörðum í forsetatíð Vigdísar, sem fylgdi hinum látnu til grafar.

„Vilji maður einhvern tímann vera á réttum stað og fara rétt með hlutverk sitt hlýtur það að vera þegar standa þarf með þjóð sinni í slíkri raun. Til allrar hamingju fór ég vestur því ég hafði mikla þörf til að skila því til fólksins hve djúpt ég fann til með því. Og finni maður ekki réttu orðin til að segja, þá segir maður þau með faðmlagi í staðinn. Ég þarf ekki að biðjast afsökunar á því að vera ákaflega mannleg. Ég kvíði yfirleitt fyrir og fer aldrei með sérstaklega léttan hug út í það sem tekur á. Skárra væri það nú ef ég hefði ekki grátið með fólkinu. Það er hægt að búa til skel utan um sig, en aldrei svo harða að menn geti ekki grátið."

### Ögrun að standa sig

Forsetaframboð Vigdísar átti uppruna sinn í kvennafrídeginum, þegar lýðnum varð ljóst að þjóðfélagið hvíldi jafnt á öxlum kvenna og karla. Enginn varð meira hissa en Vigdís sjálf er hún sá nafn sitt þar á meðal hugsanlegra frambjóðenda í blöðum.

„Það varð að áhrifaríkri áskorun þar sem fólk kom unnvörpum og sagðist standa á bak við mig, færi ég í framboð sem oddviti þess. Það fannst mér fallegt," segir Vigdís og brosir að minningunni.

„Mér var því ýtt út í þetta. Ákvörðunin kostaði mikinn kjark og er ég var kosin án þess að búast við því hófst alveg nýtt skeið. Ég hafði aldrei hugsað út í að verða fyrsta konan í heiminum kjörin forseti og því mikil ögrun að standa sig. Nú gengi ekki að hrynja niður á tröppum Alþingis og gefast upp."

Hún segist aldrei hafa litið á þjóðhöfðingja, kónga og frægðarfólk sem hún hitti í embættinu sem meiri stórmenni en annað fólk.

„Litla stelpu úr Vesturbænum dreymdi aldrei um það í alvöru að hitta kónga og drottningar, en ég var alltaf svo innilega velkomin og þótti óskaplega gaman að heimsækja þetta fólk, sem var svo eðlilegt og indælt."

### Ómæld virðing fyrir Íslendingum

Hún segir besta veganestið tungumálin sjö, sem hún talar eins og infædd.

„Ég get aldrei nógsamlega talað fyrir því hve mikilvæg erlend tungumál eru þjóð eins og okkar," segir Vigdís, sem ein í heiminum gegnir embætti velgjörðasendiherra í tungumálum Sameinuðu þjóðanna, þar sem hún stendur vörð um tungumál í útrýmingarhættu, sem teljast helmingur þeirra 6.500 tungna sem talaðar eru í heiminum.

„Á meðan við tölum íslensku erum við þjóð, eilítið öðruvísi en allir aðrir, sem gefur okkur karakter sem við megum aldrei týna. Við búum við þá hættu sem er svo ríkjandi á Vesturlöndum að peningahyggjan er upphafin á kostnað einhvers annars. Menn halda að þar liggi hamingjan, en hamingjan liggur fyrst og fremst í því að vita hver maður sjálfur er. Ég er alltaf jafn fegin og hreykin af því að vera Íslendingur. Það er litið á okkur með miklu meiri virðingu og tillitssemi en við vitum sjálf, enda erum við friðsöm þjóð og eigum þá sérstöðu að hafa haldið tungumáli og menningu okkar í rúm ellefu hundruð ár. Það er borin ómæld virðing fyrir því."

### Ræktun barna

Órjúfanleg persónu Vigdísar er ást hennar á náttúru og gróðurfari. Og nú er hún með nýja kenningu.

„Ég vil að við ræktum börnin eins og við ræktum tré, með því að hlúa að þeim, fylgjast með þeim vaxa fögrum og laufi prýddum, dást að þeim og leyfa þeim að finna að kynslóðinni sem elur þau upp er annt um þau og framtíð þeirra. Sjálfsagi og sterk sjálfsmynd er það besta sem við getum gefið börnunum, því sjálfkrafa kemur sjálfsvirðing."

Unglingar komu oft að máli við Vigdísi í forsetastóli og gera enn.

„Unglingar fá oft ekki nægilega jákvæða athygli, eins og þeir eru glæsilegir, vel gerðir og vel gefnir. Það verður að leggja rækt við þá og segja þeim hvað þeir eru skemmtilegir.

Við höfum öll verið unglingar


Fyrir heimilið, vinnustaðinn og bílinn














1.056 kr.
Reykskynjari 9V

6.350 kr.
Duftæki 2kg með mæli og bílfestingu

8.612 kr.
Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

3.459 kr.
Eldvarnarteppi

TUNGLIÐ RV3037

Eldvarnartæki á góðu verði





Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

og vitum að því fylgir dirfska og fjör þegar slett er úr klaufunum, en ef eitthvað fer úrskeiðis er sök sett á allan hópinn. Það er ósanngjarnt.“

**Jafnrétti er hamingjan**

Vigdís hefur ekki farið í grafgötur með álit sitt á landsspjöllum, enda mikill náttúruverndarsinni.

„Við eigum ekki þetta land, heldur þeir sem koma á eftir okkur. Við verðum að fara mjög varlega í öllu sem lýtur því að skemma landið.

Manneskjan er skynsöm og ætti að geta fundið upp annað til að byggja upp atvinnuvegi og framtíð fólks en að höggva svo nærri náttúrunni. Svarið felst ekki í álverum og það er tvímælalaust tímabært að staldra við og hugsa um framhaldið á öðrum nótum.“

Kvennabarátta hefur einnig verið Vigdísi hugleikin. Hún segir konuna ekki farna fram úr sjálfri sér í framapoti eða vera að kikna undan kröfum þjóðfélagsins.

„Þetta er nýtt lífsmunstur fyrir konuna, en við verðum að þrauka. Það er enginn vafi á að enn er miklu meira lagt á konuna en karlinn. Konum er enn haldið niðri í launum, sem er hrikalega auðmýkjandi og rýrir sjálfsmyndina. Konur verða að mennta sig og standa körlum jafnfætis andlega jafnt sem þekkingarlega til að breyta þessu. Þjóðfélagið verður miklu hamingjusamara þegar það finnur að jafnrétti hefur náðst og hamingjan er það dýrmætasta sem við eigum,“ segir Vigdís og skilgreinir hamingjuna betur.

„Hamingja er að komast hjá því að óánægja nagi mann innan frá.

Hamingja er líka að sjá verk manns, hugðarefni og hugsjónir verða að veruleika, og hamingja er að sjá litlu börnin vaxa og finna að maður er að gefa þeim það besta.“

**Virkjun gamla fólksins**

Þegar Vigdís er spurð hví hún er alltaf svo fögur segir hún það engu einu að þakka. Hún hafi aldrei lagst undir hnífinn til að líta betur út, en geri kínverskar leikfimiæfingar Gunnars Eyjólfssonar, fyrir orkuna.

„Ég er svo lánsöm að eiga stóran heim og hugsýnir að vinna að. Held að yngingarmeðalið sé í höfði okkar. Í útlöndum er ég aldrei spurð um aldur, en hér velta menn honum mikið fyrir sér. Það er hryggilegt að eldra fólki hefur verið ýtt í sérbás en ég trúi að fólk átti sig brátt á að nýta krafta elstu kynslóðarinnar. Gamla fólkið býr yfir svo mikilli reynslu og ég vil sjá það virkjað í skólum, svo börnin kynnist elstu kynslóðinni, heyri af sögum þess og hugarheimum.“

**Farið fyrir horn**

Vigdís fagnar afmælisdeginum á ráðstefnunni „Samræður menningarheima“ sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir í tilefni afmælisins. Á ráðstefnunni munu framámenn og virtir sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum fjalla um hnattvæðingu og fjölbreytileika menningar og tungumála.

Vigdís býr nú á Íslandi mestallt árið, í indælu nábýli við dóttur sína, tengdason og ömmustelpurnar tvær. „Það skiptir máli að eignast börn. Lífið hefði verið mér tómt ef ég hefði ekki eignast dóttur mína. Það gefur lífinu gífurlegt gildi að fá að fylgjast með börnum, því sem er nýtt og fá að vera með í fjörinu. Ævin hefur verið viðburðarík og skemmtileg, oftast hád tilviljunum. Ég hef alltaf verið að fara fyrir horn, en það haft svo mikinn tilgang að ég hef smitast með og ekki annað getað en fylgt því eftir,“ segir afmælisbarnið Vigdís, sem alltaf verður Vigdís forseti í hugum landsmanna. ■


LAGERSALAN
hefst í dag!
að Hlíðarsmára 11




Opnunartími
mán-fös 14-19
laugard og sunnud 13-18




Nýtt kortatímabil

SISLEY

UNITED COLORS OF BENETTON.



www.toyota.is




**Corolla - Tilfinningin er góð**

Corolla er ríkulega hlaðin staðalbúnaði. Þar má nefna fjóra loftpúða fyrir ökumann og farþega, ABS-hemlakerfi, krumpusvæði, Optitronmæla í mælaborði og útvarpsfjarstýringu í stýri. Það er sama hvaða gerð af Corolla höfðar til þín. Frábær hönnun, öryggi, framúrskarandi aksturseiginleikar og frábært verð einkenna þær allar. **Taktu skynsamlega ákvörðun. Komdu og reynsluaktu Corolla.**

**Verð frá 1.755.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



**Aðal frétt vikunnar**

**Ítalskar knattspyrnubullur enn og aftur í sviðsljósinu**

Leik Internazionale og AC Milan í átta liða úrslitum meistaradeildar Evrópu var flautaður af eftir að stuðningsmenn Inter köstuðu brennandi blysum sem og öllu öðru lauslegu inn á völlinn í mótmælaskyni þegar mark liðsins var dæmt af.

# sport

sport@frettabladid.is

**RÚSSAJEPPINN MÆTTUR TIL LEIKS Á NÝ:** ALFREÐ GÍSLASON GRÍÐARLEGA SÁTTUR

## *Stórmunur á vörninni með Fúsa*

Línutröllið Sigfús Sigurðsson, oft uppnefndur Rússajeppinn, er byrjaður að leika með Magdeburg á nýjan leik eftir þrálát bakmeiðsli. Alfreð Gíslason, þjálfari Magdeburg, talaði um það fyrr í vetur að hann saknaði Sigfúsar sárt úr vörninni og hann er verulega ánægður með að hafa endurheimt Sigfús úr helju en á tíma óttuðust menn að hann gæti ekki leikið handknattleik á ný.

„Hann hefur staðið sig mjög vel í vörninni og það munar verulega um hann þar. Hann er sterkur, stýrir varnarleiknum vel og lætur duglega í sér heyra. Það er stórmunur á varnarleiknum eftir að hann kom aftur," sagði Alfreð en hann hefur aðeins notað Sigfús í vörninni það sem af er. „Hann þarf að koma sér í betra form áður en hann fer í sókninni en það kemur. Úthaldið er ágætt en það tekur tíma að ná toppformi á nýjan leik."



Sigfús var mættur í vörnina hjá Alfreð þegar Magdeburg tryggði sér sæti í úrslitum EHF-keppninnar með 34-32 sigri á Gummersbach en Alfreð og félagar töpuðu fyrri leiknum 25-24, þannig að aðeins munaði einu marki á liðunum samanlagt. Alfreð segir baráttuna ekki hafa verið eins jafna og hún lítur út fyrir að vera.

„Við vorum komnir með tíu marka forystu, 28-18, á tímabili þannig að þetta var mjög öruggt. Við vorum byrjaðir að halda upp á sigurinn átta mínútum fyrir leikslok, sungum með áhorfendunum. Ég leyfði ungu strákunum að spila undir lokin og þetta var mikil stemning. Verulega gaman," sagði Alfreð Gíslason, þjálfari Magdeburg.

**> Þvílíkt rugl ...**

... útsending Kýpverja frá Stjörnuleik Evrópudeildarinnar í körfubolta í gær var hrein hörmung frá upphafi til enda. Langdregin og skipulagslaus dagskrá var toppuð með skelfilegri myndatöku og óskiljanlegum sjónarhornum.



**> Við hrósum ...**

... kvennaliði Stjörnunnar í handknattleik fyrir að sýna mikinn karakter og gefast aldrei upp gegn ÍBV í gær. Þær sýndu með leik sínum að allt er hægt í íþróttum ef viljinn er fyrir hendi. Það verður gaman að fylgjast með oddaleik þessara liða.



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

APRÍL

12 13 14 **15** 16 17 18

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 20.15 **Tindastóll** og **Fjarðabyggð** mætast í Boganum í 4. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 22.00 **KS** og **Leiftur/Dalvík** mætast í Boganum í 4. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 17.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 18.30 **Motorworld** á Sýn.
- 19.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina í fótbolta.
- 19.30 **Enski bikarinn** á Sýn. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska bikarnum í fótbolta.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **World Series of Poker** á Sýn.

# Ótrúleg endurkoma Stjörnustúlkna

**Haukakonur komust í lokaúrslit Íslandsmóts kvenna í handbolta með 26–17 sigri á Val í gær en Stjarnan tryggði sér oddaleik í Eyjum eftir að hafa unnið upp fjögurra marka forskot ÍBV á lokasekúndunum.**

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar Stjörnunnar sýndu ótrúlegan karakter í Garðabænum í gær þegar þær fengu Íslandsmeistara ÍBV í heimsókn í öðrum leik liðanna í undanúrslitum Íslandsmótsins. Stjarnan var með tapaðan leik þegar aðeins fimm mínútur voru eftir en heimastúlkur neituðu að gefast upp, skoruðu fimm síðustu mörk leiksins og tryggðu sér sigurinn, 24–23. Sigurmarkið skoraði Kristín Guðmundsdóttir fjórum sekúndum fyrir leikslok, en það var í fyrsta og eina skiptið sem Stjarnan var yfir í leiknum.

**ÍBV alltaf skrefi á undan**

Fyrri hálfleikur var mjög jafn en ÍBV var alltaf skrefi á undan og það var vel við hæfi að það lið leiddi með einu marki í leikhléi, 12-13. Stjarnan skoraði fyrsta mark síðari hálfleiks, en þá komu sex mörk í röð hjá ÍBV og Eyjastúlkur breyttu stöðunni úr 13-13 í 13-19.

Þá loksins rankaði meðvitundarlaus þjálfari Stjörnunnar, Erlendur Ísfeld, við sér, tók Öllu Gokorian, sem hafði virt allt í öllu í leik ÍBV, úr umferð og setti ferska leikmenn í skyttustöðurnar. Fyrir vikið kom meiri kraftur í sóknarleik Stjörnunnar og þær sprungu út á síðustu fimm mínútum leiksins. Í stöðunni 19-23 skoraði Hekla úr þremur vítum í röð og síðan jafnaði Anna Blöndal úr hraðaupphlaupi þegar tæp mínúta var eftir. Kristín skoraði síðan sigurmarkið eins og áður segir.

„Það er aldrei búið fyrr en það er búið," sagði glaðbeittur þjálfari Stjörnunnar, Erlendur Ísfeld, í leikslok en hann vildi ekki meina að Stjarnan hefði rænt sigrinum „Við gáfumst aldrei upp. Það er rosalegur karakter í þessu liði. Við höfum leikið illa í úrslitakeppninni en nú er það búið. Nú ætlum við að leika vel og það verður gaman að fara til Eyja. Djöfull hlakka ég til að koma þar aftur."

**Öruggt hjá Haukaliðinu**

Haukakonur tryggðu sér sæti í úrslitum Íslandsmótsins með öðrum sannfærandi sigri á Val, nú 17–26 á Hlíðarenda. Haukakonur unnu fyrri leikinn með 14 mörkum og báða leiki einvígisins með samtals 23 marka mun. Valsstúlkur stóðu í Haukunum fyrstu 10 mínútur leiksins en þá skildu leiðir ekki síst þökk sé góðum leikkafla hjá Hörpu Melsted sem skoraði þá fjögur mörk í röð. Eftir var það aldrei spurning hvar sigurinn myndi lenda.

„Ég er ótrúlega sátt við þessi úrslit enda var stefnan hjá okkur að vinna þetta 2–0. Liðið beit aðeins meira frá sér en síðast en við hleyptum þeim aldrei inn í leikinn og ég hafði það alltaf á tilfinningunni að við myndum vinna," sagði Harpa Melsted, fyrirliði og besti leikmaður ásamt Helgu Torfadóttur markverði sem tók 26 skot eða yfir 60% þeirra skora sem á hana komu.

henry@frettabladid.is, ÞAÞ



**HETJA STJÖRNUNNAR** Kristín Guðmundsdóttir skoraði sigurmark Stjörnunnar fjórum sekúndum fyrir leikslok gegn ÍBV í gær og tryggði Garðabæjarliðinu oddaleik í Eyjum á Laugardaginn. Hér brýst Kristín í gegnum Eyjavörnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### *DHL-deild kvenna*

| STJARNAN–ÍBV | 24–23 (12–13) |
|---|---|

**Mörk Stjörnunnar:** Hekla Daðadóttir 7/4, Anna Blöndal 4, Kristín Guðmundsdóttir 4, Kristín Jóhanna Clausen 4/3, Ásdís Sigurðardóttir 1, Hind Hannesdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Elzbieta Kowal 1.
**Varin skot:** Jelena Jovanovic 13/1, Helga Vala Jónsdóttir 0.
**Mörk ÍBV:** Alla Gokorian 8/1, Anastasia Patsion 6, Eva Björk Hlöðversdóttir 4/1, Darinka Stefanovic 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 2.
**Varin skot:** Florentina Grecu 22/3.

### *DHL-deild kvenna*

| VALUR–HAUKAR | 17–26 (7–12) |
|---|---|

**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 6/3, Anna María Guðmundsdóttir 4, Lilja Valdimarsdóttir 3, Arna Grímsdóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1, Hafrún Kristjánsdóttir 1, Díana Guðjónsdóttir 1/1.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 16.
**Mörk Hauka:** Harpa Melsted 7, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7/1, Ramune Pekarskyte 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Inga Fríða Tryggvadóttir 2, Anna Guðrún Halldórsdóttir 2, Martha Hermannsdóttir 2.
**Varin skot:** Helga Torfadóttir 26, Kristina Matuzeviciute 1/1.






Átta liða úrslit Evrópukeppni félgasliða í gærkvöldi:

## Sporting sló út Newcastle

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið Newcastle fór ekki í neina frægðarför til Lissabon í Portúgal í gær og varð að lokum að sætta sig við 4–1 tap og það að missa af undanúrslitaleik UEFA-bikarsins.

Þetta leit reyndar ekki illa út í upphafi eftir að Kieron Dyer kom Newcastle 0–1 yfir og enska liðið fékk auk þess góð færi til að auka muninn og bæta við 1–0 forskot frá því í fyrri leiknum. Það tókst ekki og Potúgalarnir jöfnuðu fyrir hlé og skoruðu síðan þrjú mörk í seinni hálfleik.

„Þegar við fáum á okkur fjögur mörk og eigum við ekki skilið að komast áfram. Þetta leit mjög vel út í 60 mínútur en þá sprakk þetta hjá okkur. Þetta er mikil synd því við áttum góða möguleika á því að vinna þessa keppni. Nú þurfum við að vera fljótir að rífa okkur upp fyrir undanúrslitaleikinn í bikarnum um helgina," sagði markaskorinn Kieron Dyer eftir leik.



**ÚR LEIK** Alan Shearer og félagar hans í Newcastle gengu niðurlútir til búningsherbergja eftir leikinn við Sporting í Lissabon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í undanúrslit keppninnar komast auk Sporting, hollenska liðið Alkmaar, rússneska liðið CSKA Moskva og hið ítalska Parma.

-ooj

**LEIKIR GÆRDAGSINS**

### *Evrópukeppni félagsliða*

| SPORTING–NEWCASTLE | 4–1 |
|---|---|

0–1 Kieron Dyer (20.), 1–1 Marius Niculae (40.), 2–1 Sá Pinto (72.), 3–1 Beto (78.), 4–1 Rockemback (90.)
**Sporting Lisabon** frá Portúgal komst áfram 4–2 samanlagt.

| ALKMAAR–VILLARREAL | 1–1 |
|---|---|

1–0 Perez (8.), 1–1 Lucho (72.).
**Alkmaar** frá Hollandi omst áfram 3–2 samanlagt.

| AUXERRE–CSKA MOSKVA | 2–0 |
|---|---|

1–0 Lachuer (9.), 2–0 Kalou, víti (79.).
**CSKA Moskva** frá Rússlandi komst áfram 4–2 samanlagt.

| PARMA–AUSTRIA VÍN | 0–0 |
|---|---|

**Parma** frá Ítalíu komst áfram með fleiri mörkum skoruðum á útivelli, 1–1 samanlagt.

**Í undanúrslitum** UEFA-bikarsins mætast Parma og CSKA/Moskva annarsvegar og Sporting Lisbon og Alkmaar hinsvegar. Leikirnir fara fram 28. apríl og 5. maí og eiga lið Parma og Sporting Lissabon fyrri leikinn í undanúrslitunum.



**VERÐUR LAMPARD VALINN BESTUR?** Frank Lampard hjá Chelsea þykir ásamt félaga sínum John Terry líklegastur til að verða valinn besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar í vetur.

Enska úrvalsdeildin:

# Þrír menn frá Chelsea

**FÓTBOLTI** Chelsea á þrjá af þeim sex leikmönnum sem koma til greina sem leikmenn ársins í ensku úrvalsdeildinni. Það eru leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar sem velja og tilnefningarnar voru gefnar út í gær.

Miðjumaðurinn Frank Lampard, varnarmaðurinn John Terry og markvörðurinn Petr Cech eru allir á listanum en Chelsea er komið langleiðina með að landa fyrsta meistaratitli félagsins í 50 ár. Aðrir sem koma til greina eru Steven Gerrard miðjumaður Liverpool, Andy Johnson sóknarmaður Crystal Palace og síðast en alls ekki síst framherjinn Thierry Henry hjá Arsenal en hann hefur unnið þessa viðurkenningu tvö síðustu ár.

Fyrirfram er búist við að annaðhvort Lampard eða Terry vinni að þessu sinni en það yrði þá í fyrsta sinn síðan Teddy Sheringham var valinn sem leikmaður Manchester United árið 2001, að enskur leikmaður hlýtur þessi virtu verðlaun.

Erlendir leikmenn hafa einokað verðlaunin síðustu tímabil en auk Henry hafa Hollendingarnir Ruud van Nistelrooy og Dennis Bergkamp, Írinn Roy Keane og Frakkinn David Ginola verið kosnir bestir af kollegum sínum í ensku úrvalsdeildinni.

Einnig er valinn besti ungi leikmaður deildarinnar og í ár koma þar til greina Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo hjá Manchester United, Shaun Wright-Phillips hjá Manchester City, Arjen Robben hjá Chelsea, Stewart Downing hjá Middlesbrough og að lokum Jermain Defoe hjá Tottenham.

Sigurvegarnir í ár verða verðlaunaðir í sérstöku hófi 24. apríl næstkomandi. -ooj

Stjörnuleikur Evrópudeildar FIBA á Kýpur í gær:

# Jón Arnór með 10 stig

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson skoraði 10 stig og tók þrjú fráköst á 21 mínútu í Stjörnuleik Evrópudeildar FIBA sem fram fór á Kýpur í gær. Jón Arnór var í byrjunarliði Evrópuúrvalsins sem tapaði með fjórum stigum, 102-106, fyrir heimsúrvalinu.

Jón Arnór setti meðal annars niður tvo þrista úr fjórum skotum, átti eina stoðsendingu og tapaði þremur boltum. Félagar Jóns Arnórs í liði Dynamo St. Pétursborg áttu ágætan leik fyrir Heimsúrvalið sem hafði gott forskot allan leikinn. Lettinn Kaspars Kambala var stigahæstur hjá Evrópuúrvalinu með 20 stig en fjórir leikmenn liðsins skoruðu meira en Jón í leiknum.

Shammond Williams, þrítugur bakvörður og leikmaður Unics Kazan, var valinn besti maður leiksins en Williams skoraði 20 stig og gaf 6 stoðsendingar á þeim 30 mínútum sem hann spilaði.

Næst á dagskrá hjá Jóni Arnóri og félögum hans í Dynamo St. Pétursborg eru undanúrslitariðill Evrópudeildarinnar -ooj



**TÍU STIG Á KÝPUR** Jón Arnór Stefánsson skoraði 10 stig á 21 mínútu í Stjörnuleik Evrópudeildar FIBA á Kýpur í gær. Hér sést hann í leiknum. Fréttablaðið/AP










# STUÐ MILLI STRÍÐA | Sumar í dúnúlpu

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** KAUPIR SÉR SUMARGJAFIR


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Mér hefur alltaf þótt það dularfullur siður að halda upp á sumardaginn fyrsta í apríl, svona rétt þegar farið er að vora. En þessi ágæti dagur er víst í næstu viku. Verslanir hafa séð um að minna mig á það með auglýsingum um aldeilis tilvaldar sumargjafir. Kannski þurfum við á Íslandi svona dag til að minna okkur á að sumarið kemur líka til landsins, þó að það sé seint á ferð og stutt.

Og kannski vegna þess hversu seint það er á ferð og stutt breytast öll viðmið hjá manni. Þegar ég bjó í Danmörku hefði mér til dæmis ekki þótt sá dagur sumarlegur sem væri svo kaldur að dúnúlpa væri viðeigandi klæðnaður. Ég fór hins vegar í bæinn í gær í dúnúlpunni minni, en vegna þess að sólin skein og það var svona tiltölulega hlýtt í skjóli fannst mér eins og sumarið væri komið. Ég var að spóka mig á Laugaveginum og skoða í búðarglugga og ég verð að játa að sumartískan, stuttermabolir og sandalar, var skyndilega eftirsóknarverð.

Og ég ákvað að það væri eftir allt saman ekki svo afkáralegt að halda upp á sumarið í apríl og keypti mér nokkrar sumargjafir í tilefni dagsins. Fyrst varð á vegi mínum bleikur og sumarlegur bolli sem ég varð að eignast, bleikur stuttermabolur var líka einstaklega sumarlegur að mínu mati. Þegar ég var komin með bleikan síma í hendina hikaði ég hins vegar, hugsaði með mér að kannski ætti ég frekar að kaupa Símann. Mér eins og öðrum stendur það að minnsta kosti til boða núna að slást í hóp með Agnesi Bragadóttur og félögum og gera tilboð í þessa núverandi þjóðareign.

Hugleiðingar mínar um símakaup fuku hins vegar út í veður og vind þegar ég var komin niður á Lækjartorg. Það er merkilegt hvað það er alltaf ískaldur vindur í miðbænum, eins gott að vera í dúnúlpu þó að sólin skíni skært – það er víst enn langt í raunverulegt sumar, þó að vorið sé vissulega á næsta leiti. ■







## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott





Einokun aflétt
Office 1 lækkar verð á erlendum tímaritum
Office 1 Superstore
FRÍHÖFNIN
PENNINN
Eymundsson
BÓKABÚÐIR
Allt að 150% verðmunur
1500
1400
1300
1200
1100
1000
900
800
700
600
500
400
300
200
100
0
104% verðmunur
495.- kr.
1010.- kr.
1010.- kr.
COSMOPOLITAN
101% verðmunur
495.- kr.
995.- kr.
995.- kr.
ELLE
145% verðmunur
595.- kr.
1.460.- kr.
1.460.- kr.
F1 RACING
150% verðmunur
440.- kr.
1.100.- kr.
1.100.- kr.
IDEAL HOME
83% verðmunur
595.- kr.
1.090.- kr.
1.090.- kr.
EMPIRE
Samkvæmt verðkönnun Office 1 þann 12. 04. 2005
Gerðu verðsamanburð
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16, sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16
Office 1 Superstore
Ég er alltaf ódýrastur

# Úff, ekki meira!

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Síðast þegar Moby gaf út plötu var ég ekki mjög blíður við hann. Sagði að það eina sem hægt væri að nota diskinn í væri sem glasamotta eða skotskífa fyrir riffiláhugamenn. Núna snýr Moby aftur með plötuna Hotel.

Um daginn mætti Moby svo á hverfispöbbinn minn í London, þar sem ég vinn sem barþjónn. Ég vissi ekki hvort ég ætti að biðja hann afsökunar eða sparka í sköflunginn á honum.

Ég get sagt með hreinni samvisku að Hotel sé betri plata en sú síðasta. Hér leyfir hann sér að tappa af innri tilfinningum, og syngur nánast alla plötuna sjálfur. Greinilega ákveðinn í því að skila persónulegri plötu en áður. Góð hugmynd en það breytir því ekki að þessi plata er merkilega leiðinleg.

Moby sagði í viðtali um daginn að hann ætti lager af lögum sem myndu aldrei fást gefin út vegna þess að þau væru hreinlega ekki nógu góð. Miðað við þau lög sem enduðu á þessari plötu er ég hreinlega byrjaður að halda að maðurinn ætti að íhuga að skipta um starf. Lögin hljóma eins og þau sé samin af 12 ára krakka, og textarnir eru grynnri en vatnsglas.

Þetta finnst mér alveg merkilega leiðinleg og sálarlaus tónlist. Moby er slys í tónlistarsögunni og það er ótrúlegt að honum sé ennþá leyft að gefa út plötur.

**Birgir Örn Steinarsson**



**MOBY:**
HOTEL

**NIÐURSTAÐA:** Moby gefur út enn eina plötuna, og hverjum er ekki sama? Merkilega sálarlaust, ódýrt og óáhugavert. Tími Moby er liðinn.

# Ragnheiður verðlaunuð

Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður, hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin 2005 fyrir höfundarferil sinn sem rithöfundur og myndlistarmaður, með sérstakri áherslu á unglingabókina Sverðberann sem út kom fyrir síðustu jól.

Norrænu barnabókaverðlaunin eru heiðursverðlaun og hafa verið veitt frá árinu 1985, af Nordisk skolebibliotekarforening, norrænum samtökum skólasafnskennara, sem Félag skólasafnskennara á Íslandi er aðili að. Verðlaunin eru listmunur og viðurkenningarskjal. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mun afhenda þau miðvikudaginn 29. júní næstkomandi á norrænni ráðstefnu samtakanna.

Þetta er í þriðja sinn sem íslenskur höfundur hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin. Kristín Steinsdóttir fékk verðlaunin árið 2003 fyrir bókina Engill í Vesturbænum og Guðrún Helgadóttir árið 1992 fyrir bókina Undan illgresinu.

Dómnefnd er skipuð fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum og Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir, skólasafnskennari í Langholtsskóla, er fulltrúi Íslands. ■



**RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR** Hlýtur Norrænu barnabókaverðlaun fyrir Sverðberann og höfundarferil sinn.

„Fyrir nokkru gaf ég systursyni mínum skírnargjöf; lagði 5.000 krónur inn á sparireikning á hans nafni. Um leið varð mér undarleg staðreynd ljós. Ég átti sjálfur engan sparireikning.

Nú spara ég reglulega.“

ÁSKRIFT AÐ SPARIBRÉFUM LANDSBANKANS
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Að sjá hlutina í öðru samhengi leiðir oft til jákvæðra breytinga á hugarfari okkar og jafnvel högum. Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða hafðu samband í síma 410 4000.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**

# Klámmynd eða óður til kynlífs?

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN



9 SONGS

SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
**LEIKSTJÓRI:** MICHAEL WINTERBOTTOM
**AÐALHLUTVERK:** KIERAN O'BRIEN OG MARGOT STILLEY

**NIÐURSTAÐA:** Það verður ekki hjá því komist að vara suma við myndinni en 9 Songs er þó ekki klámmynd því hún sýnir kynlífinu þá virðingu sem það á skilið.

Nýjasta mynd Michaels Winterbottom, 9 songs, gengur ansi langt með opinská kynlífsatriði svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Hún fjallar í stuttu máli um Matt og Lisu sem eiga í ástríðufullu sambandi og tjá tilfinningar sínar gagnvart hvort öðru með „eðlilegum“ hætti, í gegnum kynlíf sitt. Auk þess fara þau á rokktónleika og það kemur fyrir að þau neyti ólöglegra vímuefna. Kvikmyndin leggur þó áherslu á kynlífsathafnir Matt og Lisu auk rokktónleikana. Fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram í myndinni og má þar nefna Franz Ferdinand, Bobby Gillespie, forsprakka Primal Scream, og Super Furry Animals.

Kynlífsatriðin í myndinni birtast á hvíta tjaldinu á algjörlega nýjan hátt. Þau eru sýnd á þá vegu að þeir sem farnir eru að stunda kynlíf ættu að geta tengt einhverja athöfn í myndinni við sína eigin kynlífsreynslu.

Að stunda kynlíf er í hugum flestra eðlilegur tjáningarmáti tveggja einstaklinga sem þykir vænt um hvorn annan. Klámmyndir, seldar í lokuðum klámbúllum, reyna eftir fremsta megni að brengla þessa hugmynd með öfuguggahætti. Reyna að græða á þessum frumkrafti mannkynsins með uppblásnum dúkkum og íturvöxnum kraftajötnum. 9 Songs er ekki klámmynd því hún sýnir kynlífinu þá virðingu sem það á skilið. Hún er einmitt svar kvikmyndanna við klámmyndum.

Leikarar myndarinnar, Kieran O'Brien og Margot Stilley, eiga hrós skilið fyrir hugrekki sitt. Leikur þeirra beggja er bæði trúverðugur og eðlilegur, hvort sem þá er átt við samtölin eða ástaratlot þeirra. Winterbottom fær sömuleiðis klapp á bakið fyrir dirfsku sína. Að vilja gera mynd um kynlíf án þess að láta það vera tilgerðarlegt.

Það verður þó ekki komist hjá því að vara suma við myndinni. Hún særir án efa blygðunarkennd þeirra sem telja kynlífið eingöngu eiga heima inni í svefnherberginu en ekki á hvíta tjaldinu. Þeir ættu að láta það vera að fara á þessa sýningu.

Freyr Gígja Gunnarsson

# Spurningar og svör á IIFF

Það verður heilmikið að gerast á IIFF-kvikmyndahátíðinni um helgina en í kvöld klukkan 22.30 verður hin umdeilda 9 Songs frumsýnd í Háskólabíói að viðstöddum einum aðalleikaranum, Kieran O'Brien, sem mun svara spurningum áhorfenda að sýningu lokinni.

Á laugardaginn verður svo galafrumsýning á nýjustu mynd hins spænska Pedro Almódóvar, La Mala educacion. Sýningin hefst klukkan 18.30 og aðalleikari hennar, Fele Martines, mætir á staðinn og kynnir myndina.

Þá er frumsýningin á heimildarmyndinni Omagh ekki síður athyglisverð. Myndin segir frá eftirmálum bílsprengjutilræðis í Omagh á N-Írlandi árið 1998 en 29 manns fórust og 300 særðust í árásinni. Sýningin hefst klukkan 20 í Háskólabíói að viðstöddum Michael Gallagher og Gerard McSorley, aðalleikara myndarinnar og einnar aðalpersónunnar en Gallagher missti son sinn í árásinni.

Heimildarmyndin Bítlabærinn Keflavík verður sýnd í Sambíó í Keflavík klukkan 20 í kvöld. Leikstjórinn Þorgeir Guðmundsson verður viðstaddur sýninguna og allar hetjurnar úr Keflavík mæta í partí á eftir.

Á sunnudagskvöld klukkan 20 verður myndin Bomb the System sýnd í Regnboganum og munu höfundar hennar, Adham Bhala Lough og Mark Webber, svara spurningum áhorfenda. Þetta er sannköllluð New York-mynd um og eftir ungt fólk sem lifir á jaðrinum í borginni sem aldrei sefur. Að meðaltali sér meðalmaður i New York um það bil 50 graffiti-myndir á dag, en fólk nemur aldrei staðar til að velta fyrir sér sögunum á bak við þessi listaverk. Hér er sjónum beint að þessu menningarfyrirbæri. ■



**PEDRO ALMÓDÓVAR** Nýjasta mynd þessa spænska æringja verður frumsýnd með pompi og prakt á laugardaginn.



**Kl. 20.00**
*Kammerkór Konunglega tónlistarháskólans í Stokkhólmi er staddur hér á landi og kemur fram á tónleikum í Neskirkju í kvöld. Kórinn er í fremstu röð sænskra tónlistarhópa og stjórnandi hans, prófessor Anders Eby, er jafnframt með meistaranámskeið hér á landi fyrir kórstjóra.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Töfraflautan í Kópavogi

Söngnemendur Tónlistarskóla Kópavogs sýndu í gærkvöld Töfraflautu Mozarts í Salnum í Kópavogi. Aðeins tvær sýningar verða á óperunni, sú síðari í kvöld.
Óperan hefur verið stytt nokkuð og er í þessu styttra formi orðin aðgengileg börnum. Foreldrar eru þess vegna hvattir til þess að mæta með börn sín á sýninguna. Aðgangur er ókeypis.
Meðal söngvara má nefna þau Unnar Geir Unnarsson og Láru Rúnarsdóttur, sem fara með hlutverk Taminos og Taminu. Unnar Geir sló í gegn fyrir tveimur árum þegar hann fór með aðalhlutverkið í óperunni Orfeo eftir Monteverdi í uppfærslu Tónlistarskóla Kópavogs.
Lára hefur einnig gert garðinn frægan með eigin tónleikahaldi og plötuútgáfu, þótt ekki sé það á sviði óperutónlistar.
Hlutverk Næturdrottningarinnar syngur Eyrún Ósk Ingólfsdóttir, en þau Papagena og Papageno eru sungin af Sigríði Kristínu Helgadóttur og Ragnari Ólafssyni.



Mozart samdi Töfraflautuna skömmu áður en hann lést árið 1791. Hann var þá orðinn mjög veikur og vissi að endalokin nálguðust.

## EKKI MISSA AF…



... tónleikum **Blásarasveitar Reykjavíkur** í Langholtskirkju í kvöld þar sem sveitin frumflytur nýtt verk eftir **Hilmar Jensson** gítarleikara. Verkið er samið fyrir blásarasveit, slagverk og rafmagnsgítar og var pantað sérstaklega fyrir þessa tónleika.

... vortónleikum karlakórsins Fóstbræðra, sem verða í Hafnarborg í kvöld og Langholtskirkju annað kvöld.

... sýningu Leikfélags Reykjavíkur og Leiklistardeildar Listaháskólans á Draumleik eftir Strindberg á stóra sviði Borgarleikhússins.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**MÝRARLJÓS**
**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Í kvöld fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, sun. 8/5.
**Aðeins þessar þrjár sýningar eftir!**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 17/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Í kvöld fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4 **örfá sæti laus**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TERRORISMI** Úr leikritinu sem frumsýnt verður á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld.

# Heimatilbúin hryðjuverk

„Þetta var skrifað fyrir 11. september," segir Stefán Jónsson leikstjóri um Terrorisma, leikrit eftir hina rússnesku Presnjakov-bræður sem frumsýnt verður á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld.
Eins og nafnið bendir til fjallar leikritið um terrorisma, eða hryðjuverk, en þó ekki um sprengjuárásir og fjöldamorð af því taginu sem reglulega skjóta upp kollinum í fjölmiðlum.
„Þetta fjallar ekki um bin Laden eða IRA, en kannski eru þau alveg jafn stór, þessi hryðjuverk sem við bæði framkvæmum í prívatlífinu og látum viðgangast í umhverfi okkar án þess að gera neitt í því." Leikritið hefst á flugvelli þar sem sprengjuhótun kemur af stað keðjuverkun og síðan er fylgst með fólki sem sogast inn í atburðarásina.
Tólf leikarar leika í verkinu og eru hlutverk þeirra öll álíka stór. Dregnar eru upp myndir af fólki við ýmsar aðstæður, en smám saman átta áhorfendur sig á því að sögur þessa fólks tengjast innbyrðis. „Þessar sögur eru allar mjög hversdagslegar. Þær gerast á flugvelli, á vinnustað, skrifstofu, í almenningsgarði og heima hjá fólki: Þetta eru allt staðir sem við könnumst við og fólk sem við könnumst við.
Það sem vakir fyrir bræðrunum er ekki síst að sýna fram á keðjuverkun, hvernig hugsunin og ofbeldið smitast kannski svolítið og hvernig við erum öll ábyrg.
Við erum að tala svolítið um gróðursetninguna, „how to make terrorism at home"."
Presnjakov-bræðurnir hafa notið mikillar hylli bæði í heimalandi sínu og Bretlandi þar sem verkið var fyrst tekið til sýningar í leikhúsinu Royal Court í London. Leikritið Terrorismi var frumsýnt í Moskvu árið 2002.
„Það er gaman að því að bjóða leikhúsgestum upp á jafn ferskt leikrit og þetta. Oft erum við ekki svona snögg að kynna nýja höfunda."
Leikarar í sýningunni eru Bergur Þór Ingólfsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Ellert Ingimundarson, Gunnar Hansson, Hanna María Karlsdóttir, Harpa Arnardóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Sveinn Geirsson og Þór Tulinius. ■


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
***- Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **UPPSELT,**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14, Su 1/5 kl 14
Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Frumsýning í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 17/4 kl. 20, Lau 23/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
***- Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,** Lau 16/4 kl 20, - **UPPS.,**
Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,** Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,**
Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,** Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,**
Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Í kvöld kl 20, Lau 16/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**





Miðasala í Austurbæ opin
alla daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunudagur 17. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 24. Apríl kl: 13:30

www.midi.is



GERÐUBERG



**HRATT OG HÖMLULAUST**
- Raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar
Sýningunni lýkur 17. apríl

**ALPÝÐULISTAKONAN**
**MARÍA JÓNSDÓTTIR**
sýnir klippimyndir, verk úr muldu grjóti, leirmuni o.fl. í Boganum

**www.gerduberg.is**

# Breyttur heimur

Hryðjuverk eru þema dagsins í frumsýningum leikhúsanna. Á Akureyri verður frumsýnt í kvöld leikritið Pakkið á móti, sem er eftir Henry Adam. Leikritið vann verðlaun sem besta nýja leikritið á Edinborgarhátíðinni og hefur hvarvetna vakið athygli, enda í senn drepfyndið og áleitið.

Leikritið fjallar um Nigel nokkurn, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki heyrt af því að heimurinn hafi tekið miklum breytingum eftir 11. september árið 2001. Í verkinu speglar hinn stóri heimur sig í hinu smáa, þar sem litlir karlar flækjast inn í stór mál.

Leikarar í Pakkinu á móti eru Víkingur Kristjánsson sem starfað hefur með Vesturporti, Jón Páll Eyjólfsson sem nú leikur í Óliver,



**PAKKIÐ Á MÓTI** Leikfélag Akureyrar frumsýnir í kvöld Pakkið á móti.

Hildigunnur Þráinsdóttir sem er Akureyringum að góðu kunn og Guðjón Davíð Karlsson sem er að útskrifast úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Leikstjóri er Agnar Jón Egilsson, leikmynd og búninga hannar Sigurjón Jóhannsson, ljósahönnuður er Björn Bergsteinn Guðmundsson og þýðing og frumsamin tónlist er í höndum Úlfs Eldjárn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

12 13 14 **15** 16 17 18

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Tríó Sigurðar Flosasonar** saxofónleikara leikur á síðasta föstudagsdjammi Jazzakademíunnar í Stúdentakjallaranum. Með Sigurði leika þeir **Þórir Baldursson** á Hammond-orgel og **Erik Qvick** á trommur.

☐ 20.00 Karlakórinn **Fóstbræður** heldur sína árlegu vortónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði. Með kórnum syngja einsöng þeir **Davíð Ólafsson, Stefán Helgi Stefánsson, Þorsteinn Guðnason, Þráinn Sigurðsson** og **Friðrik Snorrason**. Stjórnandi kórsins er **Árni Harðarson**, en **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** leikur á píanó.

☐ 20.00 **Kammerkór Konunglega tónlistarháskólans** í Stokkhólmi kemur fram á tónleikum í Neskirkju undir stjórn prófessors Anders Eby.

☐ 20.00 **Blásarasveit Reykjavíkur** verður með tónleika í Langholtskirkju. Á efnisskránni eru verk eftir Hindemith og MacMillan en einnig verður frumflutningur á verki eftir Hilmar Jensson sem nefnist „Líðan eftir atvikum" og var samið fyrir blásarasveit, slagverk og rafmagnsgítar.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikritið **Pakkið á móti** eftir Henry Adam frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar.

☐ 20.00 Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir leikritið **Terrorisma** eftir hina rússnesku Presnjakov-bræður á Nýja sviði Borgarleikhússins.

### OPNANIR

☐ 17.00 Þrír ungir listamenn; **Árni Þór Árnason, Maríó Múskat** og **Sindri Már Sigfússon**, opna sýninguna 17% Gullinsnið í Gallerí Gyllinhæð á Laugavegi 23, fyrir ofan Kling & Bang.

### SKEMMTANIR

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit leika á Ránni í Keflavík.

☐ Rokksveitin **Svörtu Zapparnir** mun troða upp á skemmtistaðnum Amsterdam.

☐ Hljómsveitin **Pónik** og **Einar** leika fyrir dansi á Kringlukránni.

☐ Dúettinn **Halli og Kalli** skemmta á Ara í Ögri.

☐ **Tveir snafsar** skemmta á Celtic Cross með lifandi tónlist og gömlu og góðu lögin.

☐ Hið árlega **Skagfirðingakvöld** verður haldið á **Players**. Hljómsveitirnar **Spútnik, Von** og **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** halda uppi stemmningu. Hljómsveitin **Fun** hitar upp og kommbakkhljómsveit þessa árs verður **John Wayne.**

☐ Hljómsveitin **Hjálmar** spilar í Hressingarskálanum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Ævintýrabókin**
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1500,-**





*Vornámskeið hefst 30. apríl*

Upplýsingar í síma:
561 5620

Ballettskóli Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju








**Apótekarinn** eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



**Tenórinn**
**Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar**
Föstudaginn 15. apríl kl. 20
*- Uppselt*
Laugardaginn 23. apríl kl. 20
*- Örfá sæti*
IÐNÓ *Miðasala í síma 562 9700* **www.idno.is**

**Milonga**
**Laugardagskvöldið 16. apríl kl. 21-01**
Tangótríóið Custa Arribas frá Buenos Aires leikur.
Hany og Bryndís sýna.
Tjarnarbakkinn restaurant


















**DANSLEIKIR um helgina**

**Föstudaginn 15. apríl**
**&**
**Laugardaginn 16. apríl**

**HLJÓMSVEITIN**
**Úlfar**
*Vrrandi fín Hljómsveit*
**... leikur fyrir dansi**

**KLÚBBURINN** við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100














# Glimmer, gloss og gleði

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Hljómsveitin Trabant hefur notið gríðarlegrar hylli hér á landi þótt sveitin hafi aðeins gefið út eina breiðskífu og það fyrir tæpum fjórum árum. Sveitin gaf að vísu út aðra plötu með tónleikaupptökum frá Bessastöðum þar sem hún lék fyrir forsetafrúna Dorrit Moussaeff og vini en sú plata kom aðeins út í um 500 eintökum. Trabant hefur hins vegar verið iðin við spilamennsku síðustu ár og oftast vakið mikla athygli, ekki síst fyrir fjörlega framkomu og magnaða tónleika.

Á Emotional leitar Trabant í smiðju níunda áratugarins, til listamanna á borð við Prince og Michael Jackson, með tilheyrandi skrækjum og stunum. Tónlistin er einhvers konar tregafullt ballöðurokk, yfirfullt af hljóðgervlum í anda þess tímabils.

Ragnar Kjartansson fer á kostum í söng sínum og minnir oft á tíðum á áðurnefnda listamenn. Hann sýnir líka á sér frábæra hlið í laginu Nasty Boy þar sem hann hljómar einna helst eins og Justin Timberlake.

Hirðsveit Bessastaða hefur alla tíð slegið á létta strengi og slær hvergi slöku við. Tregablandið gleðipoppið gengur fullkomlega upp enda um frábærar lagasmíðar að ræða. Emotional er mögnuð plata þar sem ástin, glimmer, gloss og gleði ráða ríkjum.

Vert er að minnast plötuumslags Emotional. Framhliðina prýða naktir meðlimir Trabants en þegar umslagið er opnað sprettur diskurinn út eins og trúður í sprelliboxi.

**Kristján Hjálmarsson**




**TRABANT**
EMOTIONAL

**NIÐURSTAÐA:** Hirðsveit Bessastaða hefur alla tíð slegið á létta strengi og slær hvergi slöku við. Tregablandið gleðipoppið gengur fullkomlega upp enda um frábærar lagasmíðar að ræða. Emotional er mögnuð plata þar sem ástin, glimmer, gloss og gleði ráða ríkjum.














■ MÁL MICHAEL JACKSON



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er í slæmum málum þessa dagana. Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að 20 ára fangelsisdóm.

# Ætlaði að vernda fjölskylduna

Janet Arvizo, móðir drengsins sem hefur sakað Michael Jackson um kynferðislega misnotkun, sagði fyrir rétti að popparinn hefði ætlað að vernda fjölskyldu hennar eftir að heimildarmynd um hann var sýnd fyrir um það bil tveimur árum.

Að sögn móðurinnar sagði Jackson að fjölskylda hennar væri í hættu og að morðingjar væru á eftir henni. Sagðist hann vera sá eini sem gæti verndað hana. Í heimildarmyndinni sást Jackson halda í hönd sonar hennar auk þess sem hann viðurkenndi að hafa deilt rúmi sínu með börnum. Móðirinn bætti því við fyrir rétti að Jackson hefði sleikt höfuð sonarins í flugvél á leið heim frá Miami til Kaliforníu eftir blaðamannafund.

Jackson, sem er 46 ára, hefur alla tíð neitað öllum ásökunum og segir að móðirin ásælist peninga hans. Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að 20 ára fangelsisdóm. ■


# Ársfundur

## Almenna lífeyrissjóðsins árið 2005

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins**

**verður haldinn fimmtudaginn**

**28. apríl næst komandi**

**á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15.**

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2004 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á markmiðum og fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Önnur mál. *Kynning á tillögum um sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.*

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*

*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is

## VIÐ TÆKIÐ — Grettur og geiflur

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** ER BÚIN AÐ GEFAST UPP Á ÍSLENSKRI DAGSKRÁRGERÐ.

Ég gaf Reykjavíkurnóttum annað tækifæri fyrir viku síðan. Næstsíðasti þátturinn. Ákvað að sýna smá lit. En allt kom fyrir ekki. Þetta eru einfaldlega ekki góðir þættir. En ég er alveg á því að Þórunn Erna Clausen eigi að fá sinn eigin þátt. Hún er frábær. Annars finnst mér þátturinn The Block stórlega vanmetinn. Það er snilldarsjónvarpsefni – enda ástralskt. Alveg eins og ég gæti horft á 24 allan sólarhringinn ef ég gæti haldið mér vakandi, þá gæti ég horft á The Block stanslaust. Fallegt fólk, sniðug verkefni, rifrildi í hverjum þætti – hvað getur maður beðið um meira? Þetta er líka svo gagnlegur þáttur. Kennir manni ýmislegt um innanhússhönnun og þvíumlíkt. Magnað.

Ekki eins og þátturinn Allt í drasli sem er algjör hörmung. Hvað eru Skjás eins-menn eiginlega að hugsa? Kona úr Húsmæðraskólanum og Heiðar snyrtir. Hvað er þetta eiginlega? Ég hélt að þetta ætti að vera fræðandi þáttur sem gæfi manni hreingerningarráð og sniðugar lausnir. En nei. Þetta gengur bara út að áhorfandinn fær að sjá hvað fólk getur verið subbulegt. Persónulega hef ég engan áhuga á því – ég veit ekki um ykkur hin. Og Heiðar snyrtir er ekki fyndinn. Alltaf að geifla sig og gretta sem á að vera kómískt en nær engum hæðum. Því miður. Hann er enginn gamanleikari. Konan er fín og heimilisleg en þessi þáttur virkar einfaldlega ekki. Ó, íslensk dagskrárgerð, hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað?



**ÞÓRUNN ERNA** Heldur Reykjavíkurnóttum uppi þrátt fyrir illa skrifaða persónu.



▶ **23.25** *Bíó*

**Mystery, Alaska. Íbúar í smábæ verða að standa saman þegar íshokkíliðið þarf að keppa við stórlið New York.**



▶ **20.05** *Gaman*

**Joey. Gömul vinkona Ginu, sem Joey var bálskotinn í, boðar komu sína og kappinn ætlar að grípa tækifærið fegins hendi.**



▶ **22.00** *Keppni*

**Ungfrú Reykjavík 2005. Bein útsending frá keppninni sem fer fram á Broadway.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (2:26)

**18.30** **Hundrað góðverk (16:20)** (100 Deeds for Eddie McDown)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin – Geppetto** (Geppetto) Bandarísk ævintýramynd frá 2000 þar sem sagan um Gosa er sögð frá sjónarhóli föður hans. Leikstjóri er Tom Moore og meðal leikenda eru Drew Carey, Julia Louis-Dreyfus, Brent Spiner, Rene Auberjonois og Seth Adkins.
**21.40** **Dýrin og hliðvörðurinn** (Animals and the Tollkeeper) Bandarísk bíómynd frá 1998 um leigubílstjóra sem er að leita að paradís og verður ástfanginn. Leikstjóri er Michael Di Jiacomo og meðal leikenda eru Tim Roth, Mili Avital, Rod Steiger, Mickey Rooney og John Turturro.

▶ **23.25** Smábær í Alaska **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** 60 Minutes II **14.10** Bernie Mac 2 (7:22) (e) **14.30** The Guardian (7:22) **15.15** William and Mary (5:6) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (He Man, Beyblade, Skjaldbökurnar, Finnur og Fróði) **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.05** **Joey (8:24)** (Joey) Leikarinn Joey Tribbiani hefur sagt skilið við vini sína í New York og freistar nú gæfunnar í Los Angeles.
**20.30** **Það var lagið!** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem söngurinn er í aðalhlutverki.
**21.25** **Reykjavíkurnætur (6:6)** Íslenskur myndaflokkur um ungt fólk sem er á djammtímabilinu í lífi sínu.
**21.50** **Punk'd** (Negldur 3) Falin myndavél þar sem hjartaknúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.
**22.15** **The Sketch Show 2** (Sketsaþátturinn) Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News en ýmsir valinkunnir grínarar stíga á stokk.
**22.40** **Svínasúpan 2 (3:8) (e)**

**23.05** The Wash (Stranglega bönnuð börnum) **0.40** The Naked Gun **2.00** The Paper (e) **3.50** The One (Stranglega bönnuð börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The Mountain (e) **7.45** Allt í drasli (e) **8.15** Survivor Palau (e) **9.00** Þak yfir höfuðið (e) **9.25** Óstöðvandi tónlist

**17.30** Cheers – 2. þáttaröð (8/22) **18.00** Upphitun

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.15** **Þak yfir höfuðið** Skoðað verður íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og fleira og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira.
**19.30** **The King of Queens (e)**
**20.00** **Jack & Bobby** Jack verður miður sín þegar Grace kemur að honum við að kaupa smokka.
**21.00** **Djúpa laugin 2** Ferskir vindar blása um Djúpu laugina og verið er að velja glænýja og efnilega sundlaugarverði. Í vetur verða lagðar nýjar áherslur og stokkað upp í leikreglum.
▶ **22.00** **Ungfrú Reykjavík 2005** Bein útsending frá valinu á fegurstu stúlku Reykjavíkur árið 2005.

**0.00** Alvöru uppistand **0.30** Boston Legal (e) **1.15** Law & Order: SVU (e) **2.00** Nightmare on Elm Street II **3.30** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Foyle's War **8.00** Joe Somebody **10.00** Our Lips Are Sealed **12.00** Top Gun **14.00** Joe Somebody **16.00** Our Lips Are Sealed **18.00** Foyle's War **20.00** Top Gun **22.00** A Few Good Men (Bönnuð börnum) **0.15** Mr. Deeds **2.00** Scary Movie 2 (Bönnuð börnum) **4.00** A Few Good Men (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.30** Benny H. **8.00** Dr. David **8.30** Acts Full Gospel **9.00** Ron P. **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Gunnar Þorsteinsson **15.00** Believers Christian Fellowship **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Fíladelfía (e) **18.00** Joyce M. **18.30** Freddie F. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Samverustund (e) **21.00** Dr. David **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **22.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Football: UEFA Cup **13.30** Football: UEFA Champions League Total **14.30** Football: UEFA Cup **16.00** Tennis: WTA Tournament Charleston **17.30** Football: Top 24 Clubs **18.00** Football: UEFA Champions League Weekend **20.00** Strongest Man: Super Series Grand Prix Moscow **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Football: Top 24 Clubs **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: UEFA Champions League Weekend **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** Stitch Up **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Gary Rhodes' Cookery Year **17.30** Two Thousand Acres of Sky **18.30** Mastermind **19.00** Coupling **19.30** Manchild **20.00** Swiss Toni **20.30** Top of the Pops **21.00** Born to Be Wild: Giraffes On the Move With Joanna Lumley **22.00** Clocking Off **23.00** Blood of the Vikings **0.00** Aristotle Onassis: the Golden Greek **1.00** Make French Your Business **1.35** Mexico Vivo **2.00** The Money Programme

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Cell Dogs **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Cell Dogs **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Venom ER **22.00** Hippo **23.00** George and the Rhino **0.00** Growing Up Grizzly **1.00** Growing Up Grizzly 2 **2.00** The Crocodile Hunter Diaries

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.30** Treasures of the Titanic **13.00** Inside the Britannic **14.00** Titanic's Ghosts **15.00** Return to Titanic **16.00** Inside the Britannic **17.00** Titanic's Ghosts **18.00** Return to Titanic **19.00** Spider Power **20.00** Are We Cannibals? **21.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **22.00** Shipwreck Detectives **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Are We Cannibals?

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines Special **13.00** Tanks **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** We Built This City **17.00** Unsolved History **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Deadly Women **21.00** Mind Body and Kick Ass Moves **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** 21st Century War Machines

**MTV**
**12.00** Cribs **12.30** EURO Cribs **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Damage Control **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** 40 Most Dirty Songs Ever **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Ross's BBQ Party **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Paradise Seekers **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Paradise Seekers **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Ex-Rated **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Come! See! Buy! **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Fashion Police **18.00** E! News **18.30** Behind the Scenes **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Gastineau Girls **22.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** 101 Biggest Celebrity Oops!

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.10** Rage to Live, a **13.50** Swamp Thing **15.25** In the Arms of a Killer **17.00** Welcome to Woop Woop **18.35** To Kill for **20.10** Play Dirty **21.55** Matchless **23.40** Ski School **1.10** Hardware **2.45** Pulp


# Ný vídd
## í samlesnum auglýsingum

**eitt símtal**



**fjórir sterkir auglýsingamiðlar**




**allir landsmenn - margföld áhrif!**



**- meiri tíðni - meiri útbreiðsla - lægra verð**

**Við höfum endurskilgreint samlesnar auglýsingar:** Aldrei fyrr á Íslandi hafa samlesnar auglýsingar birst á sama tímabili í dagblaði, á netinu og á tveimur útvarpsstöðvum. Þessi nýi möguleiki gerir auglýsendum kleift að ná til fleira fólks á einfaldan og ódýran hátt.

**Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína sama daginn.**

**Þetta er einfalt.** Þú hringir inn auglýsinguna og borgar eitt fast verð á orðið. Auglýsingin er síðan samlesin á **Bylgjunni** og **Talstöðinni** og birt í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **Vísi**.

**Hringdu núna í 550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ vísir
fm 98,9 BYLGJAN Talstöðin FM 90,9

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28017 04/2005

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### DJÚPA LAUGIN 2

*Skjár einn* **kl. 21.00.**

## Breyttar áherslur og nýtt fólk

***Þátturinn hefur ekki verið á dagskrá síðan í september árið 2003.***

Þessi vinsæli stefnumótaþáttur hefur aftur göngu sína í kvöld með breyttum áherslum og nýju fólki. Nýju stjórnendurnir eru Gunnhildur Anna Gunnarsdóttir og Helgi Þór Arason, sem áhorfendur þekkja ef til vill úr íslenska Idolinu.
Sem fyrr verða þátttakendur að jafnaði þrír auk spyrils en vægi stefnumótsins sjálfs verður annað og meira og fær parið að velja sér aðstoðarfólk úr hópi náinna vina eða ættingja við undirbúning og til að gera kvöldið sem eftirminnilegast. Einnig eru leikreglurnar breyttar en það skýrist betur í kvöld.



Gunnhildur og Helgi.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Ooh, great job man! I really thought you were retarded. I mean, you're better than that Corky kid and he's actually retarded."**

**Svar:** Sam úr kvikmyndinni Garden State frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Fókus – Umsjón: Ritstjórn Fókus. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Uppá teningnum **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**19.30**
*Íþróttir*

**Umfjöllun um leikina en Arsenal og Blackburn Rovers mætast á morgun og Manchester United og Newcastle á sunnudag.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**16.15** Þú ert í beinni! **17.15** Olíssport **17.45** David Letterman

**18.30** **Motorworld**
**19.00** **UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í meistaradeild Evrópu.
**19.30** **Enski boltinn** (FA Cup – Preview) Ítarleg umfjöllun um undanúrslit bikarkeppninnar en báðir leikirnir verða í beinni á Sýn um helgina.
**20.00** **World Supercross** (Silverdome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum.
**21.00** **World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** K-1

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Sjáðu (e) **22.03** Jing Jang **22.40** The Man Show

### TCM

**19.00** The Outfit **20.40** The Gang That Couldn't Shoot Straight **22.15** The Biggest Bundle of Them All **0.00** Till the Clouds Roll By **2.10** Betrayed

### HALLMARK

**12.45** Frankie & Hazel **14.15** Not Just Another Affair **16.00** Early Edition **16.45** Johnny's Girl **18.30** Frankenstein **20.00** Law & Order Vi **20.45** Floating Away **22.30** Word Of Honor **0.00** Law & Order Vi **0.45** Floating Away **2.30** Frankenstein

### BBC FOOD

**12.00** James Martin: Yorkshire's Finest **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Galley Slaves **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Tyler's Ultimate **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Ainsley's Meals in Minutes **16.30** Gary Rhodes' New British Classics **17.00** Chef at Large **17.30** Sophie's Weekends **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Kender du typen? **13.20** K¢bt eller solgt **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie Listen **15.00** Shin Chan **15.05** Scooby Doo **15.30** AMIGO **16.00** Fredagsbio **16.10** Angelina Ballerina **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Boom Boom **19.00** TV Avisen **19.30** Good Will Hunting **21.30** Klyng dem op! **23.20** Boogie Listen

### SV1

**12.00** Alla tiders Melodifestival **14.00** Rapport **14.05** Helt historiskt **14.35** Anslagstavlan **14.45** Tv-huset **16.00** BoliBompa **16.01** Emil i Lönneberga **16.25** Johannas matlåtar **16.30** Creepschool **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Vi i femman **19.00** Terminator 2 **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Ulveson och Herngren **22.05** American Psycho **23.45** Sändningar från SVT24




Skífan Laugavegi 26 opið til 22 öll kvöld • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is



## HRÓSIÐ

*...fá systurnar Svava og Sigríður Björnsdætur. Þær stýra verkefninu Blátt áfram, forvarnar- og fræðsluverkefni sem tekur á kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** RÁÐLEGGUR FÓLKI AÐ HALDA KÚLINU OG SLAPPA AF

# *Afbrýðisemi*

**Um daginn var ég**, eins og svo oft áður, að pæla í samböndum. Fór að velta því fyrir mér af hverju fólk er alltaf að rífast og eyða dýrmætum tíma sínum í það að vera vond hvort við annað. Ég komst að þeirri niðurstöðu að oftar en ekki er afbrýðisemi valdurinn. Þegar ég fór að hugsa til baka sá ég að innst inni, einhvers staðar í rótum rifrildanna og leiðindanna, lá afbrýðisemin í einhverri mynd.

**Fólk telur sér oft trú um** að það sé alls ekki afbrýðisamt vegna þess að það sé svo öruggt með sig í sambandinu og treysti makanum hundrað prósent. En ef maður hugsar aðeins betur um það og er örlítið hreinskilnari við sjálfan sig, kemur upp á daginn að flestir eru það bara víst. Spurning eins og: „hvaða fólk er í partýinu með þér“ er til þess gerð, undir niðri, að komast að því hvort það séu einhverjar freistingar fyrir augunum á makanum sem gætu valdið áhyggjum. Þó maður telji sig vissan um það að ekkert muni gerast sem ekki sé leyfilegt þá er bara betra að vita til þess að það sé engin ástæða til að vera óöruggur um sitt. Afbrýðisemi er eitthvað sem nagar fólk hægt, alla leið inn að beini og gerir það geðveikt með tímanum. Hún verður oft til þess að fólk gerir ótrúlegustu hluti sem það fær svo að sjá eftir í langan tíma. Yfirleitt var það heldur ekki þess virði að tapa kúlinu yfir.

**Það er líka hrikalega pirrandi** og erfitt að eiga maka sem er haldinn afbrýðisemi. Það verður til þess að maður fer ósjálfrátt að vernda hann með því að segja ekki allan sannleikann þó það sé engin ástæða til þess. Bara svona til málamynda og til að komast hjá spurningum og umræðum sem eru gersamlega óþarfar.



**Yfirleitt er ástæðulaust** að hafa áhyggjur þar sem makinn hefur á annað borð valið þig til að vera með en ekki einhvern annan. Við pörumst allavega ekki saman af handahófi, svo mikið er víst. Í fleiri tilfellum en mann grunar er ástæðan fyrir því að fólk hættir saman uppspunnar hugsanir og ímyndunarveikin ein. Það kaldhæðna við þetta allt saman er það að fólk gleymir sér í blindninni og eyðileggur fullkomlega heilbrigð sambönd með svona vitleysu. Er ekki málið að halda kúlinu og slappa aðeins af? Ef það reynist síðan hafa verið ástæða til að nöldra og naga neglurnar, þá er ekki úr vegi að forða sér og njóta þess að vera singúl aftur!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:**
**1** þéttan reyk, **5** slæm, **6** haf, **7** skyldir stafir, **8** skinn, **9** kjaftur, **10** kind, **12** ungmennasamtök, **13** verkur, **15** sólguð, **16** kögur, **18** nema.

**Lóðrétt:**
**1** tími sólarhrings, **2** tímabil, **3** í röð, **4** táknræn saga, **6** herbergi, **8** híbýli, **11** sérkennilegur, **14** frostskemmd, **17** hlotnast.

**Lausn:**
**Lárétt: 1** mökk, **5** ill, **6** sæ, **7** öd, **8** ham, **9** túli, **10** ær, **12** sus, **13** tak, **15** ra, **16** traf, **18** læra.
**Lóðrétt: 1** miðnætti, **2** öld, **3** kl, **4** dæmisaga, **6** salur, **8** hús, **11** rar, **14** kal, **17** fæ.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

**1** Lúðvík Bergvinsson.

**2** Rúmenía og Búlgaría.

**3** Súmötru.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í Hafnarfjarðarblaðinu, sem kom út á fimmtudaginn, varð nafnavíxl þar sem Örn Baldursson var sagður hafa tekið við rekstri veitingastaðarins Tilverunnar af Sigurði Skúla Bárðarsyni. Hið rétta er að Sigurður Skúli tók við af Erni. ■



**AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR** Hún virðist fegin að geta loksins komið fram opinberlega og syngur í gamla skólanum sínum, Versló, strax á sunnudaginn.



**LÍSEBET HAUKSDÓTTIR** Hún hefur nú þegar bókað sig í nokkur brúðkaup og árshátíðir þar sem hún mun syngja fyrir gesti.



**DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON** Hann vonast til þess að geta haldið söngferlinum eitthvað áfram og segir töluvert um að fólk hafi samband við sig að biðja sig um að syngja hér og þar.

IDOL STJÖRNULEIT: TALBANNINU LOKIÐ

# Idol-þögnin loksins rofin

Idol-stjörnurnar mega nú loks tjá sig opinberlega en talbanninu sem fylgir Idol Stjörnuleit lauk í dag. Þetta gerir það að vonum auðveldara fyrir hinar rísandi stjörnur að koma sér á framfæri og virðast þær margar ætla að notfæra sér það.

Aðalheiður Ólafsdóttir er frekar fegin að hún megi núna tjá sig opinberlega. „Jú, það er bara mjög fínt, gaman að geta látið vita af sér en annars fann ég svo sem ekki mikið fyrir þessu. Ég ætla ekkert að koma með einhverja rosalega tilkynningu núna,“ segir hún og hlær.

„Núna er bara um að gera að bóka sig í fullt af verkefnum og reyna að hamra járnið á meðan það er heitt. Ég verð að nýta mér þennan meðbyr. Ég er bæði að bóka mig í einkasamkvæmi eins og árshátíðir og svoleiðis og einnig er ég með mína eigin hljómsveit svo ég get komið fram á böllum. Núna á sunnudaginn syng ég í fyrsta sinn opinberlega og geri það í Versló, sem er gamli skólinn minn. Í næstu viku ætlum við Helgi Þór svo að syngja saman í Reykhólum í Dölunum. Við tvö erum nefnilega Vestfirðingarnir í keppninni.“

Lísebet Hauksdóttir, eða Lísa eins og hún er kölluð, segir það ekki skipta sig nokkru máli að hafa ekki mátt tala við fjölmiðla hingað til. „Ég er nú ekkert sérstaklega að sækjast eftir því að tala við blöðin svo mér fannst þetta allt í lagi. Verra var að mega ekki syngja opinberlega, sem ég má nú gera. Ég er því núna búin að bóka mig á árshátíðir og í nokkur brúðkaup í lok apríl og í sumar.“

Lísa vinnur við einkaþjálfun á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði. „Ég var að kaupa íbúð á Akureyri og svo keyri ég bara til Dalvíkur og á Ólafsfjörð til þess að sinna vinnunni.“

Ekkert sérstakt brennur á Davíð Smára Halldórssyni að hans sögn. „Ég er ekkert að fara að tilkynna neitt stórkostlegt þó svo að ég megi það núna, ég er alltaf eins. Reyndar er ég komin með örlítið síðara hár,“ segir hann.

Hann ætlar þó að reyna að halda áfram á söngbrautinni. „Ég ætla að reyna að halda þessu einhvern veginn áfram, það er yndislegt að syngja og sérstaklega ef maður fær tækifæri til þess að syngja fyrir einhvern. Sumarið er nú ekkert planað en það er eitthvað verið að hringja í mig og biðja mig um að syngja hér og þar, til dæmis í brúðkaupum. Ég tek því bara rólega og sé hvað ég get gert,“ segir Davíð og samþykkir að hann gæti tæklað brúðkaupssönginn vel miðað við hversu góða dóma hann fékk fyrir rólegu lögin í Idol. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Margir bíða spenntir eftir útgáfutónleikum hljómsveitarinnar **Trabant** sem verða á Nasa í kvöld. Fáar sveitir hafa vakið jafn mikla athygli hér á landi enda er Trabant eina poppsveitin sem hefur verið fengin til að leika á Bessastöðum að beiðni **Dorritar Moussaieff**. Trabant-menn eru ákaflega hrifnir af forsetafrúnni enda er hún nokkurs konar verndari þeirra. Dorrit fær meira að segja þakkir á nýju Trabant-plötunni, Emotional, enda hefur hún verið dugleg við að kynna sveitina fyrir vinum sínum í útlöndum. Nú er bara að bíða og sjá hvort forsetafrúin og jafnvel herra **Ólafur Ragnar Grímsson** forseti láti sjá sig á tónleikunum í kvöld en þar má búast við mikilli gleði að hætti Trabant-manna.





**Gunnar Þorsteinsson**, jafnan kenndur við Krossinn, heldur úti hressilegu bloggi á vefsíðunni www.krossinn.is. Þar segir hann frá því að hann hafi verið lengi að jafna sig á leiðara Morgunblaðsins þann 12. apríl þar sem leiðarahöfundur fagnar breytingum á „málfari“ ritningartexta og að „niðrandi orðum“ um „afbrigðilega kynhegðan“ hafi verið breytt. Gunnar fær engan botn í þetta. „Það er eins og vandi þessa hóps sé sá að Guð hafi verið orðljótur,“ segir Gunnar sem segir það af og frá að hægt sé að gera breytingar á texta Biblíunnar árið 2005. „Megi þeir menn er að þessu stóðu hafa skömm,“ segir Gunnar og er ekki skemmt.






# Kvikmyndaskoðun aðvarar Ísleif

Kvikmyndaskoðun hefur aðvarað Ísleif B. Þórhallsson, framkvæmdastjóra Iceland International Film Festival, vegna fyrirhugaðrar sýningar hans á myndinni 9 Songs.

Telur Kvikmyndaskoðun að sýningin varði við 210. grein íslenskra hegningarlaga um bann við sýningu og dreifingu kláms. Í dómi Kvikmyndaskoðunar segir m.a.: „Dvalið er langdvölum við athafnir fólksins á kynlífssviðinu, sýnd nærgöngul atlot þar sem kynfæri, bæði karls í fullri reisn og konu, eru sýnd í nærmynd og „hefðbundnar“ kynlífsathafnir stundaðar.“

Ísleifur, sem einnig var aðvaraður vegna sýningu myndarinnar Ett hål i mitt hjärta, óttast ekki að vera stungið í steininn. „Jafnvel þó að þau ósköp myndu gerast að ég fengi kæru hef ég ekki áhyggjur af því að ég verði fundinn sekur,“ segir hann. „Það myndi afhjúpa ótrúlega hræsni í þessu þjóðfélagi. 9 Songs er lítil ástarsaga þar sem kynlíf er sýnt. Það er ekki hægt að kalla þetta klám því það skiptir máli hvernig þetta er gert og í hvaða samhengi.“



**9 SONGS** Atriði úr hinni umdeildu mynd 9 Songs sem verður frumsýnd hérlendis í kvöld.

Kvikmyndaskoðun hefur sett þau skilyrði að 9 Songs verði sýnd seint á kvöldin og einungis á þessari hátíð. Myndin, sem verður frumsýnd kl. 22.30 í kvöld, verður bönnuð börnum yngri en 16 ára og mun vörður standa við innganginn til að framfylgja banninu. ■


FÖSTUDAGAR
20:00 Jack & Bobby
21:00 Djúpa laugin 2
22:00 Ungfrú Reykjavík 2005
00:00 Alvöru uppistand
ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
SKJÁR EINN DAG Í EINU
MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU MÁ ÞR MI FI FÖ LA SU

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR  SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000







BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

# Áhyggjur og spilling

Það er alltaf eitthvað. Alltaf eitthvað til þess að valda manni áhyggjum. Stundum sefur maður ekki af áhyggjum vegna valdníðslu yfirvaldsins á því kotbýli heimsins sem Ísland er. Það er sparkað í þorpsfíflið, ömmuna, ómagann og hundinn – og mjólkurkýrin seld. Það er alltaf verið að setja ný gjöld á pakkið til þess að tryggja að allir haldi áfram að streða og puða meira í dag en í gær. Ráðsmennirnir á býlinu orðnir svo drýldnir að það hefur skroppið út úr toppstykkinu á þeim að þeir eru bara ráðsmenn.

**RAUNVERULEIKAFIRRINGIN** svo fullkomin að það hvarflar aldrei að þeim að hinn vinnandi lýður kunni að reka þá í næstu kosningum – nema það verði ekki neinar næstu kosningar vegna þess að „engum öðrum sé treystandi fyrir djobbinu,“ eins og venjulega. Hver veit hvað þessu drasli dettur í hug næst. Það eina sem hægt er að gera nefskattslaust í dag er að anda og hver veit hvenær þau forréttindi heyra sögunni til; einhverjum ráðsmanninum detti í hug að setja öndurnarmæli á nefið á öllu sem enn hreyfist.

**Á MEÐAN** verið er að brjóta og týna öllu heima hjá sér er verslað í útlöndum. Þótt svo virðist sem aðallega séu það maurarnir á býlinu sem séu að spreða í föt út á vísakort í útlöndum eru aðrir sem versla með öðrum og stórvirkari verkfærum. Það eru keyptar faktóríur og búðir, hótel, bankar, hugbúnaðar- og símafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt.

**ÞETTA** með símafyrirtækin veldur mesta svefnleysinu þessa dagana. Heill þáttur í sjónvarpinu hér í Ameríku um spilltustu löndin á vesturhveli jarðar, Búlgaríu og Rúmeníu. Allir spilltir, frá kornabörnum upp í kommissara. Og það rifjast upp að krónuræktendur ofan af Íslandi hafi verslað símakontór í Búlgaríu um árið. Núna sefur maður ekki af áhyggjum yfir því að þessir grunlausu sveitamenn tapi barasta öllu sínu í spillingarbælinu, eða smitist af spillingunni – sem Guð gefi að verði ekki. Hefði ekki verið klókara að kaupa bara bjórverksmiðju – annars staðar? ■





